

## I. EES-STOFNANIR

### 1. EES-ráðið

### 2. Sameiginlega EES-nefndin

94/EES/25/01

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/94 frá 19. maí 1994 um breytingar á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins .....01

Ákvörðun ráðsins frá 17. apríl 1989 um framkvæmd meginhluta lykiláætlunar um nýjungar og miðlun tækni (1989 - 1993) (Sprintáætlunin) (89/286/EBE) .....06

Ákvörðun ráðsins frá 20. desember 1993 um breytingu á ákvörðun ráðsins 89/286/EBE um framkvæmd meginhluta lykiláætlunar um nýjungar og miðlun tækni (1989 - 1993) (Sprintáætlunin) (94/5/EB) .....13

Ákvörðun ráðsins frá 12. desember 1991 varðandi áætlun um innri markað fyrir upplýsingaþjónustu (91/691/EBE) .....19

Ákvörðun ráðsins frá 31. mars 1992 um öryggi upplýsingakerfa (92/242/EBE) .....27

Ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, á fundi í ráðinu 1. febrúar 1993, um stefnu- og framkvæmdaáætlun bandalagsins í tengslum við umhverfi og sjálfbæra þróun (93/C 138/01) .....35

Ályktun ráðsins frá 13. júlí 1992 um mikilvægustu framtíðarverkefni við mótun stefnu um neytendavernd (92/C 186/01) .....39

Stefna í neytendamálum: Önnur þriggja ára aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar 1993 - 1995 - um að einn óskiptur markaður þjóni evrópskum neytendum (COM(93) 378, lokagerð) .....43

Ákvörðun ráðsins frá 14. júní 1993 um áætlun til margra ára varðandi ráðstafanir bandalagsins til að skerpa forgangssvið og tryggja samfellu og festu í fyrirtækjastefnu bandalagsins, einkum varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki (93/379/EBE) .....	57
Ályktun ráðsins frá 26. september 1989 um þróun í starfsemi undirverktaka í bandalaginu (89/C 254/01) .....	64
Tilmæli ráðsins frá 28. maí 1990 um framkvæmd stefnu til einföldunar í stjórnun til hagsbóta fyrir LMF í aðildarríkjunum (90/246/EBE) .....	65
Ályktun ráðsins frá 22. nóvember 1993 um að styrkja samkeppnishæfni fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja og handverksfyrirtækja, og um aukna atvinnu (93/C 326/01) .....	67
Ákvörðun ráðsins frá 13. júlí 1992 um aðgerðaáætlun bandalagsins um ferðaþjónustu (92/421/EBE) .....	71
Ákvörðun ráðsins frá 21. desember 1990 varðandi framkvæmd aðgerðaáætlunar til að efla þróun evrópska hljóð- og myndmiðlunariðnaðarins (Media) (1991 til 1995) (90/685/EBE) .....	79
Ákvörðun ráðsins frá 5. október 1987 varðandi áætlun bandalagsins um samskiptanet fyrir tölvuvædd gagnaskiptakerfi í viðskiptum (TEDIS) (87/499/EBE) .....	88
Ákvörðun ráðsins frá 5. apríl 1989 um breytingu á ákvörðun 87/499/EBE varðandi áætlun bandalagsins um samskiptanet fyrir tölvuvædd gagnaskiptakerfi í viðskiptum (TEDIS) (89/241/EBE) .....	91
Ákvörðun ráðsins frá 22. júlí 1991 um annað þrep TEDIS-áætlunarinnar (91/385/EBE) .....	92

### 3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

### 4. Ráðgjafarnefnd EES

## II. EFTA-STOFNANIR

### 1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

### 2. Eftirlitsstofnun EFTA

### 3. EFTA-dómstóllinn

## III. EB-STOFNANIR

### 1. Ráðið

### 2. Framkvæmdastjórnin

### 3. Dómstóllinn

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

### ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

94/EES/25/01

nr. 8/94  
frá 19. maí 1994

### um breytingar á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

#### SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Breyta þarf bókun 31 við samninginn til að heimila frá 1. janúar 1994 þátttöku EFTA-ríkjanna á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins.

#### ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

Bókun 31 við samninginn skal breytt í samræmi við 2. - 11. gr.

##### 2. gr.

Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

Upplýsingaþjónusta og öryggi upplýsingakerfa

1. EFTA-ríkin skulu frá 1. janúar 1994 taka þátt í áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í 5. mgr.
2. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í 5. mgr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.
3. EFTA-ríkin skulu, frá upphafi samstarfs um áætlanagerðir sem um getur í 5. mgr., taka fullan þátt í nefndum EB sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða mótnun þessara áætlana og aðgerða.
4. Endurmat og veruleg stefnubreyting í starfsemi sem tengist

áætlunum á sviði upplýsingaþjónustu skal fara fram með þeim hætti sem um getur í 3. mgr. 79. gr. samningsins.

5. Þessi grein varðar eftirfarandi bandalagsgerðir og gerðir sem leiðir af þeim:

- **389 D 0286:** Ákvörðun ráðsins 89/286/EBE frá 17. apríl 1989 um framkvæmd meginhluta lykiláætlunarinnar um nýjungar og miðlun tækni (1989 - 1993) (Sprintáætlunin) (Stjttíð. EB nr. L 112, 25. 4. 1989, bls. 12), eins og henni var breytt með:

- **394 D 0005:** Ákvörðun ráðsins 94/5/EB frá 20. desember 1993 (Stjttíð. EB nr. L 6, 8. 1. 1994, bls. 25);

- **391 D 0691:** Ákvörðun ráðsins 91/691/EBE frá 12. desember 1991 varðandi áætlun um innri markað fyrir upplýsingaþjónustu (Stjttíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 41);

- **392 D 0242:** Ákvörðun ráðsins 92/242/EBE frá 31. mars 1992 um öryggi upplýsingakerfa (Stjttíð. EB nr. L 123, 8. 5. 1992, bls. 19).”.

##### 3. gr.

Eftirfarandi komi í stað fyrsta undirliðar 1. mgr. 3. gr.:

„- stefnu- og framkvæmdaáætlanagerðir um umhverfismál og einkum innan ramma starfsemi bandalagsins sem leitt gæti af eftirtöldum gerðum bandalagsins:

**393 Y 0517:** Ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, á fundi í ráðinu 1. febrúar 1993, um stefnu- og framkvæmdaáætlun bandalagsins í tengslum við umhverfi og sjálfbæra þróun (Stjttíð. EB nr. C 138, 17. 5. 1993, bls. 1).”.

**4. gr.**

Eftirfarandi komi í stað fyrsta málsliðar 5. mgr. 4. gr.:

„EFTA-ríkin skulu, frá 1. janúar 1994, taka þátt í ýmiss konar starfsemi bandalagsins, þar á meðal EURYDICE og ARION, sem felur í sér upplýsingaskipti og, eftir því sem við á, samráð og fundi sérfræðinga, námskeið og ráðstefnur.”.

**5. gr.**

Eftirfarandi bætist við neðanmálgreinina við 3. mgr. 5. gr.:

„Að því er ákvörðun ráðsins 91/49/EBE varðar, hefur orðið að samkomulagi að EFTA-ríkin skuli, frá 1. janúar 1994, greiða hluta af stjórnsýslukostnaði vegna framhaldsaðgerða bandalagsins undir fjárlagaliðnum B3 - 4104, „aðgerðir varðandi aldraða”.”.

**6. gr.**

a) Í stað fyrsta undirliðar 2. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„- **392 Y 0723**: Ályktun ráðsins frá 13. júlí 1992 um mikilvægustu framtíðarverkefni við mótun stefnu um neytendavernd (Stjtið. EB nr. C 186, 23. 7. 1992, bls. 1).”.

b) Í stað annars undirliðar 2. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„- **593 DC 0378**: Önnur þriggja ára aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar 1993—95;”.

**7. gr.**

Eftirfarandi komi í stað 2. og 3. mgr. 7. gr.:

„2. EFTA-ríkin skulu, frá 1. janúar 1994, taka þátt í áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í 5. mgr.

3. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í 5. mgr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.

4. EFTA-ríkin skulu, frá upphafi samstarfs um áætlanir og aðgerðir, sem um getur í 5. mgr. taka fullan þátt í öllum nefndum EB sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða mótun þessara áætlana og aðgerða.

5. Samningsaðilar skulu einkum leitast við að auka samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins sem leitt gæti af eftirtöldum gerðum bandalagsins:

- **393 D 0379**: Ákvörðun ráðsins 93/379/EBE frá 14. júní 1993 um áætlun til margra ára varðandi ráðstafanir bandalagsins til að skerpa forgangs-

svið og tryggja samfellu og festu í fyrirtækja-stefnu bandalagsins, einkum varðandi lítill og meðalstór fyrirtæki (Stjtið. EB nr. L 161, 2. 7. 1993, bls. 68);

- **389 Y 1007(01)**: Ályktun ráðsins frá 26. september 1989 um þróun í starfsemi undirverktaka í bandalaginu (Stjtið. EB nr. C 254, 7. 10. 1989, bls. 1);

- **390 X 0246**: Tilmælum ráðsins frá 28. maí 1990 um framkvæmd stefnu til einföldunar í stjórnun til hagsbóta fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki í aðildarríkjunum (Stjtið. EB nr. L 141, 2. 6. 1990, bls. 55);

- **393 Y 1203(01)**: Ályktun ráðsins frá 22. nóvember 1993 um að styrkja samkeppnishæfni fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja og handverksfyrirtækja, og um aukna atvinnu (Stjtið. EB nr. C 326, 3. 12. 1993, bls. 1).”.

**8. gr.**

Eftirfarandi komi í stað 8. gr.:

„8. gr.

Ferðamál

1. EFTA-ríkin skulu, frá 1. janúar 1994, taka þátt í áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í 4. mgr.
2. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í 4. mgr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.
3. EFTA-ríkin skulu, frá upphafi samstarfs um áætlanir og aðgerðir sem um getur í 4. mgr., taka fullan þátt í öllum nefndum EB sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða mótun þessara áætlana og aðgerða.
4. Samningsaðilar skulu einkum leitast við að auka samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins sem leitt gæti af eftirtalinni gerð bandalagsins:
  - **392 D 0421**: Ákvörðun ráðsins 92/421/EBE frá 13. júlí 1992 um aðgerðaáætlun bandalagsins til að styðja ferðaþjónustu (Stjtið. EB nr. L 231, 13. 8. 1992, bls. 26).”.

**9. gr.**

Eftirfarandi komi í stað 9. gr.:

## „9. gr.

## Hljóð- og myndmiðlun

1. EFTA-ríkin skulu, frá 1. janúar 1994, taka þátt í áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í 4. mgr.
2. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í 4. mgr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.
3. EFTA-ríkin skulu, frá upphafi samstarfs um áætlanir og aðgerðir sem um getur í 4. mgr., taka fullan þátt í nefndum EB sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða mótnun þessara áætlana og aðgerða.
4. Samningsaðilar skulu einkum leitast við að auka samvinnu innan ramma starfsemi bandalagsins sem leitt gæti af eftirtalinni gerð bandalagsins:

- **390 D 0685:** Ákvörðun ráðsins 90/685/EBE frá 21. desember 1990 varðandi framkvæmd aðgerðaáætlunar til að efla þróun evrópska hljóð- og myndmiðlunar-iðnaðarins (Media) (1991 til 1995) (Stjtið. EB nr. L 380, 31. 12. 1990, bls. 37)."

**10. gr.**

Eftirfarandi grein bætist við:

## „11. gr.

## Auðveldun viðskipta

1. EFTA-ríkin skulu, frá 1. janúar 1994, taka þátt í áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í 4. mgr. í samræmi við 3. mgr. 21. gr. samningsins.
2. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í 4. mgr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.
3. EFTA-ríkin skulu, frá upphafi samstarfs um áætlanir og aðgerðir sem um getur í 4. mgr., taka fullan þátt í nefndum

EB sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun eða mótnun þessara áætlana og aðgerða.

4. Þessi grein varðar eftirfarandi bandalagsgerðir og gerðir sem leiðir af þeim:

- **387 D 0499:** Ákvörðun ráðsins 87/499/EBE frá 5. október 1987 varðandi áætlun bandalagsins um samskiptanet fyrir tölvuvædd gagnaskiptakerfi í viðskiptum (TEDIS) (Stjtið. EB nr. L 285, 8. 10. 1987, bls. 35);
- **389 D 0241:** Ákvörðun ráðsins 89/241/EBE frá 5. apríl 1989 um breytingu á ákvörðun 87/499/EBE varðandi áætlun bandalagsins um samskiptanet fyrir tölvuvædd gagnaskiptakerfi í viðskiptum (TEDIS) (Stjtið. EB nr. L 97, 11. 4. 1989, bls. 46);
- **391 D 0385:** Ákvörðun ráðsins 91/385/EBE frá 22. júlí 1991 um annað þrep TEDIS- áætlunarinnar (Stjtið. EB nr. L 208, 30. 7. 1991, bls. 66)."

**11. gr.**

Eftirfarandi grein bætist við:

## „12. gr.

## Flutningar

1. EFTA-ríkin skulu, frá 1. janúar 1994, taka þátt í áætlunum bandalagsins sem tengjast fjárlagaliðnum B6-8351, „Flutningar”, á fjárlögum Evrópubandalagsins fyrir árið 1994.
2. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana sem um getur í 1. mgr. í samræmi við a- lið 1. mgr. 82. gr. samningsins."

**12. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. nóvember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**13. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 19. maí 1994

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Steffen Smidt*  
Formaður

ÍSLENSK ÚTGAFA

**Eftirfarandi 16 EB-gerðir, sem allar hafa áður birst í Stjtið. EB, voru nefndar í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/94 frá 8. júní 1994 til breytingar á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá þetta hefti EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.**

## ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 17. apríl 1989

### um framkvæmd meginhluta lykiláætlunar um nýjungar og miðlun tækni (1989 - 1993) (Sprintáætlunin)

(89/286/EBE)

#### RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 2. gr. sáttmálans hefur bandalagið meðal annars því hlutverki að gegna að stuðla að samræmdri þróun efnahagsaðgerða og samfelldri og jafnvægri þenslu í bandalaginu í heild. Samkvæmt 130 gr. a í sáttmálanum ber bandalaginu að þróa og framkvæma aðgerðir sem efla efnahagslega og félagslega samheldni innan þess til að stuðla að samræmdri þróun á öllu bandalagssvæðinu.

Markmið bandalagsins er að efla vísinda- og tæknigrundvöll evrópsks iðnaðar og hvetja til aukinnar samkeppnishæfni hans á alþjóðavettvangi. Til að ná því markmiði er einkum þörf á ákveðnum aðgerðum til að stuðla að nýjungum og miðlun tækni.

Framkvæmd lykiláætlunar um nýjungar og miðlun tækni (Sprintáætlunin) - 1983 til 1988 <sup>(4)</sup> - hefur sýnt að þörf er á viðbótarráðstöfunum að því er varðar stefnumörkun bandalagsins á sviði nýjunga og tæknimiðlunar, einkum með það fyrir augum að unnt verði að koma hinum sameiginlega markaði á fyrir árslok 1992.

Nauðsynlegt er að bandalagið samþykki viðeigandi ráðstafanir sem auka möguleika fyrirtækja á því að taka upp nýjungar og stuðla að því að nýrri tækni verði beitt jafnskjótt og hún kemur fram.

Nýleg tækni hefur í mörgum tilvikum ekki náð fullri útbreiðslu í tilteknum hefðbundnum atvinnugreinum eða á tilteknum svæðum þar sem þróun er hæð eða samdráttur í iðnaði. Sé nýrri tækni beitt skjótt getur það gert þessum atvinnugreinum og svæðum kleift að vinna upp nokkuð af því sem á vantar og bæta með því samkeppnisstöðu sína.

Aðildarríkin hafa komið á fót sérfræðipjónustu til stuðnings nýjungum, tæknimiðlun og ráðgjöf varðandi stjórnun nýjunga, fjármögnun og samvinnu á sviði iðnaðar. Þetta stjórnskipulag hefur veruleg margföldunaráhrif í þá veru að stuðla að nýjungum og tækniþróun í fyrirtækjum, einkum litlum fyrirtækjum, en samtök um samskipti, samvinnu, þjálfun og miðlunarleiðir milli landa styðja enn frekar þessar innanlandsaðgerðir.

Til viðbótar aðgerðum aðildarríkjanna hefur bandalagið stutt aðgerðir sem stuðla að nýjungum og tæknimiðlun og eru þær aðgerðir veigamikill liður í framkvæmd stefnu bandalagsins á öðrum sviðum.

Þessar aðgerðir ættu að vera eins umfangsmiklar og unnt er til að auka skilvirkni þeirra og bæta samhengi.

Í þessum fyrsta hluta áætlunarinnar er nauðsynlegt að koma til móts við þarfir fyrirtækja og samtaka þeirra og að styrkja hlutverk fjármálafyrirtækja, sérhæfðra ráðgjafarfyrirtækja og annarra sérfræðinga sem málið varðar.

Vegna mikilvægis tæknimiðlunar og nýjunga fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki er rétt að samræma aðgerðir á þessu sviði stefnu framkvæmdastjórnarinnar um stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki, innan ramma aðgerðaáætlunar hennar.

Nauðsynlegt er að hafa aðgang að stjórnartækjum sem auka skilning á nýjunga- og tæknimiðlunarferlinu til að geta metið hvar erfiðleikarnir liggja svo og áhrif stjórnartækja og stefnu.

Gagnkvæmt upplýsingastreymi, skipti á reynslu og samráð milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar stefnumörkun á sviði nýjunga stuðlar verulega að því að auka skilvirkni stefnumörkunarinnar og samheldni bandalagsins í heild.

Auka þarf aðgang að tækni, fjármagni og mörkuðum í þeim tilgangi að hvetja til nýjunga.

Þörf er á aðgerðum af hálfu bandalagsins á þessum sviðum. Í sáttmálanum er ekki kveðið á um aðrar heimildir varðandi þessar aðgerðir en þær sem um getur í 235. gr.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB nr. C 268, 15. 10. 1988, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB nr. C 69, 20. 3. 1989.

<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB nr. C 23, 30. 1. 1989, bls. 6.

<sup>(4)</sup> Stjtuð. EB nr. L 353, 15. 12. 1983, bls. 12 og

OL nr. L 153, 13. 6. 1987, bls. 45.



**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:****1. gr.**

Meginhluti lykiláætlunar til eflingar nýjungum og miðlun tækni, hér á eftir nefnd „Sprintáætlunin“, er hér með samþykkt til fimm ára frá 1. janúar 1989 að telja.

**2. gr.**

Markmið áætlunarinnar eru sem hér segir:

1. að auka möguleika evrópskra vöruframleiðenda og þjónustuaðila á að taka upp nýjungar með það fyrir augum að einum markaði verði komið á 1993;
2. að stuðla að skjótu gegnflæði nýrrar tækni og útbreiðslu nýjunga í efnahagskerfi bandalagsins og efla með því efnahags- og félagslega sambædni á sviði nýjunga og tæknimiðlunar;
3. að auka skilvirkni og samræmi þeirra stjórnækja og stefnumörkunar sem fyrir er á sviði nýjunga og tæknimiðlunar, hvort heldur er á einstökum svæðum, í einstökum löndum eða í bandalaginu í heild.

**3. gr.**

Til að ná þeim markmiðum sem koma fram í 2. gr. skal grípa til eftirfarandi aðgerða, með fullu tilliti til þeirra ráðstafana sem þegar eru hafnar og í samræmi við ákvæði 5. gr.:

- að efla stjórnskipulag þjónustu varðandi nýjungar innan bandalagsins með sameiningu þeirra millilandaneta sem fyrir eru og uppsetningu nýrra, um leið og þess er krafist að þau geti staðið undir sér fjárhagslega til langs tíma, með sérstakri áherslu á þau svæði innan bandalagsins þar sem heppilegt rammaskipulag hefur ekki verið sett eða er ófullnægjandi, og að byggja á þeim kerfum sem fyrir eru á þeim svæðum,
- að styðja við sérstök verkefni sem eru þýðingarmikil fyrir bandalagið að því er varðar miðlun nýjunga innan bandalagsins,
- að bæta skilyrði fyrir nýjungar með því að auka vitneskju um ferli nýjunga og auka samráð milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar.

Þessum aðgerðum er lýst í einstökum atriðum í I. viðauka.

**4. gr.**

Það fé sem talið er nauðsynlegt til að framkvæma áætlunina er 90 milljón ECU.

Í II. viðauka er gefinn upp viðmiðunarkostnaður fyrir einstaka liði þeirra aðgerða sem fjallað er um í 3. gr.

**5. gr.**

1. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á framkvæmd Sprintáætlunarinnar.
2. Framkvæmdastjórnin nýtur aðstoðar nefndar um nýjungar og tæknimiðlun, hér á eftir kölluð „nefndin“, sem er skipuð fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir sem öðlast gildi þegar í stað. Séu ráðstafanir þessar hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin án tafar leggja þær fyrir ráðið. Framkvæmdastjórnin skal þá fresta því að ráðstafanirnar komi til framkvæmda um tvo mánuði í mesta lagi frá þeim degi er þær voru lagðar fyrir ráðið.

Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í þriðju undirgrein.

3. Við framkvæmd áætlunarinnar skal beita málsmeðferðinni sem um getur í 2. mgr., einkum þegar um er að ræða eftirfarandi:

- forgang áætlunarinnar,
- innihald, tímaáætlum og áætlaða fjárveitingu á fjárlögum vegna auglýsinga eftir tillögum,
- mat á fyrirhuguðum verkefnum, að meðtöldum þeim sem ekki hefur verið auglýst eftir tillögum að,
- undanþágur frá almennu reglunum (50% sameiginleg fjármögnun og 2. mgr. 6. gr.),
- mat á öllum fyrirhuguðum sérverkefnum varðandi miðlun nýjunga þar sem einstakt framlag frá bandalaginu fer yfir 300 000 ECU,
- mat á áætluninni vegna skýrslunnar sem kveðið er á um í 8. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal tryggja góða samræmingu milli Sprintáætlunarinnar og tengdra verkefna eða viðbótarverkefna bandalagsins, hvort sem þau eru hafin eða í undirbúningi, til að komast hjá skörun, einkum við Value-áætlunina.

5. Við framkvæmd áætlunarinnar skal taka sérstakt tillit til sérþarfa og aðstæðna á svæðum þar sem þróun er hæð eða samdráttur í iðnaði.

**6. gr.**

1. Fjárframlag bandalagsins skal ráðast af aðstæðum hverju sinni. Það getur verið í formi beinna eða óbeinna styrkja, fjárveitinga fyrirfram eða á einhvern annan hátt eftir því sem við á.
2. Framkvæmdastjórnin skal að jafnaði framkvæma Sprintáætlunina með auglýsingum eftir tillögum, sem eru birtar eftir því sem við á í Stjórnartíðindum Evrópu-bandalagsins.
3. Við framkvæmd áætlunarinnar hefur framkvæmdastjórnin einnig not af stjórnartækjum og stofnunum sem hún kemur á fót innan ramma stefnumörkunar bandalagsins á öðrum sviðum, einkum stefnumörkunar varðandi einstök svæði, með það fyrir augum að auka skilvirkni áætlunarinnar og heildarsamhengi.
4. Samningsaðilar framkvæmdastjórnarinnar skulu að jafnaði, nema þegar um er að ræða kannanir og þjónustu í þágu framkvæmdastjórnarinnar, standa straum af kostnaði að meginhluta til og bera að minnsta kosti 50% af heildarkostnaði. Í undantekningartilvikum, og í samræmi við málsmeðferðina í 5. gr., skal þó ekki útiloka að framlag bandalagsins sé meira, einkum þegar svæði þar sem þróun er hæð eða samdráttur í iðnaði eiga í sérstökum erfiðleikum við að taka þátt í samstarfi milli landa.

Þegar um er að ræða lögbundin verkefni, önnur en kannanir og þjónustu, skulu að minnsta kosti tveir þátttakendur frá mismunandi aðildarríkjum taka þátt í þeim.

**7. gr.**

- Í samræmi við málsmeðferð sem nefndin ákveður skulu

aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skiptast reglulega á öllum upplýsingum sem að gagna geta komið við að ná þeim markmiðum áætlunarinnar sem fjallað er um í þessari ákvörðun.

**8. gr.**

Að 30 mánuðum liðnum frá því að framkvæmd áætlunarinnar hófst skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina í 5. gr., leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um mat á þeim árangri sem hefur náðst. Þeirri skýrslu geta fylgt tillögur um breytingu á áætluninni ef ástæða þykir til miðað við árangur.

Við lok áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina í 5. gr., leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina um framkvæmd áætlunarinnar og árangur.

**9. gr.**

Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við nefndina og á þann hátt sem best hentar, dreifa upplýsingum innan bandalagsins um aðgerðir sem gripið hefur verið til samkvæmt þessari ákvörðun og árangurinn af þeim.

**10. gr.**

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 17. apríl 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

**C. ROMERO HERRERA**

forseti.

# I. VIÐAUKI

## HELSTU AÐGERÐASVIÐ

(Sprintáætlunin 1989 til 1993)

**A. Efling evrópsks þjónustuskipulags á sviði nýjunga með uppsetningu neta innan bandalagsins sem krafist er að geti staðið undir sér fjárhagslega til langs tíma.**

Þetta felur einkum í sér:

1. Eflingu sameiginlegra neta innan bandalagsins fyrir nýjungar:
  - a) sameiningu og þróun þeirra neta sem fyrir eru, einkum að því er varðar:
    - ráðgjöf á sviði stjórnunar tækni og nýjunga,
    - sameiginlegar rannsóknarstöðvar fyrir hvert svið,
    - fjármögnunarstofnanir fyrir nýjungar;
  - b) myndun nýrra neta, einkum milli:
    - samnings- rannsóknarstofnana,
    - tæknilegra ráðgjafa,
    - sérfræðinga í gæðastjórnun og virðisgreiningu o.s.frv.;
  - c) eflingu samvinnu í bandalaginu milli:
    - skilflata rannsókna/iðnaðar og háskóla/iðnaðar,
    - tækni- og vísindastöðva;
  - d) kynningu á tengibúnaði milli hinna ýmsu neta með það fyrir augum að stuðla að nýjungum og miðlun tækni.
2. Stuðningsaðgerðir við netþjónustu:
  - a) aðgerðir sem tengjast upplýsingum, skilningi, kynningu og miðlun þekkingar um stjórnun nýjunga og viðlíka ráðstafanir:
    - skipti á reynslu milli aðildarríkja og yfir landamæri, milli svæða hinna ýmsu aðildarríkja, einkum með stuðningi við rannsóknir, námsstefnur fyrir sérfræðinga og myndun neta milli sérfræðinga í viðkomandi stjórnunargreinum (gæðastjórnun, virðisgreiningu, markaðssetning, o.s.frv.),
    - útbreiðsla þessarar stjórnunartækni með viðeigandi kynningarstarfsemi (ráðstefnur, sýningar, evrópsk verðlaun, „frásagnir af velgengni“ o.s.frv.),
    - aðgerðir sem tengjast upplýsingum, skilningi og miðlun þekkingar, sem eru sniðnar fyrir eða miða að millilandasamstarfi og beinast að þeim aðilum sem starfa að útbreiðslu og miðlun tækni og að stjórnun nýjunga - þessar aðgerðir ber að þróa í nánnum tengslum við Comett-áætlunina;

- b) sérstök stjórnþæki til að auka virkni neta, einkum:
- að koma á sambandi milli væntanlegra notenda neta (til dæmis með heimsóknnum, kynningarnámsstefnum, með því að skiptast á sérfræðipækkingu o.s.frv.),
  - að skiptast á tæknilegri aðstöðu, einkum með ráðstöfunum sem beinast að því að:
    - auka áhrif milli landa af tæknisýningum og kaupstefnum (samvinna milli skipuleggjenda á mismunandi svæðum, heimsóknir framleiðenda frá öðrum svæðum o.s.frv.),
    - þróa aðferðir til að miðla þessum tæknimöguleikum og viðeigandi notkun þeirra (vörulistar, sýningar, námsstyrkir, gagnabankar, ráðstefnur og námsstefnur, ráðstefnur á myndböndum o.s.frv.),
    - finna „bestu aðferð“ við tæknimiðlun,
    - gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja að þau svæði bandalagsins þar sem þjónustuskipulag í nýjungum er miður þróað geti notfært sér í ríkari mæli hin ýmsu net innan bandalagsins,
- c) koma á framfæri nýjungum sem koma fram á netum með því að auka samskipti milli fjármögnunarsjóða, sérfræðinga í tæknimálum og þeirra sem koma fram með nýjungar á netinu (til dæmis með gagnabanka yfir verkefni eða vettvangi fyrir fjárfestingar og verðbréfasölu innan bandalagsins).

**B. Stuðningur við sérstök verkefni fyrir miðlun nýjunga innan bandalagsins, einkum:**

- stuðningur við sérstök verkefni milli landa þar sem lögð er áhersla á samvinnu í iðnaði, einkum að því er varðar beitingu alhliða tækni í atvinnugreinum á svæðum innan bandalagsins þar sem þróun er hæg eða samdráttur í iðnaði,
- hliðarráðstafanir til aukins skilnings á þessari tækni og þjálfun fyrirtækja í að tileinka sér hana með áherslu á samskipti milli landa (t.d. heimsóknir í fyrirtæki, sýningar, kynningarnámsstefnur, útgáfa bæklinga eða myndbandaefnis o.s.frv.),
- tæknilegur stuðningur við fyrirtæki, aðallega lítil og meðalstór fyrirtæki sem hafa getu til að nota þessa tækni, einkum með því að koma upp sérhæfðum tæknimiðlunarnetum og miðstöðvum fyrir háþróaða tækni,
- stuðningur við skilvirka framkvæmd áætlana, einkum með því að nýta til fulls það fjármagn sem fæst frá opinberum aðilum og einkaaðilum.

Hægt er að beita tveimur samhliða aðferðum:

- önnur miðar að því að kortleggja tækni sem þegar er fyrir hendi ásamt því kostnaðar- og nytjahlutfalli sem við á með viðtæka notkun í huga hjá fyrirtækjum á svæðum þar sem þróun er hæg eða samdráttur í iðnaði og er því sniðin að því að ýta undir notkun þessarar tækni í þeim atvinnugreinum er um ræðir,
- hin grundvallast á því að finna sameiginlega þörf hjá hópi fyrirtækja í tiltekinni atvinnugrein eða á tilteknu svæði þar sem fyrirtækin eru fús til að fjármagna lausn vandans. Þetta ýtir undir að tækni sem er til fyrir sé kortlögð, eða hugsanlega aðlöguð, til að ráða bóta á þeim vanda sem við er að etja.

Fyrirhuguð verkefni eiga að virka sem hvatar í þróun atvinnugreinarinnar og notkun tækninnar sem um er að ræða. Þau verða einnig að uppfylla, að hluta til eða að öllu leyti, eftirfarandi skilyrði:

- að vera dæmi um notkun „kerfisbundinnar“, altækrar aðferðar við að koma á tæknibreytingum, ekki aðeins í beinum tæknilegum skilningi heldur einnig að því er varðar svið eins og skipulagningu fyrirtækja, þjálfun og virkjun starfsfólks og notkun stjórnunaraðferða á borð við virðisgreiningu eða iðnaðarhönnun og markaðsrannsóknir,

- að veita möguleika á ákjósanlegri samsetningu af færni með ýmiss konar samvinnu milli margra aðildarríkja eða milli svæða mismunandi aðildarríkja innan bandalagsins og, eftir því sem unnt er, milli samstarfsaðila sem hafa á að skipa mismunandi sérfræðilegri færni,
- að velja atvinnugreinar eða tækni sem er líkleg til að hafa áþreifanleg efnahagsleg áhrif,
- að gera öflugt átak til að draga úr svæðisbundnum mun hvað varðar framboð og aðgang að tækni.
- að byggjast, eftir því sem unnt er, á því stjórnskipulagi sem fyrir er og auka notagildi þess,
- að hafa innbyggð eftirlits- og matsákvæði sem auðvelt er að endurskoða og beinast einkum að settum markmiðum um magn,
- að tryggja að hliðsjón sé höfð af fenginni reynslu, helst beint í gegnum þau fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu til að margföldunaráhrifin verði sem mest.

**C. Bætt skilyrði fyrir nýjungar með auknum skilningi á því ferli sem á sér stað og auknu samráði milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar**

1. eftirlit með nýjungum í Evrópu (evrópskt eftirlitskerfi með nýjungum) og mat á stuðningsráðstöfunum;
2. aukið samráð og reynsluskipti milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar stefnumörkun í miðlun nýjunga og tækni, einkum með það fyrir augum að skapa hagstæð stjórnunar-, lagaefnahags- og fjármálaleg skilyrði fyrir nýjungar og miðlun tækni.

## II. VIÐAUKI

### VIÐMIÐUNARSUNDURLIÐUN Á FJÁRVEITINGUM

(Sprintáætlunin 1989 til 1993) milljón ECU

A. Evrópskt þjónustuskipulag á sviði nýjunga	Milljónir ECU
1. <i>Efling netþjónustu</i>	35
a) ráðgjafarnet fyrir nýjungar og miðlun tækni	
b) net sameiginlegra rannsóknarstöðva atvinnugreina	
c) ný net (samnings-rannsóknarstofnanir/rannsóknir eða háskóla-íðnaðar skilfletir/verkfræðivinna ráðgjafar/tæknistöðvar/fjármögnunaraðilar o.s.frv.)	
d) samtenging neta til að miðla nýjungum og tækni	
2. <i>Samhliða ráðstafanir:</i>	15
a) þjálfun milli landa í stjórnun nýjunga, sérfræðinganeta (hönnun, gæðastjórnun, virðisgreining, markaðssetning nýrra vara o.s.frv.) og tengdar kynningaráðgerðir (ráðstefnur, evrópsk verðlaun, útgáfustarfsemi, sýningar)	
b) stjórn tæki til stuðnings netþjónustu (tæknikaupstefnur, leiðir til að skiptast á aðstöðu o.s.frv.)	
c) kynning á nýjungum sem koma fram á netum (vettvangur fyrir fjárfestingar og verðbréfasölu)	
<b>B. Sérstök verkefni fyrir miðlun nýjunga innan bandalagsins</b>	<b>30</b>
<b>C. Eftirlit með nýjungum og samráð milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar</b>	<b>10</b>
1. <i>Evrópskt eftirlitskerfi með nýjungum</i>	
2. <i>Samráð og reynsluskipti</i>	

SAMTALS 90

## ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 20. desember 1993

um breytingu á ákvörðun ráðsins 89/286/EBE um framkvæmd meginhluta lykiláætlunar um nýjungar og miðlun tækni (1989 - 1993) (Sprintáætlunin)

(94/5/EB)

### RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 130. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Hagstæð skilyrði fyrir upplýsingar og miðlun tækni á öllum svæðum og í öllum greinum atvinnulífsins eru ein af forsendunum fyrir því að hægt sé að auka samkeppnishæfni iðnaðar og styrkja vísinda- og tæknigrundvöll í bandalaginu.

Þann 17. apríl 1989 samþykkti ráðið ákvörðun 89/286/EBE um framkvæmd meginhluta lykiláætlunar um nýjungar og miðlun tækni (1989 - 1993) (Sprintáætlunin) <sup>(4)</sup>.

Dórnafnd óháðra sérfræðinga hefur framkvæmt mat, samkvæmt 8. gr. þeirrar ákvörðunar, á þeim árangri sem hefur náðst að liðnum 30 mánuðum frá framkvæmd áætlunarinnar. Framkvæmdastjórnin hefur lagt matsskýrslu, ásamt athugasemdum, fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina.

Í skýrslunni er lýst samþykki við markmið og megineinkenni áætlunarinnar, lagt til að aukið verði við hana og sett fram tilmæli um í hvaða stefnu skuli beina tilteknum ráðstöfunum.

Halda þarf áfram aðgerðum sem hafa verið hafnar innan ramma Sprintáætlunarinnar, en áhrif þeirra koma einungis fram á löngum eða tiltölulega löngum tíma, og styrkja þær með það fyrir augum að styðja við aðgerðir sem koma af stað nýjum hagvexti, tryggja

samhengi við önnur stjórn tækni bandalagsins til að stuðla að útbreiðslu nýjunga og tækni og ryðja brautina fyrir samruna Sprintáætlunarinnar við fjórðu rammaáætlunina um rannsóknir og tæknipróun.

Þessar aðgerðir eru framkvæmdar með aðstoð innlendra og svæðisbundinna stofnana og er stjórnun dreift eftir því sem unnt er. Tilgangurinn með þeim er aðallega sá að byggja upp millilandanet milli atvinnugreina eða svæða, gera grein fyrir „bestu aðferð“ og stuðla að útbreiðslu hennar yfir landamæri, samræma aðgerðir á vettvangi bandalagsins til að draga úr kostnaði og áhættu við tilraunir á nýjum kerfum. Þær eru því viðbót og stuðningur við aðgerðir sem unnið er að í einstökum löndum eða á einstökum svæðum og eru því í góðu samræmi við grundvallarregluna um dreifðæði.

Því er æskilegt að framlengja áætlunina til 31. desember 1994 og breyta ákvörðun 89/286/EBE til samræmis.

### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

#### 1. gr.

Ákvörðun ráðsins 89/286/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrirsagnar ákvörðunarinnar komi eftirfarandi: „um framkvæmd meginhluta lykiláætlunar um nýjungar og miðlun tækni á vettvangi bandalagsins (1989 - 1994) (Sprintáætlunin)“.

2. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Meginhluti lykiláætlunar til eflingar nýjungum og miðlun tækni, hér á eftir nefnd „Sprintáætlunin“, er hér með samþykkt til sex ára frá 1. janúar 1989 að telja.“

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 200, 24. 7. 1993, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 329, 6. 12. 1993.

<sup>(3)</sup> Álit var skilað 24. nóvember 1993 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins).

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. C 112, 25. 4. 1989, bls. 40.

3. Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:

„4. gr.

Það fé sem talið er nauðsynlegt til að framkvæma áætlunina er 109 milljón ECU.

Í II. viðauka er gefinn upp viðmiðunarkostnaður fyrir einstaka liði þeirra aðgerða sem um getur í 3. gr.”

4. Í stað I. og II. viðauka komi viðaukar við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 20. desember 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

**W. CLAES**

forseti.



# I. VIÐAUKI

## HELSTU AÐGERÐASVIÐ

(Sprintáætlunin 1989 til 1994)

- A. Efling evrópsks þjónustuskipulags á sviði nýjunga með uppsetningu neta innan bandalagsins sem krafist er að geti staðið undir sér fjárhagslega til langs tíma.

Þetta felur einkum í sér:

1. Eflingu sameiginlegra neta innan bandalagsins fyrir nýjungar:
  - a) sameiningu og þróun þeirra neta sem fyrir eru, einkum að því er varðar:
    - ráðgjöf á sviði stjórnunar tækni og nýjunga,
    - sameiginlegar rannsóknarstöðvar fyrir hvert svið,
    - fjármögnunarstofnanir fyrir nýjungar;
  - b) myndun nýrra neta, einkum milli:
    - samnings-rannsóknarstofnana,
    - tæknilegra ráðgjafa,
    - sérfræðinga í gæðastjórnun og virðisgreiningu o.s.frv.;
  - c) eflingu samvinnu í bandalaginu milli:
    - skilflata rannsókna/iðnaðar og háskóla/iðnaðar,
    - tækni- og vísindastöðva;
  - d) kynningu á tengibúnaði milli hinna ýmsu neta með það fyrir augum að stuðla að nýjungum og miðlun tækni.
2. Stuðningsaðgerðir við netþjónustu:
  - a) aðgerðir sem tengjast upplýsingum, skilningi, kynningu og miðlun þekkingar um stjórnun nýjunga og viðlíka ráðstafanir:
    - skipti á reynslu milli aðildarríkja og yfir landamæri, milli svæða hinna ýmsu aðildarríkja, einkum með stuðningi við rannsóknir, námsstefnur fyrir sérfræðinga og myndun neta milli sérfræðinga í viðkomandi stjórnunargreinum (gæðastjórnun, virðisgreining, markaðssetning, o.s.frv.),
    - útbreiðsla þessarar stjórnunartækni með viðeigandi kynningarstarfsemi (ráðstefnur, sýningar, evrópsk verðlaun, „frásagnir af velgengni“ o.s.frv.),
    - aðgerðir sem tengjast upplýsingum, skilningi og miðlun þekkingar, sem eru sniðnar fyrir eða miða að millilandasamstarfi og beinast að þeim aðilum sem starfa að útbreiðslu og miðlun tækni og að stjórnun nýjunga - þessar aðgerðir ber að þróa í nánnum tengslum við Comett-áætlunina;

b) sérstök stjórnþæki til að auka virkni neta, einkum:

- að koma á sambandi milli væntanlegra notenda neta (til dæmis með heimsóknnum, kynningarnámsstefnum, með því að skiptast á sérfræðipækkingu o.s.frv.),
- að skiptast á tæknilegri aðstöðu, einkum með ráðstöfunum sem beinast að því að:
- auka áhrif milli landa af tæknisýningum og kaupstefnum (samvinna milli skipuleggjenda á mismunandi svæðum, heimsóknir framleiðenda frá öðrum svæðum o.s.frv.),
- þróa aðferðir til að miðla þessum tæknimöguleikum og viðeigandi notkun þeirra (vörulistar, sýningar, námsstyrkir, gagnabankar, ráðstefnur og námsstefnur, ráðstefnur á myndböndum o.s.frv.),
- finna „bestu aðferð“ við tæknimiðlun,
- gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja að þau svæði bandalagsins þar sem þjónustuskipulag í nýjungum er miður þróað geti notfært sér í ríkari mæli hin ýmsu net innan bandalagsins,

c) koma á framfæri nýjungum sem koma fram á netum með því að auka samskipti milli fjármögnunarsjóða, sérfræðinga í tæknimálum og þeirra sem koma fram með nýjungar á netinu (til dæmis með gagnabanka yfir verkefni eða vettvangi fyrir fjárfestingar og verðbréfasölu innan bandalagsins).

#### B. Stuðningur við sérstök verkefni fyrir miðlun nýjunga innan bandalagsins, einkum:

- stuðningur við sérstök verkefni milli landa þar sem lögð er áhersla á samvinnu í iðnaði, einkum að því er varðar beitingu alhliða tækni í atvinnugreinum innan bandalagsins á svæðum þar sem þróun er hæð eða samdráttur í iðnaði,
- hliðarráðstafanir til aukins skilnings á þessari tækni og þjálfun fyrirtækja í að tileinka sér hana, með áherslu á samskipti milli landa (t.d. heimsóknir í fyrirtæki, sýningar, kynningarnámsstefnur, útgáfa bæklinga eða myndbandaefnis o.s.frv.),
- tæknilegur stuðningur við fyrirtæki, aðallega lítil og meðalstór fyrirtæki sem hafa getu til að nota þessa tækni, einkum með því að koma upp sérhæfðum tæknimiðlunarnetum og miðstöðvum fyrir háþróaða tækni,
- stuðningur við skilvirka framkvæmd áætlana, einkum með því að nýta til fulls það fjármagn sem fæst frá opinberum aðilum og einkaaðilum.

Hægt er að beita tveimur samhliða aðferðum:

- önnur miðar að því að kortleggja tækni sem þegar er fyrir hendi ásamt því kostnaðar- og nytjahlutfalli sem við á með viðtæka notkun í huga hjá fyrirtækjum á svæðum þar sem þróun er hæð eða samdráttur í iðnaði og er því sniðin að því að ýta undir notkun þessarar tækni í þeim atvinnugreinum er um ræðir,
- hin grundvallast á því að finna sameiginlega þörf hjá hópi fyrirtækja í tiltekinni atvinnugrein eða á tilteknu svæði þar sem fyrirtækin eru fús til að fjármagna lausn vandans. Þetta ýtir undir að tækni sem er til fyrir sé kortlögð, eða hugsanlega aðlöguð, til að ráða bóta á þeim vanda sem við er að etja.

Fyrirhuguð verkefni eiga að virka sem hvatar í þróun atvinnugreinarinnar og notkun tækninnar sem um er að ræða. Þau verða einnig að uppfylla, að hluta til eða að öllu leyti, eftirfarandi skilyrði:

- að vera dæmi um notkun „kerfisbundinnar“ altækrar aðferðar við að koma á tæknibreytingum, ekki aðeins í beinum tæknilegum skilningi heldur einnig að því er varðar svið eins og skipulagningu fyrirtækja, þjálfun og virkjun starfsfólks og notkun stjórnunaraðferða á borð við virðisgreiningu eða iðnaðarhönnun og einnig markaðsrannsóknir,
- að veita möguleika á ákjósanlegri samsetningu af færni með ýmiss konar samvinnu milli margra aðildarríkja eða milli svæða mismunandi aðildarríkja innan bandalagsins og, eftir því sem unnt er, milli samstarfsaðila sem hafa á að skipa mismunandi sérfræðilegri færni,
- að velja atvinnugreinar eða tækni sem er líkleg til að hafa áþreifanleg efnahagsleg áhrif,
- að gera öflugt átak til að draga úr svæðisbundnum mun hvað varðar framboð og aðgang að tækni.
- að byggjast, eftir því sem unnt er, á því stjórnskipulagi sem fyrir er og auka notagildi þess,
- að hafa innbyggð eftirlits- og matsákvæði sem auðvelt er að endurskoða og byggjast einkum á settum markmiðum um magn,
- að tryggja að hliðsjón sé höfð af fenginni reynslu, helst beint í gegnum þau fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu til að margföldunaráhrifin verði sem mest.

**C. Bætt skilyrði fyrir nýjungar með auknum skilningi á því ferli sem á sér stað og auknu samráði milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar**

1. eftirlit með nýjungum í Evrópu (evrópskt eftirlitskerfi með nýjungum) og mat á stuðningsráðstöfunum;
2. aukið samráð og reynsluskipti milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar stefnumörkun í miðlun nýjunga og tækni, einkum með það fyrir augum að skapa hagstæð stjórnunar-, lagaefnahags- og fjármálaleg skilyrði fyrir nýjungar og miðlun tækni.

## II. VIÐAUKI

### VIÐMIÐUNARSUNDURLIÐUN Á FJÁRVEITINGUM

Sprintáætlunin 1989 til 1993

A. Stjórnskipulag evrópskrar þjónustu á sviði nýjunga	Milljónir ECU
1. Efling netþjónustu	41,5
a) ráðgjafarnet fyrir nýjungar og miðlun tækni	
b) net sameiginlegra rannsóknarstöðva atvinnugreina	
c) ný net (samnings-rannsóknarstofnanir/rannsóknir eða háskóla-iðnaðar skilfletir/verkfræðivinna ráðgjafar/tæknistöðvar/fjármögnunaraðilar o.s.frv.)	
d) samtenging neta til að miðla nýjungum og tækni	
2. Samhliða ráðstafanir:	20
a) þjálfun milli landa í stjórnun nýjunga, sérfræðinganeta (hönnun, gæðastjórnun, virðisgreining, markaðssetning nýrra vara o.s.frv.) og tengdar kynningaráðgerðir (ráðstefnur, evrópsk verðlaun, útgáfa, sýningar)	
b) stjórnþæki til stuðnings netþjónustu (tækni kaupstefnur, leiðir til að skiptast á aðstöðu o.s.frv.)	
c) kynning á nýjungum sem koma fram á netum (vettvangur fyrir fjárfestingar og verðbréfasölu)	
<b>B. Sérstök verkefni fyrir miðlun nýjunga innan bandalagsins</b>	<b>34</b>
<b>C. Eftirlit með nýjungum og samráð milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar</b>	<b>13,5</b>
1. <i>Evrópskt eftirlitskerfi með nýjungum</i>	
2. <i>Samráð og reynsluskipti</i>	

SAMTALS

109

## ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 12. desember 1991

### varðandi áætlun um innri markað fyrir upplýsingaþjónustu

(91/691/EBE)

#### RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr., með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Öflun upplýsinga hefur mikla efnahagslega þýðingu og því er nauðsynlegt að vinna að því, fram til loka ársins 1992, að koma á innri markaði fyrir upplýsingaþjónustu innan bandalagsins.

Fyrstu niðurstöður af framkvæmd aðgerðaáætlunar um stofnun markaðar fyrir upplýsingaþjónustu, sem samþykkt var með ákvörðun ráðsins 88/524/EBE <sup>(4)</sup>, sýna að áframhaldandi áætlunar er þörf.

Margs konar hindranir við þróun innri upplýsingamarkaðar í lögum, stjórnáætlun og skattkerfum og af tæknilegum ástæðum torveldu stofnun upplýsingaþjónustunnar og valda í sumum tilvikum röskun á samkeppni.

Þróun upplýsingasafna og upplýsingaþjónustu krefst þess að nýrri tækni sé beitt í samvinnu Evrópuríkjanna.

Á ýmsum sviðum upplýsingamarkaðarins er samkeppnisstaða bandalagsins sterk en þörf er á að styrkja stöðuna á öðrum sviðum, án þess að það hafi í för með sér röskun á samkeppni.

Leggja skal megináherslu á að einfalda aðferðir og samhæfa aðgang að gagnagrunnum.

Einkum ber að hafa í huga þarfir og óskir notenda upplýsingaþjónustunnar, einkum í litlum og meðalstórum

fyrirtækjum og þeim hlutum bandalagsins sem afskiptir eru.

Nauðsynlegt er að koma á virku upplýsingastreymi til lítilla og meðalstórra fyrirtækja um áætlunina og hvetja þau til að taka þátt í henni.

Einnig ber að taka sérstakt tillit til þess hversu misjöfn þróun og notkun upplýsingaþjónustu er í hinum ýmsum aðildarríkjum, með hliðsjón af náinni samvinnu innan bandalagsins og starfsemi hins innri markaðar.

Eftir því sem nauðsynlegt þykir skal vera heimilt að nota hluta af því fjármagni sem veitt er vegna æfinga- og tilraunaverkefna, einkum til að leita eftir frekari fjárstuðningi frá viðkomandi samstarfsaðilum og ná þannig fram margföldunaráhrifum á þróun markaðarins fyrir upplýsingaþjónustu í Evrópu.

Nauðsynlegt er að stefnan varðandi upplýsingamarkaðinn falli að öðrum aðgerðum bandalagsins sem í gangi eru, einkum á sviði fjarskipta, og styðji þær.

Kveða skal á um áætlun til fjögurra ára.

Áætlað er að það fjármagn sem þarf til að framkvæma áætlunina nemi 64 milljónum evrópskra mynteininga (ECU). Fyrir tímabilið 1991/1992, miðað við núverandi fjárhagsáætlanir, nemur þessi fjárhæð 21,6 milljónum evrópskra mynteininga (ECU).

Rétt er að gera ráð fyrir þeirri fjárhæð, innan núgildandi fjárhagsramma bandalagsins, sem þörf er á til að fjármagna áætlunina eftir 1992.

Í sáttmálanum eru engin ákvæði önnur en 235. gr. hans um vald til að taka þessa ákvörðun.

#### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 53, 28. 2. 1991, bls. 65.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 240, 16. 9. 1991, bls. 220.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 159, 17. 6. 1991, bls. 16.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 288, 21. 10. 1988, bls. 39.

**1. gr.**

Hér með er sett á stofn áætlun með eftirfarandi markmiðum:

- að koma á innri markaði fyrir upplýsingaþjónustu,
- að gera úttekt á núverandi stöðu upplýsingaþjónustu í bandalaginu, finna í hverju styrkur hennar liggur og hvar þörf er á úrbótum og efla og styrkja samkeppnisstöðu evrópskra fyrirtækja sem veita upplýsingaþjónustu,
- að hvetja til áframhaldandi upplýsingaþjónustu,
- að styrkja samstarf í Evrópu, til að móta sameiginlega stefnu bandalagsins um upplýsingaþjónustu, einkum með hliðsjón af litlum og meðalstórum fyrirtækjum, mismuninum milli hinna ýmsu svæða og því sem upp á vantar í þróun þessara mála á afskiptum svæðum innan bandalagsins,
- að færa sér í nyt árangur af öðrum áætlunum innan bandalagsins eða einstakra ríkja á þessu sviði til að styrkja markaðinn fyrir upplýsingaþjónustu.

**2. gr.**

Til að ná þeim markmiðum sem um getur í 1. gr. skal gera eftirfarandi ráðstafanir á vegum framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við framkvæmdaáætlanir sem skráðar eru í I. viðauka og fyrirkomulag við framkvæmd þeirra sem mælt er fyrir um í II. viðauka til að:

- auka þekkingu á innri upplýsingamarkaðinum,
- ryðja úr vegi lagalegum, stjórnsýslulegum og tæknilegum hindrunum,
- bæta notendaviðmót og upplýsingalæsi,
- styðja langtímafyrirætlanir í upplýsingamálum.

Gæta skal þess að vinna við aðgerðir sem fara fram á þessum sviðum á vegum bandalagsins eða landanna sé ekki endurtekin.

**3. gr.**

1. Áætlun þessi varir í fjögur ár.
2. Áætlað er að það fjármagn sem þörf er á til að framkvæma áætlunina nemi 64 milljónum evrópskra mynteininga; af því eru 21,6 milljónir evrópskra mynteininga (ECU) fyrir tímabilið 1991/1992, miðað við fjárhagsáætlanir frá 1988 til 1992. Rétt er að gera ráð fyrir þeirri fjárhæð sem þörf er á til að fjármagna síðari hluta af áætluninni innan núgildandi fjárhagsramma bandalagsins.

3. Fjármálayfirvaldið skal ákveða fjárveitingar fyrir hvert fjárhagsár með hliðsjón af meginreglunum um trausta stjórnun sem um getur í 2. gr. fjárhagsreglugerðarinnar um fjárlög Evrópubandalaganna.
4. Að jafnaði skal bandalagið taka þátt í kostnaði við hverja framkvæmdaáætlun með því að leggja fram 50% af fjármagninu.

**4. gr.**

1. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar. Hún skal njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.
2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögum innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.
3. Álitid skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt á að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.
4. Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

**5. gr.**

1. Þrátt fyrir 4. gr. skal beita þeirri málsmeðferð sem lýst er í 2. og 3. mgr. hér á eftir við árlegan undirbúning vinnu-áætlana um hvernig framfylgja skuli framkvæmda-áætlunum sem skráðar eru í I. viðauka, við sundurliðun á gjöldum, við framkvæmd sveigjanlegri aðferðar við fjármögnun en að auglýsa eftir tillögum, við athugun í undantekningartilvikum á óumbeðnum tillögum um verkefni, þegar ákveðið er að styðja verkefni er falla undir 3. framkvæmdaáætlun í I. viðauka og við gerð langtímafyrirætlana í upplýsingamiðlun sem krefjast fjárveitingar frá bandalaginu yfir fimm hundruð þúsund evrópskar mynteiningar (ECU).
2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvörðun sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna vega eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir sem öðlast gildi þegar í stað. Séu ráðstafanir þessar hins vegar ekki í samræmi við álit nefndarinnar ber að senda þær tafarlaust til ráðsins. Framkvæmdastjórninni er þá heimilt að fresta því að ráðstafanirnar komi til framkvæmda um þrjá mánuði frá því að þær voru sendar til ráðsins. Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í málsgreininni hér að framan.

**6. gr.**

Við miðbik og lok áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin senda Evrópuþinginu og ráðinu matsskýrslu sem samin er af óháðum sérfræðingum um árangur af framkvæmdaáætlunum sem um getur í 2. gr., eftir að nefndin sem um getur í 4. gr. hefur skoðað hana, og getur lagt fram, á grundvelli niðurstaðna hennar, tillögur

um aðlögun á stefnumiðum áætlunarinnar. Einnig skal senda Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni ársskýrslu Eftirlitsstofnunar bandalagsins fyrir upplýsingamarkaðinn (IMO) og reglubundnar skýrslur lagaráðsins (LAB).

**7. gr.**

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að semja við þriðju lönd sem taka þátt í þróun upplýsingamarkaðarins með það fyrir augum að láta áætlunina ná til þeirra að hluta eða að fullu. Gera skal alla slíka samninga þannig að þeir verði báðum aðilum í hag.

2. Áður en samningarnir sem um getur í 1. mgr. hefjast skal framkvæmdastjórnin greina ráðinu frá fyrirhuguðum samningum og efni þeirra. Framkvæmdastjórnin tekur tillit til álits ráðsins.

**8. gr.**

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmdar þann dag er hún er samþykkt.

Gjört í Brussel 12. desember 1991.

Fyrir hönd ráðsins,

**J.G.M. ALDERS**

forseti.

## I. VIÐAUKI

### FRAMKVÆMDAÁÆTLANIR VEGNA STEFNUMARKANDI AÐGERÐA Á UPPLÝSINGAMARKAÐINUM (IMPACT-2- AÐGERÐA)

#### 1. Framkvæmdaáætlun: Að auka þekkingu á upplýsingamarkaðinum

- 1.1. Eftirlitsstofnun bandalagsins fyrir upplýsingamarkaðinn (IMO) skal halda áfram störfum og útvíkka starfssvið sitt við að greina á hvaða sviðum samkeppnisstaða bandalags er sterk og hvar þörf er á umbótum til þess að veita stofnunum bandalagsins og aðildarríkjunum nauðsynlegar upplýsingar við stefnumótun. Í upphafi IMPACT-aðgerðanna beindi eftirlitsstofnunin rannsóknnum sínum að framboði á gagnagrunnsþjónustu. Hún mun útvíkka þessar athuganir svo að þær nái til nátengdra markaða fyrir útgáfustarfsemi, einkum markaðarins fyrir útgáfu viðskipta- og fagtímarita og vísindalega, tæknilega og læknisfræðilega útgáfustarfsemi. Eftirlitsstofnunin mun leggja aukna áherslu á notendakannanir til að afla meiri þekkingar á því hvernig notendur fái aðgang að sérfræðiþekkingu sem þeir þurfa á að halda og finna hvar þörf er á aðgerðum til úrbóta af hálfu bandalagsins.
- 1.2. Eftirlitsstofnun bandalagsins fyrir upplýsingamarkaðinn skal halda skrá yfir þá gagnagjafa sem markaðurinn hefur aðgang að. Hún mun fyrst og fremst styðjast við þessa gagnagjafa til að afla sér nauðsynlegra gagna vegna athugana sinna. Séu gögnin sem þörf er á, ekki fyrir hendi, ófullnægjandi eða óáreiðanleg skal hún efna eða hvetja til frekari kannana. Hún getur einnig rannsakað einstök svið á markaðinum til að greina þau svæði sem ekki búa við fullnægjandi þjónustu eða þar sem þróunin hefur verið hæg, en hafa lykilþýðingu fyrir bandalagið. Til að fylgja eftir fyrsta vinnufundinum um aðferðafræði, sem skipulagður var 1989 í samvinnu við Hagstofu Evrópubandalaganna, ber eftirlitsstofnuninni að stuðla að langtímvinnu á sviði aðferðafræði sem nauðsynleg er til að koma upp hugtakakerfi sem gerir það mögulegt að koma á upplýsingaþjónustu í tengslum við hagskýrslugerð. Þar að auki ber eftirlitsstofnuninni að hvetja til frekari vinnu í upplýsingatækni og -miðlun til að þróa líkön og aðrar aðferðir til að spá fyrir um framtíðarþróun upplýsingamarkaðarins og áhrif hennar á efnahagsmál að öðru leyti.
- 1.3. Tilgangurinn með Eftirlitsstofnun bandalagsins fyrir upplýsingamarkaðinn er að styðja við bakið á aðildarríkjum, fyrirtækjum og öðrum stofnunum sem áhuga hafa á þróun upplýsingamarkaðarins. Því skulu allar aðgerðir stofnunarinnar fara fram í samvinnu við, en ekki í staðinn fyrir, áttak af hálfu aðildarríkja, einkafyrirtækja og annarra stofnana. Eftirlitsstofnunin ber að efla tengsl sín við innlenda tengiliði og aðra samstarfsaðila á upplýsingamarkaðinum í bandalaginu sem og í aðildarríkjunum. Hún skal hafa samvinnu við þessa samstarfsaðila og rannsóknarstofnanir á þessu sviði við framkvæmdir þar sem kostnaðurinn skiptist á milli þeirra. Til að auka vitneskju sína um heimsmarkaðinn fyrir upplýsingaþjónustu skal eftirlitsstofnunin skiptast á upplýsingum við viðeigandi stofnanir utan bandalagsins, eins og Miðstöð til eflingar gagnagrunnstækni í Japan og Samtök upplýsingaiðnaðarins í Bandaríkjunum.
- 1.4. Dreifa ber niðurstöðunum úr athugun eftirlitsstofnunarinnar til sem flestra notenda og atvinnuvega í gegnum dreifingarsamninga við samtök þeirra og sérhæfðan útgefanda. Eftirlitsstofnunin skal árlega taka saman skýrslu handa Evrópuþinginu og ráðinu um meginbreytingar sem átt hafa sér stað á upplýsingamarkaðinum.

#### 2. Framkvæmdaáætlun: Að ryðja úr vegi lagalegum og stjórnsýslulegum hindrunum



- 2.1. Aðgerðir sem efnt er til innan ramma IMPACT-2-áætlunarinnar skulu stuðla að því að efla samvirkni milli aðila við að leysa altæk lagaleg vandamál (t.d. um vernd einkamála, ábyrgð, hugverkarétt, sönnun og staðfestingu á tölvuundirskriftum) og að gera tillögur um aðgerðir af hálfu bandalagsins sem beinast að tilteknum sviðum upplýsingamarkaðarins.
- 2.2. Starf í fyrri flokknum skal stuðla að aukinni samræmingu aðgerða á tilteknum sviðum sem efnt hefur verið til vegna ýmissa áætlana um að leysa altæk lagaleg vandkvæði. Með þetta í huga mun framkvæmdastjórnin efla sérfræðipækkingu og gagnasöfnun sína, með aðstoð lagaráðsins, til að auðvelda aðildarríkjunum og stofnunum bandalagsins aðgang að heimildum og upplýsingum um þá starfsemi sem í gangi er á þessu sviði. Framkvæmdastofnun skal hluga hvort hvetja skuli til stofnunar sérstaks gagnasafns til þess. Henni ber að leita eftir sérfræðiráðgjöf hjá lagaráðinu við undirbúning lagalegra aðgerða sem tengjast nýrri tækni. Jafnframt skal hún halda áfram og efla samvinnu sína við Evrópuráðið og Efnahags- og framfarastofnun Evrópu á sviðum þar sem þessar stofnanir hafa sameiginlega hagsmuna að gæta.
- 2.3. Starf í síðari flokknum skal beinast að því að undirbúa aðgerðir á tilteknum sviðum upplýsingamarkaðarins. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka lagaleg vandkvæði sem upp koma þegar framfylgja á viðmiðunarreglunum sem miða að því að efla samvirkni á upplýsingamarkaðinum milli hins opinbera og einkafyrirtækja; hún leggur fram tillögur um samræmingu reglna um markaðssetningu gagnaskráa í eigu opinberra og hálfopinberra aðila. Hún skal stuðla að samningu siðareglna í bandalaginu og hafa eftirlit með gagnaleynd, vernd í sambandi við markaðssetningu tiltekinnar gagnasafnsþjónustu, eins og póstlista og upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust. Hún skal setja viðmiðunarreglur til að samræma skilyrði fyrir aðgangi almennings að tölvuskráðum upplýsingum og gera drög að samningum milli ýmissa aðila á upplýsingamarkaðinum á sviðum sem varða t.d. skaðabótaskyldu ritstjórnar, gæðastýringu þjónustunnar, trúnaðarkvaðir, notkun gagnasafna og einkum réttindi útgefenda.
- 2.4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að breyta samsetningu lagaráðsins þannig að það geti betur sinnt starfi sínu með opinberum yfirvöldum og þeim aðilum á upplýsingamarkaðinum sem í hlut eiga til viðbótar álit óháðra sérfræðinga sem hafa sérþekkingu á einstökum sviðum.
- 2.5. Framkvæmdastjórnin skal gera sérstakar ráðstafanir, í samvinnu við sérhæfða útgefendur, til að tryggja að niðurstöðum lagaráðsins verði dreift til allra þeirra sem hlut eiga að máli til að upplýsa þá um réttindi sín og skyldur.

### 3. Framkvæmdaáætlun: Að bæta notendaviðmót og upplýsingalæsi

- 3.1. Framkvæmdastjórninni ber að styðja vinnu við gerð staðla um opin upplýsingaskipti, til viðbótar við staðalinn um opna kerfistengingu (OSI), í samvinnu við starfandi staðlastofnanir eins og Vinnustofu fyrir opin kerfi í Evrópu (EWOS), Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) og Staðla- og Rafstaðlastofnanir Evrópu (CEN/CENELEC). Styðja ber við birtingu og notkun staðla eða forskrifa í upplýsingaiðnaði sem varða tákun gagna og uppbyggingu gagnasafna. Umbuna ber aðilum sem fullgera eða auka við gildandi staðla um upplýsingar. Framkvæmdastjórnin skal styðja sýningarverkefni til að ýta undir notkun upplýsingastaðla og sýna ávinninginn af notkun þeirra. Einkum á þetta við um staðlaðar aðferðir eins og staðlaðar ritmerkingar (SGML) og skjalauppbyggingu (ODA). Stuðla ber að notkun staðla í upplýsingaverkefnum hjá hinu opinbera.
- 3.2. Stuðla ber að þróun heildarskiðflata sem veita sveigjanlegan og hagkvæman aðgang að mörgum og ólíkum tegundum upplýsingaþjónustu. Undir þetta fellur margmiðlun og aðgangur alls staðar í bandalaginu. Stuðla ber einnig að samþættingu kerfa á mörgum tungumálum eða notkun teikna og myndrænnar framsetningar í upplýsingaþjónustu og að þróun aðferða þar sem skipanir og orð úr venjulegu máli eru notuð til að sækja gögn til að auðvelda óþjálfuðum notendum aðgang. Þjóða skal upp á styrki til að auka fjölda bandalagstungumála sem notuð eru við núverandi skilfleti fyrir tungumál og auka þar með samvinnu innan bandalagsins. Leita skal leiða til að stuðla að því að

rannsóknarniðurstöðum sé beitt á sviðum eins og þar sem um er að ræða sérfræðikerfi, notendaskil og úrvinnslu tungumála. Stefnt er að því að koma á fót regnhliffarverkefni til að prófa nothæfi KIOSK - viðskiptakerfisins sem á að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðgang að taltexta-, skjátexta- og ASCII-gagnaþjónustu. Hvetja skal til notkunar samhæfðra kerfa, þar sem beitt er hljóði, teikningum, textum og myndum fyrir ýmsar gerðir upplýsinga.

- 3.3. Til að auka upplýsingalæsi fagmanna treystir framkvæmdastjórnin fyrst og fremst á margföldunaráhrif á upplýsingamarkaðinum og á tiltekna hópa notenda. Upplýsingum verður dreift í gegnum menntastofnanir, atvinnugreinasamtök, sérstaka innlenda tengiliði, aðila sem stjórna millinetagáttum og útgefendur sérhæfðs efnis og áhrif þeirra þannig aukin margfalt.

Eftirfarandi aðgerðum er ætlað að aðstoða þessa milliliði, sérfræðinga og notendur: þróuð verður viðeigandi tækni, eins og prentaðar upplýsingar, margmiðlunarsýningar og myndbönd á öllum opinberum tungumálum bandalagsins; haldnar verða ráðstefnur, málþing, vinnufundir, upplýsingadagar og blaðamannafundir; þátttaka í sýningum, viðhald á skráum yfir upplýsingar á upplýsingamarkaðinum og nýjum bætt við; gefið verður reglulega út fréttabréf með upplýsingum um aðgerðir bandalagsins; skráum yfir gagnasöfn verður komið fyrir í dreifingarkerfum o.s.frv.; sett verður á stofn notendamiðstöð til aðstoðar þeim sem nota upplýsingaþjónustuna, sem felur m.a. í sér ókeypis símalínu fyrir fyrirsurnir; móðurtölvakerfi Evrópubandalaganna (ECHO) mun starfa á mörgum tungumálum, einkum til að aðstoða nýja notendur tölvuvæddra upplýsinga og til að auka þekkingu á markaðinum í samræmi við viðmiðunarreglurnar um aukna samvirkni milli almennings og einkafyrirtækja á upplýsingamarkaðinum.

- 3.4. Þjálfunaraðgerðir skulu beinast að hvers konar milliliðum og notendum upplýsinga í dreifingarköðjunni og ná m.a. yfir gerð gagnasafna, starfsemi móðurtölvakerfis, dreifingu upplýsinga með margmiðlun og notkun upplýsinga. Styðja skal þjálfun milliliða og fagfólks í öflun tölvuvæddra upplýsinga, bæði með beinum aðgangi og af diskum, og leggja ber áherslu á afskipt svæði. Einnig skal skipuleggja þjálfun leiðbeinenda á ýmsum landsvæðum og í ólíkum atvinnugreinum og fyrirtækjum. Leita skal eftir náinni samvinnu við yfirvöld í aðildarríkjunum og byggðarlögum og þá sem stjórna öðrum áætlunum (t.d. STAR- og Delta-áætlunum).

#### 4. Framkvæmdaáætlun: Stuðningur við langtímaaðgerðir

- 4.1. Örva ber og styrkja vinnu við að veita tölvuvædda upplýsingaþjónustu um vísindi og tækni (STI) - sem hefur grundvallarþýðingu bæði fyrir rannsóknir og iðnþróun í bandalaginu. Framkvæmdastjórnin skal byggja á nýlegum aðgerðum í upplýsingaþjónustu á sviði líftækni og efna í byggingariðnaði með því að koma á fót evrópsku samstarfsneti fyrir dreifingu upplýsinga um líftækni og þróa frekar upplýsingaþjónustu um efni í byggingariðnaði. Aðgerðirnar miða að því að auka umfang og gæði upplýsingaþjónustu í bandalaginu og auðvelda aðgang að henni með því að koma upp viðeigandi búnaði til að samhæfa kerfi og þjónustu sem þegar er fyrir hendi og bæta nýtingu þeirra.
- 4.2. Örva skal þróun upplýsingaþjónustu og leita leiða til samstarfs á sviðum sem hafa lykilorðþýðingu fyrir markaðinn. Ef þörf er á skal styrkja gerð grunnkerfa. Einkum skal örva upplýsingaþjónustu um stefnu bandalagsins varðandi starfsemi hins innri markaðar. Leitast skal við að samhæfa þjónustu á nýjum sviðum, sem hafa þróast af sjálfsdáðum en ekki á skipulagðan hátt, til að stuðla að samvinnu og nettengslum. Upplýsingar um einkaleyfi, staðla, ferðamál og flutninga, um menningarstarfsemi, umhverfis- og heilbrigðismál og stöðluð framleiðsla stafrænna grunnlandakorta eru svið sem talin eru henta til aðgerða af hálfu bandalagsins.
- 4.3. Heimilt er að framlengja eða endurskoða langtímaverkefni meðan enn er verið að framkvæma þau á grundvelli skilyrða sem Eftirlitsstofnun bandalagsins fyrir upplýsingamarkaðinn setur, niðurstaðna af endurskoðun sem fram fer við miðbik áætlunarinnar og í samráði við upplýsingaiðnaðinn og ráðgefandi aðila. Endurskoða ber forgangssvið sem talin voru henta æfinga- eða kynningarverkefnum í fyrri IMPACT-aðgerðum en ekkert hefur enn orðið af og efna til aðgerða ef

markaðsaðstæður krefjast þess.

- 4.4. Styðja ber viðskiptaverkefni um þróun upplýsingaþjónustu með samvinnu innan bandalagsins, t.d. Efnahagssamtök evrópskra fyrirtækja (EEIG) með því að draga úr kostnaði vegna milliríkjasamtarfs. Þetta á einkum við þegar lítil og meðalstór fyrirtæki eiga í hlut. Koma skal á stuðningsáætlun til að undirbúa milliríkjaverkefni, sameiginleg verkefni aðila frá mismunandi aðildarríkjum og yfirfærslu þekkingar frá þróaðri svæðum til afskiptra svæða í bandalaginu. Stuðla ber að nánari samvinnu atvinnugreina- eða starfsstéttasamtaka í aðildarríkjunum og í bandalaginu sem heild og einkum við innlenda tengiliði til að styðja við langtímaverkefni og stofnun innri markaðar fyrir upplýsingar.
- 4.5. Framkvæmdastjórnin skal athuga möguleika á að tengja viðkomandi stofnanir í aðildarríkjunum í net vinnustofa til að byggja upp þekkingu í bandalaginu á þróun á frumgerð upplýsingavara fyrir margmiðlun með margmiðlun í upplýsingaþjónustu að leiðarljósi og aukin reynslu- og þekkingarskipti og samvirkni milli útgefenda upplýsinga og kerfisframleiðenda.
- 4.6. Uppbygging upplýsingamarkaðarins á afskiptum svæðum byggist á langtímaverkefnum sem hafa hvetjandi áhrif. Bandalagið styður heppilegar aðgerðir í aðildarríkjunum eða á einstökum svæðum með því að styrkja verkefni sem hafa margföldunaráhrif og unnt er að endurtaka að hluta til annars staðar.
- 4.7. Framkvæmdastjórnin skal einkum leggja áherslu á verkefni þar sem hún ber hluta af kostnaðinum ásamt öðrum til að styrkja langtímaaðgerðir. Á sumum markaðssvæðum getur verið þörf á æfinga- eða kynningarverkefnum til að kynna framfarir nægilega vel og til að hafa hvetjandi áhrif á þróun upplýsingaþjónustu í bandalaginu sem yrði annars ófullnægjandi að því er varðar magn, útbreiðslu og umfang. Skilgreina ber slík verkefni í samráði við notendur og/eða atvinnugreinarnar.

## II. VIÐAUKI

### FRAMKVÆMD ÁÆTLUNARINNAR

1. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma áætlunina í samræmi við tæknilegu atriðin sem tilgreind eru í I. viðauka.
2. Fjölga ber altækum verkefnum þar sem kostnaði er skipt, einkum á starfssviði Eftirlitsstofnunar bandalagsins fyrir upplýsingamarkaðinn. Einfalda ber reglurnar um framkvæmd sértækra aðgerða til að gefa rúm fyrir hagsmuni allra sem koma að markaðinum og þannig auðvelda og efla þátttöku þeirra í áætluninni.
3. Með hliðsjón af 7. gr. ákvörðunarinnar bendir framkvæmdastjórnin á að einstaklingar eða löggjafarstjórnir frá löndum sem gert hafa samninga um samvinnu samkvæmt áætluninni geta tekið þátt í verkefnum innan ramma hennar á grundvelli gagnkvæmrar hagkvæmni. Þó mega þeir ekki njóta góðs af fjárframlögum bandalagsins og skulu leggja sitt af mörkum til að greiða almennan stjórnunarkostnað.
4. Að jafnaði skal velja æfinga- og kynningarverkefni samkvæmt venjulegri meðferð með því að auglýsa eftir tillögum í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins. Skilgreina ber markmiðin í vinnuáætlunum sem unnin verða í nánu samráði við aðila á markaðinum fyrir upplýsingaþjónustu og nefndina sem um getur í 4. gr. ákvörðunarinnar.

Þegar auglýst er eftir tillögum skal styðja verkefni á þeirri meginforsendu að þau auki við upplýsingamarkaðinn án þess að valda röskun. Veita skal viðbótarstyrki til að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki, svo og afskipt svæði, til að taka þátt og til að stuðla að yfirfærslu þekkingarinnar.

5. Framkvæmdastjórnin getur einnig notað sveigjanlegri aðferðir við framkvæmd áætlunarinnar en að auglýsa eftir tillögum í þeim tilgangi að veita styrki til samstarfs, einkum þegar lítil og meðalstór fyrirtæki og samtök frá afskiptum svæðum eiga í hlut, eða til að stuðla að könnunarverkefnum á ólíkum sviðum upplýsingamarkaðarins. Slíkt fyrirkomulag gæti orðið varanlegt.
6. Framkvæmdastjórnin skal einnig finna leiðir til að taka til umfjöllunar, í undantekningartilvikum, tillögur um verkefni sem ekki hefur verið leitað eftir en fela í sér sérlega athyglisverðar eða mikilvægar breytingar á upplýsingamarkaðinum, frumlegar hugmyndir eða einstaka tækni eða aðferðafræði, sem ekki yrði unnt að fá með venjulegri auglýsingu eftir tillögum. Miða skal að því eftir sem áður að forðast röskun á markaðinum.
7. Setja ber nákvæmar reglur um framkvæmd á tveimur síðastnefndu atriðunum samkvæmt málsmeðferð stjórnarnefndarinnar (gerð IIb) og í samræmi við fjárhagsreglugerðir bandalagsins. Þær skulu birtar ár hvert í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.
8. Framkvæma ber verkefni sem bandalagið fjármagnar að fullu samkvæmt samningum um nám og þjónustu með útboði, í samræmi við fjárhagsreglugerðir bandalagsins. Til að tryggja skýrleika skal birta vinnuáætlunina og dreifa henni á reglubundinn hátt til atvinnugreinasamtaka og annarra stofnana.
9. Til að framkvæma áætlunina ber framkvæmdastjórninni einnig að hafa starfsemi sem stuðlar að almennum markmiðum áætlunarinnar og sérmarkmiðum hvernar framkvæmdaáætlunar. Til slíkrar starfsemi má m.a. telja vinnustofur, málþing, ráðstefnur, rannsóknir og kannanir, auglýsinga-herferðir, námskeið, aðgerðir til stuðnings sameiginlegum verkefnum, stuðning við innlenda tengiliði og sérstakan stuðning við þróun upplýsingamarkaðarins á afskiptum svæðum.

ÍSLENSK ÚTGÁFA

## ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 31. mars 1992

### um öryggi upplýsingakerfa

(92/242/EBE)

#### RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr., með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Markmið bandalagsins, með því að stofna sameiginlegan markað og samræma stig af stigi efnahagsstefnur aðildarríkjanna, er að stuðla að samfelldri þróun efnahagsmála í bandalaginu, stöðugum og jöfnum vexti, auknum stöðugleika, batnandi lífskjörum og nánari samvinnu meðal aðildarríkjanna.

Upplýsingar sem eru skráðar, unnar og sendar í gegnum tölvu gegna æ mikilvægara hlutverki í efnahags- og samfélagsmálum.

Með tilkomu hraðvirkra tölvusamskipta um heim allan og sívaxandi notkun tölvuvinnslu á öllum sviðum verður þörfin fyrir viðeigandi vernd æ brýnni.

Í umfjöllun sinni og ályktunum hefur Evrópuþingið hvað eftir annað lagt áherslu á nauðsyn þess að tryggja öryggi upplýsingakerfa.

Efnahags- og félagsmálanefndin hefur bent á þörfina á því að bandalagið geri ráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsingakerfa, einkum vegna áhrifa sem fylgja tilkomu hins innri markaðar.

Mynda má góðan grundvöll með því að efna til aðgerða innanlands, á alþjóðavettvangi og í bandalaginu.

Náin tengsl eru á milli fjarskipta, upplýsingatækni, stöðlunarmála

og upplýsingamarkaðarins og stefnu bandalagsins varðandi rannsóknir, þróun og tækni svo og vinnu sem þegar hefur farið fram á þessum sviðum á vegum bandalagsins.

Rétt er að samstillta aðgerðir með því að byggja á vinnu sem þegar er í gangi á innlendum og alþjóðlegum vettvangi og efla samstarf helstu aðila sem í hlut eiga. Því er rétt að framkvæma aðgerðir innan ramma markvissrar aðgerðaáætlunar.

Eigi að tryggja öryggi upplýsingakerfa krefst það flókin framkvæmdar til að upplýsingar geti fengist án hindrana á hinum sameiginlega markaði en öryggi sé jafnframt tryggt við notkun upplýsingakerfa alls staðar í bandalaginu.

Hvert aðildarríki ber ábyrgð á að virða þær takmarkanir sem krafist er vegna öryggis og allsherjarreglu.

Ábyrgð aðildarríkjanna á þessu sviði kallar á samstilltar aðgerðir og náð samráð milli háttsettra embættismanna aðildarríkjanna.

Kveða skal á um aðgerðaáætlun til tveggja ára í fyrstu og stofnun nefndar háttsettra embættismanna með langúmaumboð til að vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar um aðgerðir til að tryggja öryggi upplýsingakerfa.

Áætlað er að það fjármagn sem þörf er á til að framkvæma aðgerðirnar á tuttugu og fjögurra mánaða upphafstímabili nemi tólf milljónum evrópskra mynteininga (ECU). Fyrir árið 1992, miðað við fjárhagsáætlanir sem nú gilda, nemur þessi fjárhæð tveimur milljónum evrópskra mynteininga.

Gera þarf ráð fyrir þeirri fjárhæð sem þörf er á til að fjármagna áætlunina eftir 1992 innan núgildandi fjárhagsramma bandalagsins.

(<sup>1</sup>) Stjótt. EB nr. C 277, 5. 11. 1990, bls. 18.

(<sup>2</sup>) Stjótt. EB nr. C 94, 13. 3. 1992.

(<sup>3</sup>) Stjótt. EB nr. C 159, 17. 6. 1991, bls. 38.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Samþykkt er hér með að efna til aðgerða vegna öryggis upplýsingakerfa. Meðal annars skal:

- þróa heildaráætlun til að tryggja öryggi upplýsingakerfa (aðgerðaáætlun) á tuttugu og fjögurra mánaða upphafstímabili,
- stofna nefnd háttsettra embættismanna með langtímaumboð til að vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar um aðgerðir til að tryggja öryggi upplýsingakerfa, hér eftir kölluð „nefndin“.

**2. gr.**

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa reglubundið samráð við nefndina um mál er varða öryggi upplýsingakerfa og aðgerðir sem bandalagið efnir til, einkum að því er lýtur að starfsáætlunum og útfærslu þeirra.

2. Í aðgerðaáætluninni skal, eins og fram kemur í viðaukanum, fjallað um undirbúningsvinnu að því er varðar:

- I. þróun langtímaskipulags til að tryggja öryggi upplýsingakerfa;
- II. skilgreiningu á þörfum notenda og þeirra sem þjónustu veita að því er lýtur að öryggi upplýsingakerfa;
- III. lausnir sem fullnægja þörfum notenda, birgja og þjónustuaðila nú þegar og til skamms tíma;
- IV. þróun forskrifta, stöðlunar og leiða til að meta og staðfesta öryggi upplýsingakerfa;
- V. framfarir í tækni og notkun upplýsingakerfa sem varða öryggi þeirra;
- VI. ráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsingakerfa.

**3. gr.**

1. Áætlað er að nauðsynlegt fjármagn frá bandalaginu til að framkvæma aðgerðirnar nemi tólf milljónum evrópskra mynteininga (ECU) á tuttugu og fjögurra mánaða tímabili; af því eru tvær milljónir evrópskra mynteininga áætlaðar fyrir tímabilið 1991/1992, miðað við fjárhagsáætlanir frá 1988 til 1992.

Gera verður ráð fyrir þeirri fjárhæð sem þörf er á til að fjármagna síðari hluta af áætluninni innan núgildandi fjárhagsramma bandalagsins.

2. Fjármálayfirvaldið skal ákveða fjárveitingar fyrir hvert fjárhagsár með hliðsjón af meginreglunum um trausta stjórnun sem um getur í 2. gr. fjárhagsreglugerðarinnar um fjárlög Evrópubandalaganna.

**4. gr.**

Á vegum framkvæmdastjórnarinnar skal hópur óháðra sérfræðinga leggja mat á árangur aðgerðanna á upphafstímabilinu. Matsskýrsla hópsins, ásamt athugasemdum framkvæmdastjórnarinnar, skal send Evrópuþinginu og ráðinu.

**5. gr.**

1. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar. Hún skal njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.
2. Framkvæma ber aðgerðaáætlunina í samræmi við þau markmið sem sett eru í 2. gr., og uppfæra skal ef þörf krefur. Í henni skal greina nánar frá einstökum markmiðum og tegundum aðgerða sem beita skal og hvernig þær verði fjármagnaðar. Framkvæmdastjórnin auglýsir síðan eftir tillögum á grundvelli áætlunarinnar.
3. Framkvæma ber aðgerðaáætlunina í nánú samráði við alla aðila í greininni. Við framkvæmd ber að taka tillit til vinnu sem í gangi er á þessu sviði hjá evrópskum og alþjóðlegum staðlastofnunum, efla hana og auka við.

**6. gr.**

1. Málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 7. gr. gildir um:
  - ráðstafanir til að móta stefnu bandalagsins í því að tryggja öryggi upplýsingakerfa.
2. Málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 8. gr. gildir um:
  - samningu og endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar sem um getur í 5. gr.;
  - texta auglýsinga eftir tillögum, mat á tillögum og áætlanir um framlag bandalagsins sé það meira en tvö hundruð þúsund evrópskar mynteiningar (ECU);
  - þátttöku stofnana utan bandalagsins í aðgerð sem heyrir undir þessa ákvörðun;
  - fyrirkomulag við að dreifa, vernda eða hagnýta niðurstöður af þessum ráðstöfunum;
  - ráðstafanir sem gera skal til að meta árangurinn af aðgerðunum.

3. Sé framlag bandalagsins tvö hundruð þúsund evrópskar mynteiningar (ECU) eða minna skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við nefndina um ráðstafanir sem gera skal og tilkynna nefndinni um niðurstöður mats á ráðstöfunum.

**7. gr.**

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögum innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitinu skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt á að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

**8. gr.**

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að

þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu innan þeirra tímamarka sem formanni er heimilt að setja eftir því hversu brýnt málið er. Álitinu skal samþykkt með þeim meirihluta sem kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðinu ber að samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjana veða eins og kveðið er á um í þeirri grein. Formaður greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir ef þær eru í samræmi við álit nefndarinnar.

Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar, eða skili nefndin ekki álit, ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir, svo fremi þær hafi ekki verið felldar í ráðinu með einföldum meirihluta atkvæða.

Gjört í Brussel 31. mars 1992.

Fyrir hönd ráðsins

*Vitor MARTINS*

forseti.

# VIÐAUKI

## Yfirlit yfir framkvæmdaáætlanir

### STEFNUMIÐ VIÐ GERÐ AÐGERÐAÁÆTLUNAR UM ÖRYGGI UPPLÝSINGAKERFA

#### INNGANGUR

Markmið aðgerðaáætlunarinnar er að þróa heildaraðgerðir sem miða að því að veita framleiðendum gagna sem eru geymd, unnin eða send í gegnum tölvu viðeigandi vernd upplýsingakerfa gegn hættu sem skapast vegna gáleysis eða af ásetningi.

Í aðgerðaáætluninni skal taka tillit til og auka við stöðlunarstarfsemi sem nú er í gangi á þessu sviði á alþjóðavettvangi.

Í henni skal m.a. fjallað um:

- þróun langtímaskipulags til að tryggja öryggi upplýsingakerfa;
- skilgreiningu á þörfum notenda og þeirra sem þjónustu veita að því er lýtur að öryggi upplýsingakerfa;
- lausnir sem fullnægja þörfum notenda, birgja og þjónustuaðila nú þegar og til skamms tíma;
- þróun forskrifta, stöðlunar og leiða til að meta og staðfesta öryggi upplýsingakerfa;
- framfarir í tækni og notkun upplýsingakerfa sem varða öryggi þeirra;
- ráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsingakerfa.

Framkvæmdastjórnin sér um framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar í nánnum tengslum við samsvarandi aðgerðir í aðildarríkjunum og rannsóknar- og þróunaraðgerðir bandalagsins sem hún tengist.



## 1. I. framkvæmdaáætlun - Þróun langtímaskipulags til að tryggja öryggi upplýsingakerfa

### 1.1. Málafni

Nauðsyn á að tryggja á viðeigandi hátt öryggi upplýsingakerfa er almennt viðurkennd í nútíma-þjóðfélögum. Tölvuvædd upplýsingaþjónusta er háð öruggu fjarskiptakerfi og öruggum vél- og hugbúnaði, en einnig öryggi í notkun og stjórnun. Því ber að koma á langtímaskipulagi sem tekur til allra hliða öryggismála upplýsingakerfa og koma þannig í veg fyrir sundurleitar hlutalausnir. Skipulag fyrir öryggi upplýsingakerfa verður að endurspeglar þörf þjóðfélagsins á tímum hraðra breytinga á að nýta upplýsingatækni á hagkvæman hátt en vernda sig jafnframt.

### 1.2. Markmið

Nauðsynlegt er að koma á langtímaskipulagi sem sameinar félagsleg, efnahagsleg og pólitísk markmið og veitir bandalaginu möguleika á mismunandi tæknilegum og lagalegum valmöguleikum í framkvæmd í alþjóðlegu samhengi. Til að halda jafnvægi milli ólíkra hagsmuna, markmiða og takmarkana ber fulltrúum allra þátttakenda í atvinnugreininni að standa saman að því að skilgreina vandamálið og samþykkja skipulagið. Þetta er óhjákvæmilegt eigi að samræma ólíka hagsmuni og þarfir bæði við stefnumótun og í framkvæmd.

### 1.3. Staða og horfur

Sem stendur er áhugi fyrir því að gripið verði til aðgerða. Verði hins vegar ekki víðtæk samstaða um að samræma þessar aðgerðir má telja líklegt að óskipulagðar aðgerðir á ýmsum sviðum muni leiða til ástands sem er innbyrðis ósamrýmanlegt og skapa síversnandi lagaleg, félagsleg og efnahagsleg vandkvæði.

### 1.4. Þarfir, valmöguleikar og forgangsverkefni

Innan sameiginlegs ramma er þörf á að taka afstöðu til hættugreiningar og stýringar, með hliðsjón af því hversu viðkvæmar upplýsingarnar eru og þjónusta sem tengist þeim, hvernig aðlaga megi lög og reglugerðir um misnotkun og óheimilaða notkun á tölvu- eða fjarskiptatækni, hvaða stjórnunargrundvöllur er þegar fyrir hendi, þ.m.t. ráðstafanir í öryggismálum, hvernig unnt sé að framfylgja lögnum innan ýmissa atvinnu- eða starfsgreina og félagslegra atriða og upplýsingaleyndar (t.d. með því að taka upp aðferðir til að þekkja og staðfesta notendur, koma í veg fyrir óréttmæta brottvísun og heimila þeim aðgang að kerfunum á lýðræðislegan hátt).

Setja þarf skýrar reglur um hönnun kerfa og hugbúnaðar sem tryggja öryggi upplýsingamiðlunar um staðla, skilgreiningar og vinnureglur sem tryggja öruggan búnað og þjónustu í upplýsingaiðnaði og stuðla að æfinga- og kynningarverkefnum til að fylgja eftir ýmis konar stjórnsýslulegri uppbyggingu, kerfum og stöðlum til að fullnægja þörfum í einstökum atvinnugreinum.

Nauðsynlegt er að vekja athygli á öryggismálum til að notendur verði meðvitaðri um öryggi í upplýsingatækni.

## 2. II. framkvæmdaáætlun - Skilgreining á þörfum notenda og þeirra sem veita þjónustu að því er lýtur að öryggi upplýsingakerfa

### 2.1. Málafni

Öryggi upplýsingakerfa er algjört skilyrði fyrir því að hægt sé að tryggja heildstæða og trausta notkun þeirra í viðskiptum, vernda hugverkarétt og gæta trúnaðar við meðferð gagna. Þetta leiðir óhjákvæmilega til ójafnvægis og stundum verður að meta hvort vegur þyngra, viðleitni til að stuðla að frjálsum viðskiptum eða vernda einkamál og hugverkarétt. Nauðsynlegt er að höfð sé hliðsjón af öllum þörfum og hugsanlegum áhrifum ýmissa valmöguleika á öryggi upplýsingakerfa þegar ákvarðanir og málamiðlanir eru gerðar.

Til að fullnægja þörfum notenda verður að tengja tæknilegar ráðstafanir ráðstöfunum um notkun kerfa og eftirlit með þeim. Þess vegna er kerfisbundin rannsókn á öryggisþörf í sambandi við upplýsingakerfi verulegur hluti af vinnunni við að þróa heppilegar og árangursríkar aðferðir.

### 2.2. Markmið

Markmiðið er að skilgreina eðli og eiginleika þeirra þarfa sem notendur og þeir sem þjónustu veita hafa og tengsl þeirra við öryggisráðstafanir vegna upplýsingakerfa.

### 2.3. Staða og horfur

Hingað til hefur ekki verið efnt til samræmds átaks í að skilgreina þörf hinna mismunandi aðila fyrir örugg upplýsingakerfi en sú þörf er sibreytileg. Aðildarríkin hafa skilgreint þörfina fyrir samræmdar innlendir aðgerðir (einkum að því er snertir viðmiðanir við mat á öryggi upplýsingatækni). Mjög mikilvægt er að beitt sé sömum forsendum og reglum við gagnkvæma viðurkenningu á matsvottorðum.

#### 2.4. Þarfir, valmöguleikar og forgangsverkefni

Talið er nauðsynlegt að flokka þarfir notenda og leiðir til að tryggja öryggi upplýsingakerfa, til að mynda grundvöll fyrir samkvæmum og skýrum lausnum á þörfum allra þátttakenda í greininni.

Þar að auki er nauðsynlegt að skilgreina þörfina fyrir löggjöf, reglugerðir og siðareglur í ljósi horfanna í þjónustu- og tækniþnáði, að benda á hugsanlega valmöguleika til að uppfylla markmiðin, með ákvæðum á sviði stjórnsýslu eða varðandi þjónustu, notkun og tækni og að meta árangur, notendaviðmót og kostnað við að taka upp aðra valmöguleika eða fyrirætlanir um öryggi upplýsingakerfa, fyrir notendur, þá sem þjónustu veita og þá sem starfrækja slík kerfi.

### 3. III. framkvæmdaáætlun - Lausnir sem fullnægja þörfum notenda, birgja og þjónustuaðila nú þegar og til skamms tíma

#### 3.1. Málefni

Sem stendur er unnt að tryggja upplýsingakerfi fullkomlega fyrir aðgangi með „einangrun“, þ.e. með því að beita hefðbundnum öryggisráðstöfunum við uppbyggingu og tengingu kerfa. Það sama gildir um tölvusamskipti notenda í lokuðum hópi sem tengjast í gegnum einkanet. Aðstæður eru allt aðrar ef fleiri hópar notenda hafa aðgang að upplýsingunum eða kerfið er tengt almenningsneti eða neti sem menn hafa mjög greiðan aðgang að. Í slíkum tilvikum er yfirleitt hvorki fyrir hendi tækni, útstöðvar og þjónustueiningar, né reglur og staðlar sem tengjast þeim, til að tryggja öryggi upplýsingakerfa.

#### 3.2. Markmið

Markmiðið er að finna, með stuttum fyrirvara, lausnir á brýnustu þörfum notenda, þeirra er þjónustu veita og framleiðenda. Þetta felur í sér m.a. notkun hinna sameiginlegu viðmiðana til að meta öryggi upplýsingatækni. Hanna ber slíkar lausnir með tilliti til hugsanlegra þarfa og lausna síðar.

#### 3.3. Staða og horfur

Nokkrir hópar notenda hafa þróað tækni og aðferðir sem henta notkun þeirra sjálfra og svara einkum þörfinni fyrir sannpröfun, heildstæðni og vörn gegn brottvísun („non-repudiation“). Þetta felur yfirleitt í sér notkun segulkorta eða aðgangskorta. Ýmsir nota einfaldar eða flóknar aðgerðir til að þekkja skrift manna. Slík tækni krefst yfirleitt að skilgreindar verði heimildir fyrir takmarkaðan hóp „viðurkenndra notenda“. Erfitt er hins vegar að aðlaga þessar aðferðir og tækni að þörfum opins kerfis.

Alþjóðastaðlastofnunin vinnur nú að öryggisstöðlum fyrir samtengingu opinna kerfa (OSI) (ISO DIS 7498-2) og ráðgjafarnefndin um tækninýjungar og -yfirfærslu (CCITT) fjallar um málin sem hluta af X400-verkefninu. Einnig er hugsanlegt að bæta öryggisbútum inn í sendingarnar. Verið er að skoða leiðir til að tryggja sannpröfun, heildstæðni og vörn gegn brottvísun í sambandi við boðsendingar (EDIFACT) og X400.

Sem stendur er löggjöf um gagnaskipti með tölvum (EDI) enn á frumstigi. Alþjóðaverslunarráðið hefur birt siðareglur um skipti á viðskiptagögnum í gegnum fjarskiptakerfi.

Nokkur lönd (t.d. Þýskaland, Frakkland, Breska konungsríkið og Bandaríki Norður-Ameríku) hafa þróað eða eru að þróa viðmiðanir til að meta öryggi vara og -kerfa fyrir upplýsingatækni og fjarskipti og reglur um hvernig slíkt mat eigi að fara fram. Þessar reglur hafa verið unnar í samstarfi við innlenda framleiðendur og munu leiða til aukningar á öruggum búnaði og kerfum sem í boði er, einföldum búnaði til að byrja með. Með stofnun innlendra samtaka til að meta og votta öryggi kerfanna verður unnt að efla þessa þróun.

Flestir notendur telja ekki eins aðkallandi að gera ráðstafanir til að gæta trúnaðar við meðferð gagna. Líklegt má þó telja að þetta eigi eftir að breytast eftir því sem fjarskiptatækni, einkum sem tengist farsímabjónustu, verður algengari.

#### 3.4. Þarfir, valmöguleikar og forgangsverkefni

Nauðsynlegt er að þróa eins fljótt og framast er unnt reglur, staðla, vörur og búnað til að tryggja öryggi, bæði í kerfunum sjálfum (tölvum og jaðartækjum) og opinberum fjarskiptakerfum. Leggja ber aðaláherslu á sannpröfun, heildstæðni og vörn gegn brottvísun í kerfunum. Setja ber á stofn æfingaverkefni til að prófa gæði lausnanna sem fyrirhugaðar eru. Verið er að athuga lausnir varðandi þörf á forgangi í sambandi við EDI innan TEDIS-áætlunarinnar.

### 4. IV. framkvæmdaáætlun - Þróun forskrifta, stöðlunar og leiða til að meta og staðfesta öryggi upplýsingakerfa

#### 4.1. Málefni

Alls staðar þarf að tryggja öryggi upplýsingakerfa og þess vegna gegna sameiginlegar forskriftir og staðlar lykilhlutverki. Skortur á samþykktum stöðlum og forskriftum fyrir öryggi upplýsingatækni getur verið mikil hindrun við framfarir í upplýsingavinnslu og þjónustu í þjóðfélaginu og í viðskiptalífi. Aðgerða er einnig þörf til að hraða þróun og notkun tækni og staðla á ýmsum sviðum sem tengjast tölvunetum og fjarskiptum og hafa grundvallarþýðingu fyrir notendur, atvinnulíf og stjórnsýslu.

#### 4.2. *Markmið*

Nauðsynlegt er að leita leiða til að stuðla að og koma á sérstökum öryggisráðstöfunum á almennum sviðum eins og samtengingu opinna kerfa (OSI), frjálsum aðgangi að netum (ONP), stafrænu samþættu þjónustuneti (ISDN/IBC) og netstjórnun. Nátengdar staðla- og forskriftamálunum eru spurningar um tækni og leiðir sem nota eigi við sannprófun, þar á meðal vottun sem leið til gagnkvæmrar viðurkenningar. Þegar við verður komið skal styðja lausnir sem fengið hafa alþjóðasamþykki. Stuðla ber einnig að þróun og notkun tölvukerfa með innbyggðum öryggisráðstöfunum.

#### 4.3. *Staða og horfur*

Þýðingarmiklar aðgerðir hafa verið samþykktar til að tryggja öryggi upplýsingakerfa, einkum í Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Í Evrópu er fjallað um þessi mál í sambandi við upplýsingatækni almennt og stöðlun fjarskipta á vegum Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu (ETSI) og Staðlaog Rafstaðlastofnunar Evrópu (CEN/CENELEC), í ráðgjafarnefndinni um tækninýjungar og -yfirfærslu (CCITT) og hjá Alþjóðastaðlastofnuninni (ISO).

Vaxandi áhyggjur manna hafa orðið til þess að vinna á þessu sviði hefur aukist í Bandaríkjunum og bæði seljendur og þeir sem þjónustu veita leggja aukna áherslu á þessi mál. Í Frakklandi, Þýskalandi og Breska konungsríkinu hafa svipaðar ráðstafanir verið gerðar en hægt miðar að þróa sameiginlegt átak í Evrópu er samsvarar því gerist í Bandaríkjunum.

#### 4.4. *Þarfir, valmöguleikar og forgangsverkefni*

Til að tryggja öryggi upplýsingakerfa er óhjákvæmilegt að tengja saman vinnu á sviði löggjafar, notkunar, stjórnunar og tækni. Innihald reglugerða verður að koma fram í stöðlum og ráðstafanir vegna öryggis upplýsingakerfa verða að vera í samræmi við staðla og reglugerðir þannig að unnt sé að sannprófa þær. Á ýmsum sviðum krefjast reglugerðir forskrifta sem hafa víðara gildi en almennir staðlar og fela í sér t.d. siðareglur. Kröfur um staðla og siðareglur eru til staðar öllum sviðum sem tengjast öryggi upplýsingakerfa og gera verður greinarmun á kröfum um vernd, sem falla undir öryggismarkmið, og tæknilegum kröfum sem falla undir lögsögu lögbærra stöðlunarstofnana (CEN/CENELEC/ETSI).

Nauðsynlegt er að forskriftir og staðlar nái yfir öryggisþjónustu við upplýsingakerfi (sannprófun einstaklinga og fyrirtækja, aðferðir gegn óréttmætri brottvísun, tölvuvitnisburður sem hefur lagalegt gildi, eftirlit með veitingu heimilda), viðskiptaþjónustu sem í boði er

(til að gæta öryggis í myndflutningi, farsímasendingum á tali eða gögnum, gagna- og myndgagnasendingum og samþættri þjónustu), stjórnun á samskiptum og öryggismálum (opinbert lykla- eða einkalyklakerfi fyrir aðgang að opnum netum, vernd fyrir netstjórnun og fyrir þá sem þjónustu veita) og vottun þeirra (kröfur um öryggi á mismunandi stigum, reglur um hvaða kröfur má gera um örugg upplýsingakerfi).

### 5. **V. framkvæmdaáætlun - framfarir í tækni og notkun upplýsingakerfa sem varða öryggi þeirra**

#### 5.1. *Málefni*

Skipuleg rannsókn og þróun tækni sem leiðir til hagkvæmra og fullnægjandi lausna í framkvæmd á margs konar þörfum vegna öryggis upplýsingakerfa nú og síðar er algjört skilyrði fyrir þróun markaðarins í upplýsingaþjónustu og til að tryggja samkeppnisstöðu evrópsks iðnaðar almennt.

Við þróun tækni sem lýtur að öryggi upplýsingakerfa verður að leitast við að tryggja öryggi bæði tölvugagna og tölvusamskipta, vegna þess að nú eru flest kerfi tengd dreifinganetum og aðgangur að þeim er veittur í gegnum fjarskiptaþjónustu.

#### 5.2. *Markmið*

Skipuleg rannsókn og þróun tækni sem leiðir til hagkvæmra og fullnægjandi lausna á margs konar þörfum vegna öryggis upplýsingakerfa nú og síðar.

#### 5.3. *Þarfir, valmöguleikar og forgangsverkefni*

Aðgerðir til að tryggja öryggi upplýsingakerfa verða að fela í sér fyrirætlanir um þróun og framkvæmd, nýta tækni og gera ráð fyrir samþættingu og sannprófun.

Með rannsóknar- og þróunarvinnu til langs tíma skal leitast við að þróa heildarlíkön fyrir örugg kerfi (sem eru vernduð gegn skemmdum, óheimilum breytingum og óréttmætri brottvísun), vinnslulíkön fyrir þarfir við notkun, áhættulíkön og uppbyggingu öryggiskerfa.

Rannsóknar- og þróunarvinnna á tæknisviði skal ná yfir staðfestingu á notendum og boðum (t.d. með raddgreiningu og tölvuundirskriftum), tæknilega skilfleti og aðferðir við brenglun, búnað til að takmarka aðgang og leiðir til að taka í notkun kerfi sem eru örugg og unnt er að sannprófa.

Rannsaka skal sannprófun og staðfestingu á öryggi tæknikerfa og nothæfi þeirra innan verkefna á sviði samþættingar og sannprófunar.

Þörf er á, til viðbótar við samhæfingu og þróun öryggisráðgjafna, ýmsum hliðarráðgjafnum sem lúta að gerð, viðhaldi og samkvæmri beitingu staðla og sannprófun og vottun upplýsingatækni og fjarskiptabúnaðar að því er varðar öryggi þeirra, þar með talið sannprófun og vottun aðferða til að hanna og taka í notkun kerfi.

Nota má þriðju rammaáætlun bandalagsins um rannsóknir og þróun til að efla samstarfsverkefni á forstigum, áður en til samkeppni eða stöðlunar kemur.

## 6. VI. framkvæmdaáætlun - ráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsingakerfa

### 6.1. Málefni

Með tilliti til eðlis upplýsingakerfisins, verður að gera ráðstafanir sem þarf til að tryggja öryggi á ýmsum stöðum í upplýsingakerfinu, m.a. í tölvum/útstöðvum, í þjónustukerfinu og við netstjórnun með því að nota brenglunarbúnað, aðgangskort, opinbera lykla, einkalykla, o.s.frv. Búast má við að seljendur bjóði ýmis konar vél- og hugbúnað með innbyggðum vörnum en aðrar fylgi dreifingakerfunum (t.d. netstjórnun), tilheyri notendum (t.d. aðgangskort) eða fáist frá sérstökum aðilum (t.d. opinberir lykilar/einkalyklar).

Búast má við að seljendur, þeir sem þjónustu veita og þeir sem starfrækja kerfi sjái um meirihluta öryggisbúnaðarins. Ef til vill getur verið þörf á að tilgreina viðeigandi stofnanir eða samtök og veita þeim umboð til að gegna tilteknu hlutverki, t.d. við að útvega opinbera lykla/einkalykla eða halda reiðu á veitingu aðgangsheimilda.

Það sama gildir um vottun, mat og sannprófun á gæðum þjónustunnar, en sjá verður til þess að stofnanir eða samtök sem annast það séu óháð seljendum, þeim sem þjónustu veita og þeim sem starfrækja kerfi. Slíkir aðilar geta starfað á eigin vegum, á vegum hins opinbera eða með opinberu leyfi til að sinna tilteknum verkefnum.

### 6.2. Markmið

Til að greiða fyrir samfelldri þróun í öryggismálum upplýsingakerfa í bandalaginu og til að vernda hagsmuni hins opinbera og einkaaðila verður nauðsynlegt að gæta samkvæmni í að tryggja öryggi.

Þar sem heimila verður starfsemi sjálfstæðra stofnana eða samtaka skal skilgreina og samþykkja hlutverk þeirra og starfsskilyrði og, ef þörf krefur, setja lagaákvæði um það. Markmiðið er að ná samkomulagi um skýrt afmarkaða skiptingu ábyrgðar milli allra þátttakenda á þessu sviði í bandalaginu, sem er forsenda fyrir gagnkvæmri viðurkenningu.

### 6.3. Staða og horfur

Sem stendur eru ráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsingakerfa einungis vel skipulagðar á ákveðnum sviðum og takmarkast við að fullnægja sérþörfum þeirra. Heildarskipulag í bandalaginu er almennt á könnunarsligi og engin gagnkvæm viðurkenning á sannprófun og vottun er fyrir hendi fyrir utan lokaðra hópa. Eftir því sem mikilvægi upplýsingakerfa eykst verður þörfin æ brýnni fyrir samræmd viðbrögð til að tryggja öryggi upplýsingakerfa í Evrópu og um heim allan.

### 6.4. Þarfir, valmöguleikar og forgangsverkefni

Vegna þess hversu margir eiga hér hlut að máli og hversu háð lögum og reglugerðum málið er, er afar brýnt að ná samkomulagi fyrirfram um reglurnar sem gilda eiga um öryggisráðstafanir fyrir upplýsingakerfi.

Til að vinna verkið á samhentan og samkvæman hátt verður að fjalla um hvernig greina má og skilgreina starfsemi sem, vegna eðlis síns, þarf sjálfstæð samtök eða stofnanir (eða samstarfsstofnanir) til að sinna. Undir þetta fellur m.a. umsjón með opinberum lykllum/einkalyklum.

Þar að auki er nauðsynlegt að greina og skilgreina á byrjunarsligi hvaða starfsemi ber að fela sjálfstæðum stofnunum eða samtökum (eða samstarfsstofnunum) til þess að gæta hagsmuna almennings. M.a. gæti verið um endurskoðun, gæðatryggingu, sannprófun, vottun og sambærileg störf að ræða.

## Ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna,

á fundi í ráðinu 1. febrúar 1993,

um stefnu- og framkvæmdaáætlun bandalagsins í tengslum við umhverfi og sjálfbæra þróun

(93/C 138/01)

### RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA OG FULLTRÚAR RÍKISSTJÓRNA AÐILDARRÍKJANNA, Á FUNDI Í RÁÐINU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu,

með hliðsjón af drögum frá framkvæmdastjórninni,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Sáttmáli Efnahagsbandalags Evrópu, eins og honum var breytt með einingarlögunum, kveður skýrt á um mótun og framkvæmd umhverfismálastefnu í bandalaginu. Sáttmálinn um Evrópu-sambandið, undirritaður í Maastricht 7. febrúar 1992, hefur að meginmarkmiði að stuðla að sjálfbærum vexti þar sem tekið er tillit til umhverfisins og í sáttmálanum eru tilgreind markmið og viðmiðanir stefnunnar og þeir þættir sem verður að hafa í huga við stefnumótunina.

Í yfirlýsingu þjóðhöfðingja á fundi í ráðinu 26. júní 1990 segir meðal annars að semja þurfi umhverfismálaáætlun sem byggist á sjálfbærri þróun, forvörnum og sameiginlegri ábyrgð.

Bandalagið og aðildarríki þess hafa öðlast töluverða reynslu við mótun og framkvæmd umhverfismálastefnu og umhverfismálalöggjafar og umhverfisvernd er nú meiri en áður.

Ráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun (UNCED) samþykkti á fundi í Río de Janeiro 3. - 14. júní 1992 Ríó-yfirlýsinguna og verkefnaskrá 21 um að stefna að sjálfbærri þróun

um allan heim og einnig yfirlýsingu um skógamálefni. Mikilvægir sáttmálar um loftslagsbreytingar og fjölbreytileika lífríkisins voru undirritaðir af bandalaginu og aðildarríkjum þess. Bandalagið og aðildarríki þess undirrituðu einnig verkefnaskrá 21 og áður nefnda yfirlýsingu.

Á fundi leiðtogaáætlunarinnar í Lissabon 27. júní 1992 settu bandalagið og aðildarríki þess sér að hraða framkvæmd þeirra meginráðstafa sem UNCED samþykkti.

Á fundi leiðtogaáætlunarinnar í Lissabon 27. júní 1992 og í Birmingham 16. október 1992 var framkvæmdastjórninni og ráðinu sett fyrir að vinna að framkvæmd reglunnar um dreifræði og á fundi í Edinborg 11. og 12. desember 1992 samþykkti leiðtogaáætlunin meginreglur, viðmiðunarreglur og starfsreglur um beitingu hennar. Í samræmi við dreifræðisregluna verður framkvæmd sumra stefnuatriða og séraðgerða áætlunarinnar „Í átt til sjálfbærleika“ <sup>(3)</sup>, er nefnist hér á eftir „áætlunin“, á hendi annarra en stofnana Evrópubandalaganna.

Grundvöllur áætlunarinnar er sá að umhverfismálastefna og stefna í öðrum skyldum málefnum verði samhæfð nægilega,

VIÐA að í áætluninni sem framkvæmdastjórnin lagði fram endurspeglast markmið og meginreglur um sjálfbæra þróun, forvarnir og sameiginlega ábyrgð samkvæmt yfirlýsingu þjóðhöfðingja á fundi í ráðinu 26. júní 1990 og sáttmálanum um Evrópusambandið er var undirritaður í Maastricht 7. febrúar 1992;

TELJA að vegna þess að áætlunin er yfirgripsmikill rammi og hún vísar leiðina í átt til sjálfbærrar þróunar sé hún ágætt upphaf til framkvæmdar verkefnaskrá 21 af hálfu bandalagsins og aðildarríkjanna;

HAGA Í HUGA að núna stuðlar margvísleg starfsemi og þróun ekki að sjálfbærleika umhverfisins og LÝSA STUÐNINGI við hið almenna markmið að beina starfsemi manna og þróun í átt til sjálfbærleika;

<sup>(1)</sup> Áliti var skilað 17. nóvember 1993 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(2)</sup> Stjttð. EB nr. C 287, 4. 11. 1992, bls. 27.

<sup>(3)</sup> Stjttð. EB nr. C 138, 17. 5. 1993, bls. 5.

ERU SAMMÁLA um það að markmiðið um sjálfbæra þróun næst ekki nema verulegar breytingar verði frá því sem nú er varðandi þróun, framleiðslu, neyslu og umgengni;

LÝSA YFIR ÞVÍ að slíkar breytingar fela í sér sameiginlega ábyrgð á heimsvísu, á bandalagsvísu, á vissum svæðum, á landsvísu, í sveitarfélögum og jafnvel ábyrgð einstaklinga;

JÁTA ÞVÍ að í framkvæmd taki áætlunin tillit til fjölbreytileika ólíkra svæða innan bandalagsins, og hún sé í samræmi við markmið um aukna fjárhagslega og félagslega samloðun, og hún leiði til meiri umhverfisverndar;

HAGA Í HUGA að niðurstöður leiðtoga ráðsins í Birmingham 16. október 1992 og í Edinborg 11. og 12. desember 1992 móta störf bandalagsins varðandi dreifræðisregluna;

BIÐJA framkvæmdastjórnina að tryggja að allar tillögur hennar varðandi umhverfismál endurspegli fyllilega þá reglu, og TAKA AÐ SÉR að skoða tillögurnar í hverju máli til að tryggja að þær samrýmist reglunni;

VIRÐA að samkvæmt dreifræðisreglunni og hugmyndinni um sameiginlega ábyrgð verður framkvæmd sumra stefnuatriða og séraðgerða áætlunarinnar á hendi annarra en stofnana bandalagsins;

HAGA Í HUGA að beiting dreifræðisreglunnar mun ekki verða skref aftur á bak í stefnu bandalagsins né hindra frekari þróun þess;

HAGA Í HUGA að stefnan verður þó áhrifaríkari ef ráðstafanir eru gerðar á réttu stigi; að því leyti sem snertir umhverfi og þróun innan Evrópubandalaganna;

HAGA Í HUGA skýrslu um stöðu umhverfismála sem framkvæmdastjórnin birti í tengslum við áætlunina;

HAGA Í HUGA þau almennu jákvæðu áhrif sem fyrri umhverfisáætlanir hafa haft á vissum sviðum umhverfismála;

HAGA Í HUGA að núverandi umhverfisáætlun rennur út um leið og innri markaðurinn kemst á;

HAGA Í HUGA að á gildistíma fimmtu áætlunarinnar skal umhverfishlið innri markaðarins styrkt;

TELJA samt að núgildandi ráðstafanir dugi ekki gegn auknum þrýstingi á umhverfið vegna núverandi og áætlaðrar efnahagslegrar og félagslegrar þróunar innan bandalagsins og þróunar í nágrannalöndum, einkum í Mið- og Austur-Evrópu og víðar;

ERU SAMMÁLA um það að nauðsyn sé á framsæknari, samhæfðari og samstilltari stefnu í umhverfis- og þróunarmálum á öllum stigum samfélagsins;

GERA TILLÖGU, meðal annars til að draga úr soun náttúruauðlinda og minnka mengun, um útfærslu hugmyndarinnar um eftirlit með vörum allan endingartíma þeirra og allan vinnsluferilinn, einkum í tengslum við losun, og einnig tillögu um notkun á hreinni eða þrífalegri tækni og að nýjar hættuminni aðferðir eða efni verði tekin upp í stað tiltekinnar hættulegrar vinnslu eða efna á sem hagkvæmasta hátt;

LÝSA STUÐNINGI við þá stefnu að veita aukinn og hæfilegan gaum tilteknum lykilgreinum á samræmdan og samstilltan hátt, meðal annars með nánari viðræðum við megingerendur í þeim greinum sem eru nefndar í áætluninni;

JÁTA nauðsyn athugunar á samhæfðri bandalagsstefnu og -áætlun um varðveislu og vernd náttúrunnar, einkum hvað snertir fjölbreytileika lífríkisins og skóga;

ÁRÉTTA það lykilatriði að fullt tillit sé tekið til umhverfismála við mótnun og framkvæmd stefnu í öðrum málum, og nauðsyn þess að koma upp viðeigandi kerfi innan aðildarríkjanna, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar til að ná fram þessari samhæfingu sem stefnan í áætluninni byggist á;

BIÐJA framkvæmdastjórnina að floga nýjar lausnir í þessu sambandi, og kanna meðal annars kostina á eftirtöldum sviðum, og gefa síðan skýrslu um niðurstöður sínar þegar þar að kemur:

- nýtt kerfi innan framkvæmdastjórnarinnar til að auka samvinnu milli málefna sviða við mótnun lagafrumvarpa sem tengjast stofnanaskipan,
- að birta í föstum áfangaskýrslum um framkvæmd áætlunarinnar og verkefnaskrár 21 sérstakt mat, fyrir hverja grein, um framlag á öðrum málefna sviðum til þess að uppfylla markmið í umhverfismálum,
- að hafa í lagafrumvörpum sérstakan hluta þar sem fjallað er um hugsanleg áhrif á umhverfið,
- að taka tillit til umhverfismála við fjárveitingar úr sjóðum bandalagsins;

MUNU floga í löndum sínum, og innan ráðsins í öllum þess myndum, að innleiða sambærilegar ráðstafanir til að ná sömu markmiðum;

VIÐURKENNA að það fyrirkomulag að sameiginleg ábyrgð dreifist á öll stig samfélagsins krefst fyllri og víðtækari meðala til viðbótar við hefðbundna löggjöf; í því sambandi má nefna:

- markaðs- eða fjárhagstengd meðöl,
- rannsóknir og þróun, upplýsingar, menntun og þjálfun,
- fjárstuðningskerfi,

- kerfi með frjálstri aðild;

HAGA Í HUGA markmið, viðfangsefni, aðgerðir og tímaramma í áætluninni, og telja þetta ágæta upphaf á leið til sjálfbærrar þróunar;

VIRÐA skerf áætlunarinnar til að uppfylla sett markmið í stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu þess efnis að umhverfismálastefna bandalagsins skuli taka mið af mögulegum ávinningi og kostnaði við aðgerðir eða aðgerðarleysi;

BIÐJA framkvæmdastjórnina að móta tillögur um frekari athuganir í þessu efni eftir því sem þörf er á;

HAGA Í HUGA að sjálfbærleiki starfsemi og þróunar næst ekki á gildistíma þessarar áætlunar og því þurfa líklega að koma til frekari framsæknari ráðstafanir eftir árið 2000 svo næsta kynslóð fái umhverfið í ástandi sem skaðar ekki heilsu manna og getur haldið félags- og fjárhagslegri velferð á háu stigi;

HAGA OG Í HUGA að enda þótt mörgum af ráðstöfununum og aðgerðunum sé settur tímarammi sem nær til 2000 eða jafnvel lengur, þá er ætlunin að endurskoða áætlunina fyrir lok árs 1995;

BIÐJA á meðan fyrirhugaða endurskoðunarnefnd umhverfismála að fylgjast, þegar hún er komin á laggirnar, með framkvæmd áætlunarinnar og skila reglulega skýrslum til framkvæmdastjórnarinnar um framgang áætlunarinnar; í þessu sambandi skal nefndin huga að tengslum viðskipta og umhverfis;

BIÐJA framkvæmdastjórnina að gefa við endurskoðun áætlunarinnar sérstakan gaum að nauðsynlegri endurskoðun á markmiðum og forgangsverkefnum og leita álits annarra og þó einkum aðildarríkjanna,

TELJA að til tryggja að ráðstafanir bandalagsins í umhverfismálum skili betri árangri þurfi að bæta enn frekar samstarf milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna;

LEGGJA ÁHERSLU á mikilvægi virkrar framkvæmdar og fullnustu löggjafar bandalagsins í öllum aðildarríkjum;

LEGGJA ÁHERSLU á að hugað sé að því, bæði við framlagningu lagatillagna og samþykkt laga, að lagadrög séu vönduð, einkum hvað snertir framkvæmd og fullnustu þeirra í reynd;

MUNU ræða innan ráðsins ársskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um stöðu mála varðandi framkvæmd og fullnustu löggjafar bandalagsins í aðildarríkjunum;

HAGA Í HUGA að enda þótt aðildarríkin beri ábyrgð á framkvæmd og fullnustu ráðstafana sem ráðið samþykkir, þá verður framkvæmdastjórnin áfram réttur aðili til að hafa eftirlit með framkvæmdinni og fullnustunni;

BIÐJA framkvæmdastjórnina að huga að tillögum til úrbóta fyrir framkvæmdaraðila í aðildarríkjunum og hvetta til að teknir verði upp hinir bestu starfshættir;

LEGGJA ÁHERSLU á þýðingu þess að Umhverfisskrifstofa Evrópu taki til starfa sem fyrst;

HAGA Í HUGA að í áætluninni eru tillögur um samráðsgrundvöll, endurskoðunarnefnd umhverfismála og net framkvæmdaraðila frá aðildarríkjunum;

FAGNA reglunni um víðtækara og skipulegra samráð við hagsmunaaðila; að því leyti sem snertir umhverfi og þróun á alþjóðavísu;

GERA ÞÁ KRÖFU að bandalagið og aðildarríki þess leggi sitt af mörkum til verkefna sem fást við lausn vandamála eins og loftslagsbreytingar, eyðingu skóga, eyðimerkur og eyðingu ósonlagsins og fækkun tegunda í lífríkinu og að þau standi hið fyrsta við skuldbindingar sem þau hafa gengist undir með staðfestingu viðkomandi alþjóðasamninga;

MUNU leggja til krafta sína við gerð áætlana um sjálfbæra þróun í þróunarlöndum og í löndum Mið- og Austur-Evrópu innan ramma samvinnu- og samstarfssamninga bandalagsins;

HAGA Í HUGA að margar af innanbandalagsráðstöfununum í áætluninni eiga að draga úr són náttúruauðlinda og þær eru því framlag til bættrar umgengni við náttúruauðlindir á alþjóðavísu;

ÁRÉTTA ætlun sína um að framkvæma átta liða áætlunina í kjölfar UNCED sem var samþykkt á fundi leiðtoga ráðsins í Lissabon. Meðal verkefna bandalagsins og aðildarríkjanna skal nefna:

- að undirbúa staðfestingu á samningum um loftslagsbreytingar og fjölbreytileika lífríkisins fyrir lok árs 1993, og leggja um leið drög að áætlunum á þessu sviði innanlands,
- að taka efni Ríó-yfirlýsingarinnar, verkefnaskrár 21 og yfirlýsingar um skógamálefni upp í stefnu bandalagsins og aðildarríkjanna þess eins fljótt og unnt er,
- að vinna á vegum nefndar um sjálfbæra þróun (NSÞ) að endurskoðun á framkvæmd skógastefnu og vinna að undirbúningi að hugsanlegum samningi um skógamálefni,
- að taka virkan þátt í viðræðum um gerð samnings um eyðimerkur,
- að standa við skuldbindingar um að efla aðstoð við þróunarlönd hvað snertir sjálfbæra þróun og auka fé til verkefnaskrár 21 með því að tiltaka fjárstuðning við

þróunarlönd, meðal annars nýjar og verulegar tekjulindir, í þessu sambandi þarf að nota þá 3 milljarða ECU sem Evrópubandalagið og aðildarríki þess hétu að leggja fram í Ríó sem fyrsta framlag til að hrinda verkefnaskrá 21 skjótt í framkvæmd, með áherslu í fyrstu á það að miðla tækni, ganga frá opinberum byggingum og draga úr fátækt,

- að vinna að endurskipulagningu umhverfismálakerfisins í heimínum og koma á föstu fjármagnskerfi sem gæti verið grundvöllur að nýjum heimsúmhverfismálasáttmálum, einkum samningum um loftslagsbreytingar og fjölbreytileika lífríkisins,
- að ítreka áfram eflingu jarðar við Alþjóðlegu þróunarsamtökin (APS) í umhverfismálaskyni;

Hafa Í HUGA að framkvæmd áætlunarinnar verður veigamikil framlag af hálfu Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess til að fylgja eftir verkefnaskrá 21;

LEGGJA ÁHERSLU á nauðsyn þess að fá frjáls samtök og aðra hópa til að vinna að því að fylgja eftir UNCED innanlands og hjá NSP;

LEGGJA ÁHERSLU á mikilvægi stofnunar NSP og nauðsyn fullrar þátttöku bandalagsins í vinnu NSP í samræmi við ályktanir ráðsins frá 23. nóvember 1992 og Hafa Í HUGA að bandalagið og aðildarríkin munu senda reglulega áfangaskýrslur um framkvæmd verkefnaskrár 21 til NSP;

og með hliðsjón af eftirfarandi:

TAKA UNDIR að þörf er á stefnu- og framkvæmdaáætlun í umhverfismálum sem stuðlar að sjálfbærri þróun;

SAMÞYKKJA almenn markmið og leiðir áætlunar framkvæmdastjórnarinnar „Í átt til sjálfbærleika”;

BIÐJA framkvæmdastjórnina að leggja fram tillögur um framkvæmd áætlunarinnar innan bandalagsins;

MUNU taka afstöðu til tillagna framkvæmdastjórnarinnar eins fljótt og unnt er með markmið, viðfangsefni og tímaramma áætlunarinnar í huga í tengslum við tillögurnar;

BIÐJA stofnanir bandalagsins, aðildarríkin, fyrirtæki og einstaklinga að fallast á ábyrgð sína um að vernda umhverfið fyrir þessa og komandi kynslóðir og taka fullan þátt í framkvæmd þessarar áætlunar.



## ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 13. júlí 1992

### um mikilvægustu framtíðarverkefni við mótun stefnu um neytendavernd

(92/C 186/01)

#### RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bætt lífsskjör fela meðal annars í sér verndun heilsu, öryggis og efnahagslegra hagsmuna neytenda ásamt fræðslu og menntun.

Ráðstafanir sem eru gerðar samkvæmt 100 gr. a í sáttmálanum verða að hafa í sér fólga neytendavernd á háu stigi, einkum að því er varðar heilsu og öryggi neytenda.

Auk þess var það álit leiðtoga ráðsins í Maastricht að neytendavernd skyldi vera innbyggð í stefnumótun bandalagsins.

Ályktun Evrópuþingsins um þörfina á að auka neytendavernd og almannaheilbrigði í sambandi við stofnun hins innri markaðar var samþykkt 11. mars 1992.

Í ályktun ráðsins frá 9. nóvember 1989 er gerð grein fyrir forgangsröð framtíðarverkefna í sambandi við nýja stefnumótun í neytendavernd og gildir hún áfram.

Þriggja ára aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar (1990 til 1992) er vel á veg komin en hefur ekki enn verið framkvæmd til fullnustu.

Rétt er að fela framkvæmdastjórninni að gera frekari áætlun um mótun stefnu um neytendavernd á komandi árum þar sem tekið verði tillit til forgangsráðstafana í fyrri áætlunum sem hafa enn ekki verið framkvæmdar, tæknilegra, félagslegra og efnahagslegra breytinga og nauðsynjar á áframhaldandi þróun í Evrópubandalaginu.

Vörur og þjónusta sem eru ætluð neytendum mega ekki hafa í för með sér áhættu eða stofna heilbrigði og öryggi neytenda í hættu.

Frelsi neytandans til að velja úr fjölbreytilegum vörum og þjónustu skal tryggt með auknum upplýsingum.

Möguleikar neytandans á vali skulu auknir með því að gera fræðsluáætlanir á viðeigandi stöðum.

Þörf er á frekari ráðstöfunum til að skapa traust neytandans á starfsemi sameiginlega markaðarins, einkum að því er varðar gagnsæi, upplýsingar, tryggingar og ábyrgðir.

Mikilvægt er að stuðla að neytendabótum í skilningi ályktunar frá 25. júní 1987 um neytendabætur <sup>(1)</sup> og ályktunar frá 9. nóvember 1989 um forgangsröð framtíðarverkefna við nýja stefnumótun í neytendavernd <sup>(2)</sup>.

Mikilvægt er að tryggja framkvæmd laga bandalagsins og stöðugt eftirlit með áhrifum þeirra á neytendur.

Með stofnun hins sameiginlega markaðar verða kröfur um gæði þjónustu og vöru auknar, einkum að því er varðar matvæli.

Nauðsynlegt er að taka tillit til hagsmuna neytenda við stefnumótun bandalagsins á öðrum sviðum og að hafa haldgóða vitneskju um áhrif hins sameiginlega markaðar á neytendur.

Auka þarf möguleika neytenda á að gæta hagsmuna sinna, einkum með það fyrir augum að jafna deilur neytenda milli landa, þar með talin þróun upplýsingamiðstöðva milli landa.

Auka þarf möguleika neytenda á því að hagnast á fjölmörgum möguleikum sameiginlega markaðarins með því að ýta undir þróun neytendasamtaka.

<sup>(1)</sup> Stjútö. EB nr. C 176, 4. 7. 1987, bls. 2.

<sup>(2)</sup> Stjútö. EB nr. C 294, 22. 11. 1989, bls. 1.

FER ÞESS Á LEIT að framkvæmdastjórnin geri eins fljótt og unnt er ráðstafanir til að skapa traust neytenda á sameiginlega markaðinum, einkum að því er varðar aukið gagnsæi, upplýsingar, hollustu og öryggi og verndun efnahagslegra hagsmuna neytenda; einnig að framkvæmdastjórnin athugi nánar hvort óheiðarlegar auglýsingar eigi sér stað, með það fyrir augum að leggja fram tillögu þar að lútandi.

FER ÞESS Á LEIT að framkvæmdastjórnin leggi fram skýrslu, að teknu tilliti til þessara forgangsverkefna og þeirra sem talin eru upp í viðauka við þessa ályktun og eigi síðar en 31. desember 1992, um mat á núverandi aðgerðaáætlun og á grundvelli hennar frekari áætlun um aðgerðir á tímabilinu 1993 til 1997, sem ætlað er að móta stefnu í neytendavernd og ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKIR að hvetja framkvæmdastjórnina til að leggja fram tillögur um auknar upplýsingar til neytenda.

FER ÞESS Á LEIT að aðildarríkin stuðli einnig að upplýsingum til neytenda og fræðsluátaki.

SÝNIR ÁHUGA áformum framkvæmdastjórnarinnar um að athuga möguleika á að koma á „ári neytandans í Evrópu”.

## VIÐAUKI

### FORGANGSVERKEFNI VIÐ MÓTUN STEFNU UM AUKNA NEYTENDAVERND TIL HAGSBÓTA FYRIR NEYTENDUR:

1. **Samræming stefnumótunar um neytendavernd og bættu hagsmuni neytenda við stefnu bandalagsins á öðrum sviðum**
  - að ljúka heildarathugun á því hver áhrif stofnunar innri markaðarins hefur fyrir neytendur,
  - að leggja fram mat á áhrifum tillagna sem snerta neytandann sérstaklega,
  - að hraða vinnu við staðlasetningu og vottun, að teknu tilliti til hagsmuna neytenda,
  - að vernda hagsmuni neytenda, einkum að því er varðar matvæli, fjármálaþjónustu og greiðslukerfi.
2. **Upplýsingar og fræðsla fyrir neytendur:**
  - upplýsingar og fræðsla fyrir neytendur um sameiginlega markaðinn, ætluð til að vernda hagsmuni og réttindi neytenda,
  - bættar upplýsingar um þjónustu við neytendur, einkum með því að koma upp upplýsingastöðvum milli landa,
  - bætt gagnsæi þjónustunnar hvað verð áhræfir, einkum í sérfræði- og fjármálaþjónustu,
  - upplýsingar til neytenda um endurvinnsluáætlanir, skynsamlega nýtingu náttúruauðlinda og notkun merkinga á vistvænum vörum,
3. **Lagaleg aðstoð**

Með fyrirvara um innlend ákvæði, hvatnig til aðildarríkjanna um að veita lagalega aðstoð:

  - einföldun á málsmeðferð við að jafna ágreining neytenda,
  - lagaleg aðstoð við neytendur þegar um er að ræða mál sem eru lögð fyrir evrópska dómstóla,
  - aðgangur að neytendasamtökum sem eiga samkvæmt innlendum lögum réttmætra hagsmuna að gæta í málinu fyrir dómstólum í aðildarríkjunum samkvæmt lögum þess dómstóls sem málinu er vísað til.
4. **Öryggi og heilsa**
  - þróun nauðsynlegra samhæfðra kerfa til að tryggja skilvirka beitingu laga um öryggi og heilsuvernd,
  - að ýta undir jöfnun vísindalegrar verkkunnáttu og starfsvenja skoðunaraðila neysluvara í aðildarríkjunum,
  - frekari samræming á umbúðum, merkingum og flokkun framleiðsluvara.

**5. Fulltrúar neytenda**

- aukið umboð neytenda á öllum stigum í þeim tilgangi að auka tjáskipti milli aðila í atvinnurekstri,
- að ýta undir þróun heildarneytendasamtaka í bandalaginu.

**6. Efnahagslegir hagsmunir**

- bætt beiting neytendalöggjafar bandalagsins,
- skipulagning á samræmingu ábyrgðafyrirkomulags og umbætur í sölubjónustu fyrir vörur og þjónustu á hinum sameiginlega markaði,
- umbætur að því er varðar gæði og gagnsæi greiðslukerfa,
- rannsókn á neysluskuldum,
- tillit tekið til hagsmuna neytenda þegar stuðlað er að skilyrðum sem efla frjálsa samkeppni á innri markaðinum,
- mat á gagnsemi þess og hversu æskilegt það er að samræma ábyrgðir og umbætur í sölubjónustu fyrir vöru og þjónustu á innri markaðinum.

**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA**

**COM(93) 378, lokagerð**

**Brussel 28. júlí 1993**

**STEFNA Í NEYTENDAMÁLUM**

**ÖNNUR ÞRIGGJA ÁRA AÐGERÐAÁÆTLUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
1993 - 1995**

**Um að einn óskiptur markaður þjóni evrópskum neytendum**

## ATRÍÐASKRÁ

<b>- Inngangur</b>		<b>45</b>
<b>- Fyrsti hluti:</b>	<b>Samsteypa löggjafar bandalagsins í þágu neytenda</b>	<b>46</b>
	A. Fyrsta aðgerðaáætlun - mat	46
	B. Lögum bandalagsins um neytendamál beitt á árangursríkan hátt	47
	C. Nýjar aðgerðir	48
<b>- Annar hluti:</b>	<b>Sérhæfð forgangsverkefni til að efla neytendavernd</b>	<b>48</b>
	A. Aukin miðlun upplýsinga til neytenda	48
	B. Að efla og auka samráð	50
	C. Að auðvelda neytendum að ná fram rétti sínum og lausn ágreiningsmála	50
	D. Að koma á fjárhagsaðstoð til að mæta þörfum neytenda	50
	E. Ný viðfangsefni í undirbúningi	51
<b>- Niðurlag</b>		<b>51</b>

## INNGANGUR

1. Eftir að innri landamæri voru fjarlægð og stórmarkaði komið á 1. janúar 1993 í samræmi við markmið einingarlaga Evrópu hefur nýr þáttur aðgerða á vettvangi bandalagsins hafist. Að baki liggur framsækin löggjöf sem bandalagið hrindir í framkvæmd í því skyni að fjarlægja allflestar tæknilegar, lagalegar og fjármálalegar hindranir í vegi fyrir viðskiptum milli aðildarríkjanna.
  2. Fjöldi ráðstafana hefur verið samþykktur í þágu hins borgaralega neytanda sem miðar að því að koma innri markaðnum á með beint og óbeint hagræði í för með sér. Sem dæmi um stórstígar framfarir í þágu evrópskra neytenda má nefna frjálsa verslun yfir landamæri og aukna samkeppni í kjölfarið, lægri skattheimtu í tilteknum aðildarríkjum vegna samræmingar óbeinna skatta, afnám tollskoðunar á farangri ferðamanna sem fara um bandalagið og afnám formsatriða vegna búferlaflutninga milli aðildarríkja eða tiltekinna póstsendinga.
  3. Framfarir sem orðið hafa í bandalaginu á sviði flutninga og umhverfismála hafa einnig komið neytendum til góða. Á sviði flutninga í lofti hefur „þriðji pakkinn“ sem ráðið samþykkti í júlí 1992 einkum opnað markað sem hingað til hefur verið lokaður, sem kallar á aukna starfshæfni flugfélaga sem leiði um síðir til lægri fargjalda um leið og þjónustu við farþega er haldið við eða hún aukin. Reglugerðin frá 1989 um starfsreglur fyrir notkun tölvufaraskráningarkerfa stuðlaði að því að vernda hagsmuni neytenda. Á sama hátt munu neytendur héðan í frá njóta nýrra réttinda, m.a. fébóta, vegna ákvæða reglugerðarinnar frá 1991 um sameiginlegar reglur um skaðabætur til handa farþegum sem er vísað frá vegna umframskráningar í áætlunarflugi. Að lokum eykst valfrelsi neytenda til þess að kaupa þjónustu á lægra verði þegar innlendir markaðir á sviði flutninga á vegum og sjóflutninga eru opnaðir þeim sem ekki er búsettur í viðkomandi landi.
  4. Rík tengsl eru einnig milli stefnu í neytendamálum og umhverfismálum. Áhrifin liggja í báðar áttir. Ef sett markmið í umhverfisvernd eiga að ná fram að ganga og skila góðum árangri verða neytendur að breyta hegðun sinni til að unnt sé að nýta auðlindir skynsamlega og stuðla að minnkun úrgangs. Með fimmtu aðgerðaáætlun bandalagsins „til sjálfbærrar þróunar“ er stefnt að því að fella þennan þátt undir stefnumið einstakra sviða og gert ráð fyrir því að framleiðsla og neysla séu sjálfbærir þættir háðir samstarfi og sameiginlegri ábyrgð aðildarríkjanna, athafnamanna í efnahagslífinu og almennings. Á hinn bóginn koma slíkar aðgerðir í umhverfismálum neytendum án efa til góða í formi betra lífs og aukins öryggis í iðjuverum.
- Stefna í neytendamálum skal endurspeglja umhverfis-sjónarmið á sama hátt og í umhverfismálum skal beina athygli að neytendum og framleiðendum.
5. Önnur stefnumið bandalagsins stuðla einnig að því að bæta stöðu neytenda á stórmarkaðnum. Benda má á virka stefnu bandalagsins í samkeppnismálum með tilliti til einokunarrhinga, yfirburðastöðu, samruna og opinberrar aðstoðar. Frjáls samkeppni er sú meginregla sem í frjálsu markaðshagkerfi leiðir til sem hagkvæmastrar framleiðsluskiptingar í þágu neytenda; neytendur eru í raun endanlegir viðtakendur vöru og þjónustu frá fyrirtækjum og hinu opinbera.
  6. Starfsemi bandalagsins á sviði samfélagsmála er einnig til hagsbóta fyrir neytendur. Með því að stuðla verulega að árangursríkri starfsemi innri markaðarins og sem mestu valfrelsi með tilliti til vöru og þjónustu eykur stefna í neytendamálum á efnahagsgetu bandalagsins og eflir atvinnu. Aukinn áhugi á væntingum neytenda og því sem þeir telja boðlegt með tilliti til vöru og þjónustu mun auka samkeppnishæfni framleiðenda í bandalaginu og þannig styrkja stöðu þeirra á mörkuðum utan þess.
  7. Það að stefna í neytendamálum og önnur stefnumið í málefnum bandalagsins séu innbyrðis háð hvort öðru bendir skýrt til þess hve hugmyndin um neytandann er flókin. Neytendur eru einstaklingar eða lögpersónur sem hafa kaupmátt í miklum eða litlum mæli og kaupa ekki inn eða nota vöru og þjónustu í ábataskyni. Því virðist mikil þörf vera á vettvangi bandalagsins fyrir góð tengsl milli hagsmunaverndar neytenda og annarra stefnumiða sem stýra og fylgja innri markaðnum.
  8. Í öllu falli er mikilvægt að neytendur verði frá degi til dags áþreifanlega varir við ávinning með tilkomu og útvíkkun evrópska stórmarkaðarins. Aðeins með þeim hætti munu þeir öðlast tiltrú á innri markaðnum og markmið hans ná um síðir fram að ganga. Af þessu leiðir fyrsta markmið annarrar þriggja ára aðgerðaáætlunarinnar í þágu neytenda, sem fylgir á eftir fyrstu aðgerðaáætluninni sem framkvæmdastjórnin hratt í framkvæmd á árunum 1990 til 1993 og kemur til framkvæmda á árunum 1993 til 1995, sem er að innri markaðurinn þjóni evrópskum neytendum í raun og veru. Markmiðið er einnig að nýta önnur stefnumið bandalagsins í þágu neytenda.
  9. Staðreyndin er engu að síður sú að á mörgum tilteknum sviðum eins og að ná fram rétti sínum, einkum þegar um minni háttar ágreining er að ræða sem snertir neytendur, greiðslur yfir landamæri, tryggingar og merkingar, er Evrópa neytandans enn ekki orðin að veruleika. Upplýsingar til neytenda eru enn ófullnægjandi þrátt fyrir framfarir sem þegar hafa orðið fyrir tilstuðlan framkvæmdastjórnarinnar og samtaka neytenda. Nýrra ráðstafana er þörf til að vernda heilsu, öryggi og efnahagslega hagsmuni neytenda á viðunandi hátt.

10. Önnur þriggja ára aðgerðaáætlunin tengist framkvæmd Maastrichtsáttmálans um Evrópusambandið. Í nýja sáttmálanum er neytendavernd í reynd gerð að stefnumiði bandalagsins. Í s-lið 3. gr. er „framlag til að auka neytendavernd“ þannig sett fram sem framkvæmdamarkmið bandalagsins. Í 129. gr. a er eftirfarandi tilgreint: „bandalagið skal stuðla að því að neytendavernd sé í hávegum höfð með:

- a) ráðstöfunum sem eru samþykktar samkvæmt ákvæðum 100. gr. a í tengslum við að koma sameiginlega markaðnum á;
- b) sérstökum aðgerðum sem styrkja og bæta við þá stefnu sem aðildarríkin fylgja til þess að vernda heilsu, öryggi og efnahagslega hagsmuni neytenda og veita þeim fullnægjandi upplýsingar.”

Maastrichtsáttmálinn opnar nýtt svið fyrir aðgerðir á vettvangi bandalagsins með því að fjalla um getu þess á þessu sviði sem er bæði umfangsmeiri og betur skilgreind. Framkvæmdastjórnin hyggst nýta til fullnustu það sem felst í nýju ákvæðunum. Hún mun hefja umræðu um þetta málefni eftir að fullgildingu ákvæðanna er lokið. Í framkvæmdinni verður tekið tillit til meginreglunnar um dreifræði og hún túlkuð á jákvæðan hátt, þ.e. þannig að tryggt sé að sem bestur árangur náist með aðgerðum á vettvangi bandalagsins.

11. Í annari þriggja ára aðgerðaáætluninni er lögð áhersla á tvö megin sjónarmið:

- lagasamsteypu bandalagsins,
- sérhæfð forgangsverkefni til að efla neytendavernd og gera neytendur meðvitaðri um rétt sinn.

#### I. Lagasamsteypa bandalagsins í þágu neytenda

12. Aðgerðum bandalagsins í þágu neytenda var hrint í framkvæmd innan ramma verkefna sem fylgdu í kjölfar áætlunar. Fyrsta verkefninu var hrint í framkvæmd 1975, öðru 1981, en nýr drifkraftur fólst í verkefninu 1985. Þá kom fyrsta aðgerðaáætlunin sem náði yfir tímabilið frá 1990 til 1992. Með þessum verkefnum og áætluninni hefur verið leitast við að efla frumkvæði í viðum skilningi á öllum sviðum sem varða neytendur. Niðurstaðan er sú að traustur lagagrunnur hefur verið samþykktur sem myndar raunverulegt lagasafn bandalagsins um neytendamál. Sú staðreynd blasir við að ef einn óskiptur markaður á að þjóna neytendum og undirbúa á jarðveginn fyrir að hrinda ákvæðum Maastrichtsáttmálans í framkvæmd í raun og veru verður bandalagið þannig að steypa gildandi lagasafni saman, einkum með því að tryggja framkvæmd gildandi lagatexta, með því að tryggja að ráðið samþykki þá lagatexta

sem framkvæmdastjórnin gerir tillögu um og það hefur ekki enn náð samkomulagi um og með því að undirbúa nýjar ráðstafanir.

#### A. Fyrsta aðgerðaáætlunin - mat

13. Samþykkt fyrstu aðgerðaáætlunarinnar í þágu neytenda og tilurð þjónustu vegna stefnu í neytendamálum innan framkvæmdastjórnarinnar hefur stuðlað að skilningi á mikilvægi neytendamála á vettvangi bandalagsins og í tengslum við undirbúning innri markaðarins. Ráðið samþykkti samhljóða flestar tillögur framkvæmdastjórnarinnar, jafnvel þó það væri ekki nauðsyn, og þrátt fyrir erfiðar samningaviðræður á stundum. Unnt reyndist að sigrast á ákveðinni andstöðu gegn hagsmunum neytenda á kostnað hagsmuna birgja vöru eða þjónustu. Í flestum tilvikum stuðluðu skoðanaskipti og viðræður að sanngjörnum lausnum jafnvel í erfiðustu málum. Evrópuþingið veitti reglubundinn stuðning.

Það hefur með virkum hætti stuðlað að þróun stefnu í neytendamálum á vettvangi bandalagsins með því að taka tillit til hagsmuna neytenda í umfjöllun sinni og með því að tryggja að nauðsynlegt fjármagn sé fyrir hendi.

14. Á tímabilinu 1990 til 1992 voru eftirfarandi gerningar samþykktir:

- Tilskipun ráðsins 92/59/EBE frá 29. júní 1992 um öryggi framleiðsluvöru<sup>(1)</sup>.
- Ýmsar tilskipanir um samræmingu á löggjöf aðildarríkjana um merkingu og framsetningu matvæla ætluð neytendum, einkum tilskipanir 90/406/EBE frá 24. september 1990, 91/72/EBE frá 16. janúar 1991, 91/238/EBE frá 22. apríl 1991, 92/11/EBE frá 22. apríl 1992;
- tilskipun ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990<sup>(2)</sup> um ferðapakka, orlofspakka og skoðunar-ferðapakka;
- tilskipun ráðsins 90/88/EBE frá 22. febrúar 1990 um breytingu á tilskipun 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjana varðandi neytendalán<sup>(3)</sup>;

þá hefur ráðið samþykkt eftirfarandi tillögur síðan í ársbyrjun 1993:

- sjöttu breytingu á tilskipun um snyrtivörur 76/768/EBE;
- tilskipun ráðsins 93L0013/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum<sup>(4)</sup>.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 228, 11. 8. 1992, bls. 24.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 158, 23. 6. 1990, bls. 59.

(<sup>3</sup>) Stjtið. EB nr. L 61, 10. 3. 1990, bls. 14.

(<sup>4</sup>) Stjtið. EB nr. L 95, 21. 4. 1993, bls. 29.



Þá hefur framkvæmdastjórnin lagt fram nokkrar tillögur sem ráðið hefur ekki samþykkt ennþá;

- tillaga að tilskipun ráðsins um neytendavernd þegar um er að ræða samninga við fjarlæga aðila (fjarsala)<sup>(1)</sup>;
- tillögur að tilskipun ráðsins um ábyrgð þjónustubirgja<sup>(2)</sup>; (nú til athugunar í kjölfar ályktana ráðsins í Edinborg;)
- tillaga að tilskipun ráðsins um samanburð í auglýsingum og breytingu á tilskipun 84/450/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar<sup>(3)</sup>;
- tillaga að tilskipun ráðsins um verndun kaupenda í samningum um skiptileigu á fasteignum<sup>(4)</sup>.

Algeran forgang hefur að samþykka þessar ólíku tillögur sem hugsanlega verða endurskoðaðar í ljósi ályktana leiðtogaráðsins í Edinborg. Þannig munu þessar tilskipanir treysta endanlega nógildandi grundvöll sem neytenda-löggjöf bandalagsins hvílir á.

Með fyrstu aðgerðaáætluninni var einnig hafið upplýsinga- og fræðslustarf sem er nauðsynleg viðbót við lög og reglugerðir. Markmiðið sem lagt er kapp á er ekki aðeins að hvetja neytendur til að nýta sér til fulls ný tækifæri sem tilkoma innri markaðarins hefur í för með sér heldur einnig að gera þeim kleift að leggja á virkan hátt sitt af mörkum til að viðhalda samkeppni á mörkuðum.

Í fyrstu aðgerðaáætluninni (1990 til 1992) miðaðist sú vinna sem lögð var í neytendafræðslu einkum við starfsemi sem varðar báðar hliðar iðnaðar og einnig samtök neytenda eða fjölmiðla.

Aðgerðirnar fólu í sér:

- að koma á fót upplýsinga- og ráðgjafarmiðstöðvum fyrir neytendur á landamærum;
- samanburðarprófanir, m.a. útgáfu fyrstu innkaupaleiðbeininga með hliðsjón af einum óskiptum markaði;
- að hvetja framleiðendur sjónvarpsþátta til að fjalla um neytendamál og fyrst og fremst með hliðsjón af bandalaginu í heild;
- að útbúa upplýsingar til dreifingar í fjölmiðlum;
- að dreifa upplýsingum um undirstöðuatriði til boðmiðlunarkerfa „t.d. skrár yfir neytendasamtök: INFO-C Bulletin

Framkvæmdastjórnin hefur, í tengslum við það að ná fram rétti sínum, hvatt til þess að efnt verði til tilraunaverkefna, einkum að prófa einfaldar aðgerðir til að leysa ágreining í neytendamálum.

## B. Lögum bandalagsins um neytendamál beitt á árangursríkan hátt

15. Framfarir í neytendavernd eru ekki einungis metnar í fjölda lagatexta sem er samþykktur eða aðferðinni við að samþykkja þá. Einnig er nauðsynlegt að neytendur líti svo á að ráðstafanir á vettvangi bandalagsins veiti þeim vernd á nýjan og virkan hátt. Mikilvægt er að neytendur öðlist þann rétt í heimalandi sínu í raun sem reglur bandalagsins gera ráð fyrir og þeim sé gert kleift að nýta sér hann til fulls. Þetta hefur í för með sér nákvæmt eftirlit bæði með því hvernig lög bandalagsins eru gerð að innlendum lögum og með hvaða hætti þeim er beitt.

16. 1. janúar 1993 ber aðildarríkjunum þegar að hafa gert 42 tilskipanir um stefnu í neytendamálum að innlendum lögum. 94% tilskipana hafa að meðaltali verið gerðar að innlendum lögum. Í þessu meðaltali felst engu að síður mikill mismunur og það gefur til kynna í hve ríkum mæli tilkynnt hefur verið um innlendar framkvæmdaáðgerðir án þess að fram komi í hve ríkum mæli þeim er í raun beitt.

Í þessu sambandi vill framkvæmdastjórnin leggja áherslu á mikinn fjölda kvartana sem henni berst á þessu sviði. Til dæmis er framkvæmdastjórninni það ánægjuefni að vekja athygli á því að með tilliti til villandi auglýsinga (tilskipun 84/450/EBE) hafa öll aðildarríkin loksins samþykkt lagagerning. En í ljósi kvartana sem berast framkvæmdastjórninni er ánægjan blandin og þær gefa til kynna vandkvæði því samfara að beita viðkomandi ákvæðum yfir landamæri. Framkvæmdastjórnin heldur áfram að kanna nákvæmlega þær hindranir sem eftir eru með það í huga að leggja fram tillögu um þær lausnir sem eiga best við.

Sérstakt mikilvægi tilskipana fyrir neytendur sem nýlega hafa verið samþykktar og koma munu til framkvæmda á næstu tveimur árum gefur til kynna mikilvægi þess að treysta nána samvinnu við innlend yfirvöld til að tryggja að ákvæði þeirra séu með virkum hætti gerð að innlendum lögum innan tiltekins frests.

17. Við athugun á þessum málaflokki kemur í ljós að margt er ógert varðandi snyrtivörur, orlofspakka og neytendaafslátt (tilskipanir 76/768/EBE með áorðnum breytingum, 90/314/EBE og 87/102/EBE með áorðnum breytingum). Þessi þrjú dæmi sýna að vandkvæði kunna áfram að vera til staðar eftir að lokafrestur til að gera viðkomandi tilskipanir að innlendum lögum er útrunninn. Þessi þrjú svið hafa samt sem áður mikla þýðingu fyrir neytendur.

(<sup>1</sup>) Stjttð. EB nr. C 156, 23. 6. 1992, bls. 14.

(<sup>2</sup>) Stjttð. EB nr. C 12, 18. 1. 1991, bls. 8.

(<sup>3</sup>) Stjttð. EB nr. C 180, 10. 7. 1991, bls. 14.

(<sup>4</sup>) Stjttð. EB nr. C 222, 29. 8. 1992, bls. 5.

18. Því verður framkvæmdastjórnin að fylgjast áfram sérstaklega með því hvernig aðildarríkin hrinda ákvæðum laga bandalagsins í framkvæmd. Hefðbundnum aðferðum sem sáttmálinn kveður á um verður m.a. beitt, en einnig leitast við að tryggja betri kappkostun og raunverulegt samstarf við innlend yfirvöld varðandi þessi lögfræðilegu viðfangsefni. Í nýlegu vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar „Að treysta gagnsemi innri markaðarins - um skipulagða áætlun fyrir innri markaðinn“<sup>(1)</sup> eru fyrirætlanir framkvæmdastjórnarinnar í þessum efnun sundurliðaðar.
19. Kappkostun af þessu tagi ætti einkum að bera árangur þegar leitast er við að beita reglum á sem ákjósanlegastan hátt, hvort sem í þeim felast stjórnsýsluáðgerðir (eins og þegar um er að ræða öryggi leikfanga) eða réttarframkvæmd (eins og þegar um er að ræða villandi auglýsingar), einkum þegar um verulegan mun er að ræða milli einstakra aðildarríkja. Það er með þetta að leiðarljósi sem framkvæmdastjórnin mun leitast við að stuðla að því að reynslu einstakra aðildarríkja verði miðlað og samþykkja ítarleg markmið sem ber að ná á þessu sviði eftir því sem þörf krefur.

#### C. Nýjar aðgerðir

20. Framkvæmdastjórnin mun, með hliðsjón af meginreglunni um dreifraði, gera tillögu að nýrri löggjöf eða styðjast við bindandi gerninga hvenær sem þörf er raunhæfra aðgerða af hálfu bandalagsins.

Snemma árs 1993 lagði framkvæmdastjórnin til dæmis tillögu fyrir ráðið að ákvörðun á sviði öryggis neytenda þar sem kynnt var skipulögð miðlun upplýsinga um slys í heimahúsum og frístundum (EHLASS)<sup>(2)</sup>. Enn fremur mun framkvæmdastjórnin fylgjast mjög náið með því þegar tilskipun ráðsins 92/59/EBE frá 29. júní 1992 um öryggi framleiðsluvöru<sup>(3)</sup> gengur í gildi frá og með 29. júní 1994. Framkvæmdastjórnin mun í þessu sambandi vinna að því að koma á raunverulegri og árangursríkri samvinnu á sviði stjórnunar milli eftirlitsyfirvalda. Hún mun ef nauðsyn krefur semja viðeigandi tillögur í þessu sambandi. Tilskipunin um öryggi framleiðsluvöru er eðlilegt svar við öryggisþörfum neytenda varðandi vörur að því tilskildu að við framkvæmd hennar sé fylgst náið með settu markmiði.

21. Áhugi og væntingar neytenda með tilliti til öryggis þeirrar þjónustu sem þeir kaupa eru vel þekktar. Framkvæmdastjórnin mun einnig beina athygli að heilbrigði og öryggi á þessu sviði. Framkvæmdastjórnin mun í þessu sambandi kanna setningu almennra rammalaga með takmörkuðum ákvæðum um ábyrgð þjónustubirgja. Markmiðið er að endurskoða, í samvinnu við aðildarríkin, meðfylgjandi áhættu og benda á leiðir til að draga úr henni og einnig nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja nægilega vernd.

22. Þrátt fyrir tilvist altæktrar og sértæktrar rammalöggjafar um öryggi framleiðsluvöru er stöðugrar árvekni þörf til að kljást við nýjan vanda sem upp kann að koma varðandi heilsumvernd og vernd öryggis neytenda.

Framkvæmdastjórnin mun bregðast skjótt við ef upp koma ný viðfangsefni sem krefjast endurskoðunar gildandi reglna eða að viðbótarráðstafanir verði samþykktar. Lagt verður kapp á að aðlaga einstakar tilskipanir að tækniframförum til þess að tryggja að allar nauðsynlegar endurbætur séu gerðar og allir tæknistaðlar leiðréttir ef nauðsyn krefur. Þetta gildir til dæmis um aðlögun tilskipunar 76/768/EBE að tækniframförum.

23. Nýlega hefur borist beiðni frá samtökum neytenda um afskipti bandalagsins varðandi öryggi vara sem tengjast umönnun barna í þeim tilgangi að veita viðkomandi iðnaði stuðning. Framkvæmdastjórnin mun kanna hvort ráðlegt sé að grípa til aðgerða á þessu sviði í ljósi meginreglunnar um dreifraði.

Framkvæmdastjórnin mun einnig fyrir árslok 1993 kynna tillögu að tilskipun um fullyrðingar á merkingum matvæla.

#### II. Sérhæfð forgangsverkefni til að efla neytendavernd

Forgangsverkefni annarrar aðgerðaáætlunarinnar eru m.a. að miðla upplýsingum til neytenda og auka samráð. Einnig ber að sinna tveimur öðrum aðgerðasviðum sérstaklega: að ná fram rétti sínum og fjárhagsaðstoð.

##### A. Aukin miðlun upplýsinga til neytenda

24. Skýrslan sem stjórnarnefnd háttsettra embættismanna um starfrækslu innri markaðarins, undir forsæti Hr. Sutherland, kynnti framkvæmdastjórninni 26. október 1992 og ber yfirskriftina „Innri markaðurinn eftir 1992 - tekist á við vandasamt viðfangsefni“ inniheldur skrá yfir verkefni sem stungið er upp á sem svar við þeirri óvissu sem neytendur eru í. Í skýrslunni er lögð áhersla á þörf fyrir skipulag upplýsingamála og athygli beint að því viðfangsefni að ná fram rétti sínum. Framkvæmdastjórnin mun leggja ríka áherslu á þessi verkefni sem stungið er upp á í komandi aðgerðum á sviði neytendaverndar.

Framkvæmdastjórnin samþykkti með líkum hætti orðsendingu 5. maí 1993 sem ber yfirskriftina „Vegna aukinnar samræmingar og miðlunar upplýsinga og aukins samráðs á innri markaðnum“, en markmið hennar er að tryggja árangursríkari dreifingu upplýsinga á innri markaðnum. Þessi ráðstöfun er byggð á meginreglunni um að sambæfa frekar ólík ráð sem framkvæmdastjórnin beitir og þjónustu sem hún veitir og einnig á meginreglunni um að beina þessum upplýsingum til breiðra hópa í samfélaginu. Í skjalinu er neytenda beinlínis getið í þessu

(<sup>1</sup>) Skjal COM(93)256 frá 2. júní 1993.

(<sup>2</sup>) Skjal COM(93)18, lokagerð, frá 26. janúar 1993.

(<sup>3</sup>) Stjótt. EB nr. L 228, 11. 8. 1992, bls. 24.

sambandi sem hóps sem þær ráðstafanir sem grípa á til er beint að.

25. Upplýsinga er þörf eigi neytendur að njóta þess hagræðis sem innri markaðurinn hefur í för með sér. Almennt má segja að fjárlst val sé ekki fyrir hendi með virkum hætti ef markaðsskilyrði eru lítt þekkt og aðgengilegum upplýsingum hefur ekki verið dreift.

Skortur á upplýsingum er neytendum í óhag andspærnis birgjum og er samkeppnishamlandi. Sú áhersla sem samtök neytenda leggja á upplýsingar er til vitnis um mikilvægi þeirra sem einnig er sjónarmið framkvæmdastjórnarinnar.

26. Framhald verður á ráðstöfunum sem þegar hafa verið gerðar varðandi upplýsingar á sölustöðum um tæknilega eiginleika vara og þær auknar. Í kjölfar ályktunar ráðsins frá 5. apríl 1993 varðandi fyrirætlanir um vörumerkingar í þágu neytenda mun framkvæmdastjórnin gera ráðstafanir til að innleiða og tryggja merkingar með haldgöðum upplýsingum. Þeirri aðferð verður fylgt að koma á nánara sambandi milli fulltrúa birgja og neytenda. Með áætluninni verður leitast við að ná samkomulagi um kröfur varðandi merkingar á hverju sviði fyrir sig og tryggja að allir markaðsaðilar noti lausnir sem samkomulag ríkir um eins og við verður komið. Einnig er nauðsynlegt að auka miðlun upplýsinga til neytenda til að þeir geti valið úr vörum og um leið verið meðvitaðir um áhrif þeirra á umhverfið.

Í þessu sambandi er í tillögu að ályktun ráðs Evrópu-bandalaganna um áætlun bandalagsins um stefnu og aðgerðir varðandi umhverfi og sjálfbæra þróun, COM(92)23, lokagerð, 11. bindi, bls. 68 lögð áhersla á að „Einstaklingnum sem neytenda er einungis gert kleift að velja í einu og öllu skynsamlega að fengnum upplýsingum ef upplýsingar um viðkomandi vöru sem honum/henni stendur til boða taka til allra þátta sem máli skipta eins og notagildis, áreiðanleika, orkuskilvirkni, endingar, rekstrar-kostnaðar, o.sv.frv. og ef þessar upplýsingar eru veittar á hlutlausan hátt og þeim fylgja gagnlegar og áreiðanlegar tryggingar”. Reglugerð ráðsins 880/92 um kerfi um veitingu vistmerkis EB mun stuðla að þessu.

27. Þá koma ómetanlegar upplýsingar fram í verðkönnunum sem framkvæmdastjórnin styður. Samanburðarprófanir hafa einnig reynst gagnlegar sem mikil þátttaka neytenda er til vitnis um. Aðgerðir sem ráðist er í til að tryggja að fjölmiðlar fjalli um neytendamál, einkum á vettvangi bandalagsins, hafa einnig jákvæð áhrif. Þá ber að halda áfram að vinna að framförum á sviði upplýsinga um þróun neytendamála á vettvangi bandalagsins sem framkvæmdastjórnin miðlar milliliðalaust til boðmiðlunarkerfa (samtaka neytenda, neytendastofnana, upplýsingamiðstöðva, fjölmiðla) til þess að treysta tengsl milli þeirra. Þá ber einnig að efla stuðning framkvæmdastjórnarinnar við neytendastofnanir í tengslum

við námskeiðahald fyrir neytendur yngri sem eldri og skólabörn, einkum með því að útvega kennslugögn.

28. Frá og með 1993 hyggst framkvæmdastjórnin taka nýtt frumkvæði sem meðal annars felur í sér útgáfu leiðbeininga fyrir evrópska neytendur á stórmarkaðnum og upphaf útgáfu leiðbeininga á tilteknum sviðum eða í tilteknum aðildarríkjum í tengslum við tilkomu innri markaðarins í samvinnu við viðkomandi samtök neytenda. Markmiðið er að framleiða leiðbeiningar sem koma evrópskum neytendum í sem bestar þarfir á einum og óskiptum markaði.

Vel heppnaðar staðbundnar útgáfur sem fjöldi stofnana og samtaka hafa þegar sent frá sér sýna greinilega þörf fyrir slíkar leiðbeiningar. Dreifa ber leiðbeiningum sem víðast innan bandalagsins, einkum gegnum boðmiðlunarkerfi, m.a. netkerfi neytendasamtaka og upplýsingamiðstöðvar neytenda.

29. Upplýsingamiðstöðvar neytenda á landamærum hafa reynst mjög árangursríkt framtak. Þessar miðstöðvar eru á landamærasvæðum og hlutverk þeirra er að miðla upplýsingum um tilboð, verð, gildandi lög og öllum öðrum gagnlegum upplýsingum um viðkomandi landsvæði, þ.e. báðumegin landamæra. Opinber eða einkarekin umbodsfyrirtæki með reynslu í neytendamálum reka þessar miðstöðvar með aðstoð framkvæmdastjórnarinnar. Rétt er að hvetja til náinnar samvinnu við aðrar stofnanir. Framkvæmdastjórnin veitir nauðsynlega aðstoð í upphafi og axlar helming rekstrarkostnaðar í fyrstu upp að vissu marki. Í fyrstu er gert ráð fyrir að settar verði á stofn tíu miðstöðvar: þegar hafa sex tekið til starfa í Lille, Lúxemborg, Barcelona, Gronau, Aix-la-Chapelle/Eupen/Heerlen og Vale do Ave. Fyrirhugað er opna aðrar fjórar miðstöðvar 1993 í Marseilles-Tórnó, Flensborg, Kehl og Vitoria. Þessar tíu miðstöðvar fullnægja eðlilega ekki öllum þörfum landamærasvæða. Þar af leiðandi hyggst framkvæmdastjórnin auka framtakið að umfangi með því að stofnsetja nýjar miðstöðvar, eins og áður fyrst og fremst á landamærasvæðum. Starfsemi þessara miðstöðva verður eflað í tengslum við nýja og afdráttarlausa stefnu framkvæmdastjórnarinnar, sem komið verður á framfæri innan tíðar og þar sem tekið er tillit til allra netkerfa sem starfrækt eru í bandalaginu, í kjölfar þess að hún mun þann 30. júní samþykkja nýja áætlun sína um upplýsingamiðlun og samskipti. Þessi stefna verður byggð á skilgreiningu á réttindum og skyldum hinna ýmsu netkerfa og boðmiðlunarkerfa sem framkvæmdastjórnin styður. Markmiðið er að efla samvirkni milli ólíkra þátttakenda á sviði upplýsinga sem varða bandalagið.

1995 mun framkvæmdastjórnin semja skýrslu þar sem lagt verður mat á það hvernig til hefur tekist byggt á fenginni reynslu í upplýsingamiðstöðvum á landamærum.

30. Þörf er á að styðja við þetta frumkvæði í fjölmiðlum til þess að gera neytendur meðvitaða um nýfenginn rétt sinn á stórmarkaðnum. Þessar aðgerðir heyrja undir verkefni sem stungið er upp á í Sutherlandskýrslunni og fyrirnefnda áætlun um upplýsingamiðlun og samskipti sem fjallar um betri upplýsingamiðlun til íbúa í bandalaginu. Eitt tiltekið atriði sem verðskuldar athugun - hugsanlega í samvinnu við skrifstofur framkvæmdastjórnarinnar í aðildarríkjunum - er möguleg notkun nýsítækni til stuðnings þessum aðgerðum.

#### B. Að efla og auka samráð

31. Ráðgjafarráð neytenda hefur síðan 1989 verið vettvangur neytendastofnana fyrir skoðanamótun viðvíkjandi hvers kyns viðfangsefnum á sviði neytendafræðslu og neytenda-verndar, annaðhvort að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði.

Fjöldi álita sem fram hafa komið er til vitnis um gagnsemi þessarar stofnunar. Framkvæmdastjórnin hyggst viðhalda þessu fyrirkomulagi og efla það.

32. Eins og Ráðgjafarráð neytenda er skipulagt um þessar myndir gegnir það samt sem áður einungis ráðgefandi hlutverki. Reynslan í mörgum aðildarríkjum hefur leitt í ljós að gildi stofnana af þessu tagi eykst enn frekar ef þær eru raunverulegir samráðsaðilar sem láta til sín taka eins víða og við verður komið.

33. Aukið samráð gæti einkum þýtt betri umfjöllun um ýms stefnumál neytenda. Þá ber samráð og að ná til framleiðslugeirans í samræmi við þá málsmeðferð sem ákveðin verður. Mikilvægt er að tryggj sé að fyrirtæki og fulltrúar þeirra séu beinlínis með í ráðum á vettvangi bandalagsins við að skilgreina leiðbeiningar á sviði neytenda-verndar. Slík vinnubrögð kynnu að stuðla að því að komist yrði hjá ágreiningi eða hann mildaður og einnig áreksstrar sem upp koma við ákvarðanatöku og eiga til að seinka því að frumkvæði bandalagsins verði að raunveruleika.

34. Vorið 1993 hóf einn af framkvæmdastjórnunum, sá sem fer með stefnu í neytendamálum, samráð, einkum við fulltrúa samtaka evrópskra neytenda, um þær meginreglur sem byggja skal endurbætur á Ráðgjafarráði neytenda á og sem hlutaðeigandi aðilar gætu orðið sammála um. Markmiðið er að gera uppkast að tillögum að endurbótum fyrir árslok 1993.

35. Innlendar stofnanir eru þeir samstarfsaðilar í aðildarríkjunum sem gera samráð við neytendur mögulegt. Þá ber að efla samráð með því að styðja neytendastofnanir. Leggja ber áherslu á þessa viðleitni í löndum þar sem stofnanirnar eru síður skipulagðar þar eð þær eru skammt á veg komnar. Framkvæmdastjórnin mun því halda áfram virkri aðstoð við stofnanir á Írlandi og í aðildarríkjunum í suðri sem þegar

njóta sérstakrar meðferðar.

#### C. Að auðvelda neytendum að ná fram rétti sínum og lausn ágreiningsmála

36. Í Sutherlandskýrslunni er lögð áhersla á mikilvægi þess að ná fram rétti sínum ef viðhalda á innri markaði sem svarar þörfum neytenda og framleiðenda. Í skýrslunni er bent á að ólík lagahefð í aðildarríkjunum geri mönnum erfitt að sjá fyrir samræmingu einkamálaréttar en aðilar muni í auknum mæli hafa þörf fyrir að ná fram rétti sínum í öðrum aðildarríkjum. Þá er lögð áhersla á vaxandi fjölda ágreiningsmála yfir landamæri þar sem neytendur eiga hlut að máli. Mælt er með því í skýrslunni að skilyrði til þess að ná fram rétti sínum í bandalaginu verði könnuð og stungið upp á lausnum sem tryggja að réttur neytenda er verndaður á virkan hátt, m.a. með því að koma á málsmeðferð til að ná fram sættum án afskipta dómstóla og stuðla að því að samtök neytenda nái fram rétti sínum.

37. Framkvæmdastjórnin mun kanna þessar leiðir. Í þessu skyni verður bráðabirgðaskýrsla um möguleika neytenda til að ná fram rétti sínum samín 1993. Í skýrslunni verða og kannaðir möguleikar á að veita neytendum í bandalaginu lögfræðiaðstoð um leið og tekið er tillit til fenginnar reynslu úr ýmsum tilraunaverkefnum sem framkvæmdastjórnin hefur átt frumkvæði að og stutt í ýmsum aðildarlöndum.

38. Þá geta neytendalög verið tilefni deilna sé ekki alltaf unnt að ná fram rétti sínum með viðeigandi hætti, einkum þegar aðeins er um smávægileg mál að ræða. Í slíkum tilvikum er neytandinn varnarlaus gagnvart atferli sem leiðir til tjóns ef lagaúrræði eru ekki fyrir hendi. Þegar um er að ræða deilur yfir landamæri geta þessi vandkvæði dregið úr tiltrú neytenda á innri markaðnum.

39. Því er þörf á að stefna að því að setja niður deilur með einföldum hætti. Reynsla er þegar fengin á þessu sviði. Nýtt frumkvæði verður tekið og innlend boðkerfi nýtt, einkum í því skyni að setja niður deilur yfir landamæri.

#### D. Að koma á fjárhagsaðstoð til að mæta þörfum neytenda

40. Þegar hefur fjöldi mikilvægra reglna verið samþykktur á vettvangi bandalagsins sem gerir fjármálastofnunum kleift að eiga frjáls viðskipti á innri markaðnum með viðeigandi, traustu eftirliti.

Neytendur munu og njóta góðs af í ríkm mæli, einkum á sviði bankastarfsemi, trygginga og öryggismála. Samt sem áður eru óleyst vandamál enn til staðar. Komið hafa fram nokkrar hugmyndir um greiðslu í formi uppástungu um greiðslur yfir landamæri og notkun bankakorta. Þessar síðustu hugmyndir hafa samt sem áður ekki allar alltaf skilað þeim árangri sem vænst var.

41. Öruggr greiðsla yfir landamæri er forsenda þess að innri markaðurinn starfi eðlilega þar eð slík greiðsla er skilyrði fyrir tiltrú neytenda. Ábyrgð í tengslum við notkun bankakorta er einnig þýðingarmikil. Þá verður athygli beint að öðrum þáttum í sama mæli, t.d. gagnsæi tilboða á veðlánamarkaðnum eða „beintengingar við banka”.
42. Ein leið til að þróa þessa þætti er að samþykkja bindandi lagagerðir. Samt sem áður ber viðkomandi aðilum fyrst að reyna allar leiðir til samráðs, jafnvel óhefðbundnar leiðir.
43. Nokkuð hefur þokast áleiðis varðandi greiðslur yfir landamæri með samvinnu við bankana. Engu að síður er framkvæmdastjórnin að endurskoða þessi mál um þessar mundir til að unnt sé að leggja fram klárt mat á þeim vandkvæðum sem eftir er að yfirstíga. Framkvæmdastjórnin bendir enn á þá skyldu sína að grípa til frekari aðgerða, t.d. leggja fram tillögur að nauðsynlegri löggjöf, ef vandkvæði stæðja að. Framkvæmdastjórnin mun stuðla að skoðanaskiptum milli neytenda og allra stofnana sem málið varða í þeim tilgangi að meta raunverulegan árangur.

Eigi fyrrnefnt samráð að skila raunhæfum árangri er æskilegt að það leiði til ákveðinna skuldbindinga af hálfu bankanna að svo miklu leyti sem slíkt er unnt. Reynist ómögulegt að fá fram ákveðnar skuldbindingar - í formi yfirlýsinga sem eru samþykktar fyrir árslok 1993 með gildistöku í síðasta lagi um mitt ár 1994 - eða reynist slíkar skuldbindingar ekki sem skyldi er lögbinding eini kosturinn í stöðunni.

#### E. Ný viðfangsefni í undirbúningi

44. Þessi aðgerðaáætlun stendur yfir í þrjú ár. Þannig er markmiðið með henni ekki að semja tæmandi skrá yfir nauðsynlegar, æskilegar eða hugsanlegar aðgerðir á sviði neytendaverndar. Raunhæft er að leggja áherslu á takmarkaðan fjölda forgangsverkefna. Engu að síður er einnig mikilvægt að búa í haginn fyrir framtíðina, einkum með því að koma fastri mynd á niðurstöður athugana á tilteknum sviðum neytendaverndar og hefja umræðu áður en ákvarðanir eru teknar.
45. Þannig hyggst framkvæmdastjórnin semja á árinu 1993 bráðabirgðaskýrslu um tryggingar og þjónustuskilyrði sem viðskiptavinir njóta. Þessi þáttur er mikilvægur eigi að hvetja neytendur til að hagnast af þeim tækifærum sem einn og óskiptur markaður veitir. Verslun yfir landamæri getur einungis þrífist séu neytendur fullvissaðir um að þeir geti notið sömu kjara varðandi þjónustu við viðskiptavini og tryggingar án tillits til búsetu birgis. Tengt vandamál verðugt athugunar er það þegar birgjar krefjast þess af neytendum að trygging falli niður í tengslum við sölu tiltekinnar vöru eða þjónustu sem stundum á sér stað.

#### Niðurlag

46. Í annari aðgerðaáætluninni um stefnu í neytendamálum er gert ráð fyrir að 1993 til 1995 leggi framkvæmdastjórnin áherslu á tiltekna þætti sem hafa úrslitaþýðingu fyrir tiltrú neytenda á innri markaðnum, eins og miðlun upplýsinga til neytenda, möguleika á að ná fram rétti sínum, heilbrigði neytenda og öryggi. Stefna bandalagsins í neytendamálum snýst samt sem áður ekki einungis um aðgerðir vegna neytendaverndar. Hún snýst einnig um hagsmunir neytenda samkvæmt skilgreiningu annarra stefnumiða og ákvarðana bandalagsins að svo miklu leyti sem þau snerta neytendur. Framkvæmdastjórnin hyggst þannig leggja kapp á að flétta stefnu í neytendamálum saman við önnur almenn stefnumið. Þetta markmið er nauðsynlegur liður í annari aðgerðaáætluninni um stefnu í neytendamálum.

#### YFIRLIT OG TÍMASETNING AÐGERÐA SAMKVÆMT ANNARRI AÐGERÐAÁÆTLUNinni

##### I. Samsteypa löggjafar bandalagsins

- Tillaga að tilskipun ráðsins um neytendavernd þegar um er að ræða samninga við fjarlæga aðila (fjarsala). (Samþykkt 1993)
- Tillaga að tilskipun ráðsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um samanburð í auglýsingum og breytingu á tilskipun 84/450/EBE um villandi auglýsingar (í athugun í kjölfar ályktana leiðtogaráðsins í Edinborg). (Ákvörðun frá 1993)
- Tillaga að tilskipun ráðsins um verndun kaupenda í samningum um skiptileigu á fasteignum. (Samþykkt 1993)
- Tillaga að tilskipun ráðsins um ábyrgð þjónustubirgja (í athugun í kjölfar ályktana leiðtogaráðsins í Edinborg). (Ákvörðun frá 1993)
- Gildandi tilskipunum beitt á réttan og ákjósanlegan hátt: fyrir utan venjubundnar reglur, samráði og samvinnu við aðildarríkin hrint í framkvæmd. Skipst á upplýsingum um innendar framkvæmdareglur. (1993, 1994, 1995)
- Tillaga að ákvörðun ráðsins þar sem kynnt er skipulögð miðlun upplýsinga um slys í heimahúsum og frístundum. (Samþykkt 1993)
- Framkvæmd ákvæða tilskipunar 92/59/EBE um öryggi framleiðsluvöru. (1994)
- Aðlögun gildandi tilskipana að tækniframförum. (1993, 1994, 1995)

**II. Sérhæfð forgangsverkefni til að efla neytendavernd**

- Auknar kröfur um merkingu. (1994, 1995)
- Tillaga að tilskipun um notkun fullyrðinga um matvæli. (1993)
- Stuðningur vegna verðkannana og samanburðarprófana. (1993, 1994, 1995)
- Aukin upplýsingamiðlun um neytendamál, einkum með því að beita nýsítækni. (1994, 1995)

**A. LÖGGJÖF SEM ER SÉRSTAKLEGA MIKILVÆG FYRIR NEYTENDUR****I. ÖRYGGI OG GÆÐI VARA****1. ÖRYGGI FRAMLEIÐSLUVÖRU**

Tilskipun ráðsins 92/59/EBE frá 29. júní 1992 um öryggi framleiðsluvöru (Stjttð. EB nr. L 228 frá 11. 08. 1992, bls. 24-32)

**2. SER**

Ákvörðun ráðsins 84/133/EBE frá 2. mars 1984 um að koma á skipulagi á vettvangi bandalagsins varðandi skjót upplýsingaskipti um hættu sem stafar af notkun vara sem ætlaðar eru neytendum = SER = AÐVÖRUN TIL NEYTENDA (Stjttð. EB nr. L 70 frá 13. 03. 1984, bls. 16-17)

**3. EHLASS (EVROPSKT EFTIRLITSKERFI MÆD SLYSUM Í HEIMAHÚSUM OG FRÍSTUNDUM**

Ákvörðun ráðsins 86/138/EBE frá 22. apríl 1986 um tilraunaverkefni með það í huga að koma á skipulagi á vettvangi bandalagsins varðandi upplýsingaskipti um slys þar sem vörur ætlaðar neytendum koma við sögu = EHLASS (Stjttð. EB nr. L 109 frá 26. 4. 1986, bls. 23-27)

**4. SNYRTIVÖRUR***a) Snyrtivörur*

Tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur (Stjttð. EB nr. L 262 frá 27. 9. 1976, bls. 169-200)

*b) Greiningaraðferðir*

Fyrsta tilskipun 80/1335/EBE frá 22. desember 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara (Stjttð. EB nr. L 383 frá 31. 12. 1980, bls. 27-46)

**5. TEXTÍLVÖRUR***a) Textílheiti*

Tilskipun ráðsins 71/307/EBE frá 26. júlí 1971 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um textílheiti (Stjttð. EB nr. L 185 frá 16. 8. 1971, bls. 16-26)

*b) Greiningaraðferðir*

Tilskipun ráðsins 72/276/EBE frá 17. júlí 1972 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilteknaðferðir við magngreiningu textiltrefjablandna úr tveimur efnum (Stjttð. EB nr. L 173 frá 31. 7. 1972, bls. 1-27)

Tilskipun ráðsins 73/44/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um magngreiningu trefjablandna úr þremur efnum (Stjttð. EB nr. L 83 frá 30. 3. 1973, bls. 1-19)

**6. ÖRYGGI LEIKFANGA**

Tilskipun ráðsins 88/378/EBE frá 3. maí 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna um öryggi leikfanga (Stjttð. EB nr. L 187 frá 16. 7. 1988, bls. 1-13)

**7. HÆTTULEGAR EFTIRLÍKINGAR**

Tilskipun ráðsins 87/357/EBE frá 25. júní 1987 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vörur sem geta reynst hættulegar heilsu og öryggi neytenda þar eð þær virðast aðrar en þær eru =hættulegar eftirlíkingar= (Stjttð. EB nr. L 192 frá 11. 7. 1987, bls. 49-50)

**II. VERNDUN EFNAHAGSLEGRA HAGSMUNA****1. VERÐ***a) Verð á matvælum*

Tilskipun ráðsins 79/581/EBE frá 19. júní 1979 um neytendavernd að því er varðar hvernig verð á matvælum er tilgreint (Stjttð. EB nr. L 158 frá 26. 6. 1979, bls. 19-21)

*b) Verð á öðrum vörum en matvörum*

Tilskipun ráðsins 88/314/EBE frá 7. júní 1988 um neytendavernd að því er varðar hvernig verð á vörum öðrum en matvörum er tilgreint (Stjttð. EB nr. L 142 frá 9. 6. 1988, bls. 19-22)

**2. FARANDSALA**

Tilskipun ráðsins 85/577/EBE frá 20. desember 1985 um að vernda neytendur þegar samningar eru gerðir utan fastra starfsstöðva -,Farandsala"- (Stjttð. EB nr. L 372 frá 31.

12. 1985, bls. 31-33)

### 3. AUGLÝSINGAR

Tilskipun ráðsins 84/450/EBE frá 10. september 1984 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar (Stjtið. EB nr. L 250 frá 19. 9. 1984, bls. 17-20)

### 4. LÁN

Tilskipun ráðsins 87/102/EBE frá 22. desember 1986 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán (Stjtið. EB nr. L 42 frá 12. 2. 1987, bls. 48-53)

### 5. ÞJÓNUSTA VIÐ FERÐAMENN

Tilskipun ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka (Stjtið. EB nr. L 158 frá 23. 6. 1990, bls. 59-64)

### 6. SAMNINGAR

Tilskipun ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum (Stjtið. EB nr. L 95 frá 24. 4. 1993, bls. 29-34)

#### B. AÐRIR LAGATEXTAR BANDALAGSINS VIÐVÍKJANDI NEYTENDUM (EKKI Á ÁBYRGÐ CPS)

#### 1. ÖRYGGI FRAMLEIÐSLUVÖRU

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 339/93 frá 8. febrúar 1993 um eftirlit með samræmi reglna um öryggi framleiðsluvara sem fluttar eru inn frá þriðja landi (Stjtið. EB nr. L 40 frá 17. 2. 1993, bls. 1-4)

Tilskipun ráðsins 85/374/EBE frá 25. júlí 1985 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum í aðildarríkjunum vegna skaðemisábyrgðar á gölluðum vörum (Stjtið. EB nr. L 210 frá 7. 8. 1985, bls. 29-33)

#### 1.1. MATVÆLI

##### a) *Upplýsingar og merkingar*

Tilskipun ráðsins 79/112/EBE frá 18. desember 1978 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til sölu til neytenda (Stjtið. EB nr. L 33 frá 8. 2. 1979, bls. 1-14)

Tilskipun ráðsins 90/496/EBE frá 24. september 1990 um merkingu næringarinnihalds matvæla (Stjtið. EB nr. L 276 frá 6. 10. 1990, bls. 40-44)

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2081/92 frá 14. júlí 1992 um verndun landfræðilegra merkinga og upprunatáknana fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli (Stjtið. EB nr. L 208 frá 24. 7. 1992, bls. 1-8)

##### b) *Aukefni og aðskotaefni*

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/11/EBE frá 15. mars 1993 um los N-nítrósamína og N-nítrósamínmyndandi efna úr túttum og snuðum úr elastómer eða gúmmfi (Stjtið. EB nr. L 93 frá 17. 4. 1993, bls. 37)

##### c) *Sérfaði*

Tilskipun ráðsins 89/398/EBE frá 3. maí 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um sérfaði (Stjtið. EB nr. L 186 frá 30. 6. 1989, bls. 27)

##### d) *Gæðaeftirlit*

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2252/92 frá 29. júlí 1992 um gæðaskoðun ferskra ávaxta og grænmetis (Stjtið. EB nr. L 219 frá 4. 8. 1992, bls. 9-18)

Tilskipun ráðsins 89/397/EBE frá 14. júní 1989 um opinbert matvælaeftirlit (Stjtið. EB nr. L 186 frá 30. 6. 1989, bls. 23)

##### e) *Varðveisla*

Tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum (Stjtið. EB nr. L 040 frá 11. 2. 1989, bls. 27)

#### 1.2. LYFJA-, EFNA- OG LÆKNINGAVÖRUR

##### a) *Lyf*

Tilskipun ráðsins 92/26/EBE frá 31. mars 1992 um afgreiðsluflokkun lyfja sem ætluð eru mönnum (Stjtið. EB nr. L 113 frá 30. 4. 1992, bls. 5)

Tilskipun ráðsins 92/27/EBE frá 31. mars 1992 um merkingu og fylgiseðla með lyfjum sem ætluð eru mönnum (Stjtið. EB nr. L 113 frá 30. 4. 1992, bls. 8)

Tilskipun ráðsins 92/28/EBE frá 31. mars 1992 um auglýsingu lyfja sem ætluð eru mönnum (Stjtið. EB nr. L 113 frá 30. 4. 1992, bls. 13)

##### b) *Hættuleg efni*

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/442/EBE frá 23. júlí

1991 um umbúðir hættulegra efna sem skulu vera þannig að börn geti ekki opnað þær (Stjtið. EB nr. L 238 frá 27. 8. 1991, bls. 25)

c) *Lækningatæki*

Tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júlí 1993 um lækningatæki (Stjtið. EB nr. L 169 frá 12. 7. 1993, bls. 1)

### 1.3. MERKINGAR HEIMILISTÆKJA

a) *Merking heimilistækja*

Tilskipun ráðsins 79/530/EBE frá 14. maí 1979 um að tilgreina orkunotkun heimilistækja með merkingu (Stjtið. EB nr. L 145 frá 13. 6. 1979, bls. 1)

Tilskipun ráðsins 79/531/EBE frá 14. maí 1979 um beitingu tilskipunar 79/530/EBE um að tilgreina orkunotkun heimilistækja með merkingu að því er varðar rafmagnsbökunarofna (Stjtið. EB nr. L 145 frá 13. 6. 1979, bls. 7)

Tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum (Stjtið. EB nr. L 297 frá 13. 10. 1992, bls. 16)

b) *Merkingar á tóbaksvörum*

Tilskipun ráðsins 92/41/EBE frá 15. maí 1992 um breytingu á tilskipun 89/622/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi merkingar á tóbaksvörum (Stjtið. EB nr. L 158 frá 11. 6. 1992, bls. 30)

## 2. ÞJÓNUSTA OG VIÐSKIPTI

### 2.1. LÁN

Tilskipun ráðsins 89/646/EBE frá 15. desember 1989 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnarsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana og um breytingu á tilskipun 77/780/EBE (Stjtið. EB nr. L 386 frá 30. 12. 1989, bls. 1)

### 2.2. TRYGGINGAR

Tilskipun ráðsins 92/49/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar, aðrar en líftryggingar, og um breytingu á tilskipunum 73/239/EBE og 88/357/EBE (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) (Stjtið. EB nr. L 228 frá 11. 8. 1992, bls. 1)

Tilskipun ráðsins 92/96/EBE frá 10. nóvember 1992 um

samræmingu á lögum og stjórnarsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar á sviði líftrygginga og um breytingu á tilskipunum 79/267/EBE og 90/619/EBE (þriðja tilskipun um líftryggingar) (Stjtið. EB nr. L 360 frá 9. 12. 1992, bls. 1)

### 2.3. VERÐ

Tilskipun ráðsins 90/377/EBE frá 29. júní 1990 um starfsreglur bandalagsins til að auka gagnsæi verðlagningar á gasi og rafmagni til notenda í atvinnuskyni (Stjtið. EB nr. L 185 frá 17. 7. 1990, bls. 16)

### 2.4. SAMSKIPTI - FLUTNINGAR

Tilskipun ráðsins 89/522/EBE frá 17. október 1989 um samræmingu tiltekinnna ákvæða samkvæmt lögum eða stjórnarsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur (Stjtið. EB nr. L 298 frá 17. 10. 1989, bls. 23-30)

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2299/89 frá 24. júlí 1989 um starfsreglur fyrir notkun tölvufarskráningarkerfa (Stjtið. EB nr. L 220 frá 29. 7. 1989, bls. 1)

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2342/90 frá 24. júlí 1990 um fargjöld í áætlunarflugi (Stjtið. EB nr. L 217 frá 11. 8. 1990, bls. 1)

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 295/91 frá 4. febrúar 1991 um sameiginlegar reglur um skaðabætur til handa farþegum sem er vísað frá vegna umframskráningar í áætlunarflugi (Stjtið. EB nr. L 36 frá 8. 2. 1991, bls. 5)

## 3. UMHVERFI

### 3.1. ALMENNT

Tilskipun ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (Stjtið. EB nr. L 175 frá 5. 7. 1985, bls. 40)

Tilskipun ráðsins 90/313/EBE frá 7. júní 1990 um frjálstan aðgang að upplýsingum um umhverfismál (Stjtið. EB nr. L 158 frá 23. 6. 1990, bls. 56-58)

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá 23. mars 1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB (Stjtið. EB nr. L 99 frá 11. 4. 1992, bls. 1-7)

### 3.2. MENGUN ANDRÚMSLOFTSINS

Tilskipun ráðsins 85/210/EBE frá 20. mars 1985 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um blýmagn í bensíni (Stjtið. EB nr. L 96 frá 3. 4. 1985, bls. 25)



Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 594/91 frá 4. mars 1991 um efni sem eyða ósonlaginu (Stjtið. EB nr. L 67 frá 14. 3. 1991, bls. 1)

### 3.3. KEMÍSK EFNI, HÆTTUR SAMFARA IÐNAÐI OG LÍFTÆKNI

Tilskipun ráðsins 79/831/EBE frá 18. september 1979 um sjöttu breytingu á tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtið. EB nr. L 259 frá 15. 10. 1979, bls. 10)

Tilskipun ráðsins 82/501/EBE frá 24. júní 1982 um hættu á stórslysum í tengslum við tiltekna iðnaðarstarfsemi (Stjtið. EB nr. L 230 frá 5. 8. 1982, bls. 1)

Tilskipun ráðsins 87/217/EBE frá 19. mars 1987 um að koma í veg fyrir og draga úr asbestmengun í umhverfinu (Stjtið. EB nr. L 85 frá 28. 3. 1987, bls. 40)

### 3.4. VERNDUN OG EFTIRLIT MÆD VATNI

Tilskipun ráðsins 76/160/EBE frá 8. desember 1975 um gæði baðvatns (Stjtið. EB nr. L 31 frá 5. 2. 1976, bls. 1)

Tilskipun ráðsins 80/778/EBE frá 15. júní 1980 um gæði neysluvatns (Stjtið. EB nr. L 229 frá 30. 8. 1980, bls. 11)

Tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli (Stjtið. EB nr. L 135 frá 30. 5. 1991, bls. 40)

### 3.5. HÁVAÐAMENGUNARVARNIR

Tilskipun ráðsins 80/51/EBE frá 20. desember 1979 um takmörkun á hávaða frá loftförum sem fljúga undir hljóðhraða (Stjtið. EB nr. L 18 frá 24. 1. 1980, bls. 26)

Tilskipun ráðsins 84/538/EBE frá 17. september 1984 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi leyfilegt hljóð-afsstig garðsláttuvéla (Stjtið. EB nr. L 300 frá 19. 11. 1984, bls. 171)

Tilskipun ráðsins 86/594/EBE frá 1. desember 1986 um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum (Stjtið. EB nr. L 344 frá 6. 12. 1986, bls. 24)

Tilskipun ráðsins 89/629/EBE frá 4. desember 1989 um takmörkun á hávaða frá almennum þotum sem fljúga undir hljóðhraða (Stjtið. EB nr. L 363 frá 13. 12. 1989, bls. 27)

### 3.6. ÚRGANGUR

Tilskipun ráðsins 75/439/EBE frá 16. júní 1975 um förgun olíuúrgangs (Stjtið. EB nr. L 194 frá 25. 7. 1975, bls. 23)

Tilskipun ráðsins 85/339/EBE frá 27. júní 1985 um umbúðir fyrir drykkjarvörur (Stjtið. EB nr. L 176 frá 6. 7. 1985, bls. 18)

Tilskipun ráðsins 91/157/EBE frá 18. mars 1991 um rafhlöður og rafgeyma sem innihalda tiltekin hættuleg efni (Stjtið. EB nr. L 78 frá 26. 3. 1991, bls. 38)

## YFIRLÝSING UM FJÁRMÁL

### 1. ÞÁTTUR

#### 1. Yfirskrift

Stefna í neytendamálum - Önnur þriggja ára aðgerðaáætlun 1993 - 1995.

#### 2. Fjárhagsáætlun - megindrættir

SPC Kafli B 510, A (fjárveitingar til stjórnunar) DG X B 3300 A 3059

#### 3. Lagagrunnur

Frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar til að fullnægja kröfum 100. gr. A sáttmálans og 129. gr. A Maastricht-áætlunarinnar.

#### 4. Lýsing

Röð ráðstafana allt frá lagasetningu til upplýsingastarfsemi í þeirri viðleitni að einn og óskiptur markaður þjóni hagsmunum neytenda. Sérmarkmið eru: 1. virk beiting laga bandalagsins, 2. aukin miðlun upplýsinga til neytenda, 3. aukið og víðtækara samráð, 4. auðveldara verði að ná fram rétti sínum og jafna deilur, 5. aðlögun fjárhagsaðstoðar að þörfum neytenda.

#### 4.1. Gildistími

Aðgerðaáætlunin nær yfir árin 1993, 1994 og 1995.

#### 4.2. Markhópur

Allir borgarar í bandalaginu.

#### 5. Flokkun kostnaðar

Enginn skyldubundinn tilkostnaður þar sem um er að ræða fjárveitingar þar sem greinarmunur er gerður.

#### 6. Hvers kyns tilkostnaður

Kostnaðarliðir geta verið allt frá fjárframlögum til neytendastofnana til sammingsgerðar við og fjárveitinga til ýmissa aðila sem veita þjónustu.

**7. Fjárhagsforsendur**

Aðgerðaáætlunin skal rúmast innan marka fjárhæða samkvæmt árlegri fjárhagsáætlun bandalagsins. Fjárhagsáætlun ársins 1993 fyrir stefnu í neytendamálum í B-kafla 510 er 16 MECU, fjárhagsáætlun aðgerðaáætlunarinnar fyrir 1994 í sama kafla er 15 MECU og framvirk framkvæmdaáætlun fyrir 1995 er 16 MECU. Ekki er fyrir séð að þörf sé sérstakra aukafjárveitinga. Þörf er á að sérstök áhersla sem lögð er á upplýsingamiðlun rúmist innan DG X-vinnuáætlunarinnar.

**8. Ákvæði til að koma í veg fyrir svik**

Allur tilkostnaður er háður hugsanlegu eftirliti af hálfu Endurskoðunarráttarins og þjónustustofnana framkvæmdastjórnarinnar.

Tilhlyðilegs rökstuðnings er krafist áður en greiðslur eru heimilaðar.

**2. ÞÁTTUR****Tilkostnaður vegna stjórnunar**

Aðgerðaáætlunin er samin með það í huga að starfslið sem fyrir er geti hrint henni í framkvæmd.

**3. ÞÁTTUR****Greining á því hvernig tilkostnaður skilar sér**

Markmiðið með aðgerðaáætluninni er í samræmi við þær niðurstöður Sutherlandskýrslunnar að stuðla að aukinni markaðspáttöku neytenda á einum og óskiptum markaði með því að víkja að hindrunum sem nú eru í vegi og fjarlægja þær.

Til staðar er grunnur magnbundinna mælinga á venjum og viðhorfum sem lýsir stöðunni um þessar mundir. Við lok aðgerðaáætlunarinnar í ársþyrjun 1996 verður endurtekið prófunarverkefni í Evrópu notað til að meta framfarir. Mat á árangri sem náðst hefur, byggt á þessum grunni, verður tekið saman og sent ráðinu og Evrópuþinginu.

**Dreifræði**

Ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar er ekki einungis að tryggja að borgurum bandalagsins séu nægilega ljós áhrif þess á daglegt líf fólks að innri markaðnum sé komið á heldur er hún eina stofnunin til þess bær að tryggja að sjónarmið bandalagsins komi skýrt fram.

## ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 14. júní 1993

### um áætlun til margra ára varðandi ráðstafani bandalagsins til að skerpa forgangssvið og tryggja samfellu og festu í fyrirtækjastefnu bandalagsins, einkum varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki

(93/379/EBE)

#### RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr., með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

28. júlí 1989 samþykkti ráðið ákvörðun 89/490/EBE um bættar aðstæður í fyrirtækjarekstri og eflingu þróunar fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, í bandalaginu <sup>(3)</sup>, eins og henni var breytt með ákvörðun ráðsins 91/319/EBE <sup>(4)</sup>.

Í ályktun sinni frá 17. júní 1992 um aðgerðaáætlun bandalagsins til stuðnings fyrirtækjum, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum, þar á meðal handverksfyrirtækjum <sup>(5)</sup>, staðfesti ráðið skuldbindingu sína til að stuðla að meiri festu í aðgerðum til stuðnings fyrirtækjum.

Í þessari ályktun mæltist ráðið til þess að framkvæmdastjórnin, að teknu tilliti til reglunnar um dreiffræði, þrýsti á um nauðsynlegar aðgerðir til að skapa hagstæða samkeppnisstöðu fyrir fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki og styðja aðlögun þeirra að hinum innri markaði eftir 1992. Ráðið óskaði einnig eftir að framkvæmdastjórnin legði fram, fyrir lok ársins 1992, í ljósi mats sem fram fer, tillögur sem taldar eru nauðsynlegar til að tryggja samfellu í fyrirtækjastefnu.

Tækifæri sem bjóðast á hinum innri markaði munu hafa í för með sér mikil viðskipti á næstu árum og lítil og meðalstór fyrirtæki verða að fá ítarlegar upplýsingar um þessa hlið mála í bandalaginu.

Sérfræðingar sem starfa sjálfstætt hafa, samkvæmt 3. gr. ákvörðunar 91/319/EBE, metið niðurstöður sem hafa fengist úr öllum þáttum núverandi áætlunar. Framkvæmdastjórnin hefur sent skýrslu ásamt athugasemdum til Evrópuþingsins og ráðsins.

Skýrslan staðfestir að ríkjandi fyrirtækjastefna í bandalaginu er vel grundvölluð, áhrifarík og vönduð og þar koma einnig fram athyglisverðar tillögur varðandi vægi tiltekinna ráðstafana.

Þróun efnahagsaðstæðna kallar á aðgerðir til að endurskapa hagvöxt sem lítil og meðalstór fyrirtæki geta átt mikilvæga hlutdeild í og felur þetta í sér að tillaga verði gerð um samþykkt bandalagsáætlunar um ráðstafanir til að aðstoða lítil og meðalstór fyrirtæki sem tekur fullt tillit til þessa nýja forgangssviðs.

Á fundi leiðtoga ráðsins í Edinborg 11. og 12. desember 1992 var lýst yfir „að lítil og meðalstór fyrirtæki hafi mikilvægu hlutverki að gegna í atvinnusköpun og örvun hagvaxtar“. Samþykkt var að létta byrðar sem bandalagslöggjöf hefur í för með sér, hraða bandalagsaðgerðum í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem hafa sannað sig innan bandalagsins og gera ráðstafanir til að hvetja til einkafjárfestingar, einkum meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Nauðsynlegt er að viðhalda einsleitri fyrirtækjastefnu bæði með því að skerpa forgangssvið að því er varðar aðgerðir til hagvaxtar og tryggja samfellu í öðrum þáttum fyrirtækjastefnu.

Framkvæmdastjórnin sendi ráðinu orðsendingu um fyrirtækjastefnu í bandalaginu sem ber yfirskriftina „Hagsmunir fyrirtækja og hagvöxtur í bandalaginu.“

Framkvæmdastjórnin hefur síðustu tvö árin sent ráðinu röð af orðsendingum um ráðstafanir til hagsbóta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (starfsemi undirverktaka, sameiginlegt tryggingarkerfi, þátttaka lítilla og meðalstórra fyrirtækja í opinberum samningum o.s.frv.).

<sup>(1)</sup> Stjttð. EB nr. C 150, 31. 5. 1993.

<sup>(2)</sup> Stjttð. EB nr. C 161, 14. 6. 1993, bls. 6.

<sup>(3)</sup> Stjttð. EB nr. L 239, 16. 8. 1989, bls. 33.

<sup>(4)</sup> Stjttð. EB nr. L 175, 4. 7. 1991, bls. 32.

Í þessari ákvörðun er fjallað um allar tegundir af fyrirtækjum óháð sviði, stærð, félagsformi (þar á meðal samvinnufélög, gagnkvæm félög, samtök og sjóðir) og landfræðilegri staðsetningu, en einkum um lítil og meðalstór fyrirtæki og stofnendur fyrirtækja, meðal annars verslunar- og dreifingarfyrirtæki, handverksfyrirtæki, fjölskyldufyrirtæki og unga atvinnurekendur.

Við skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum er nauðsynlegt að fylgja eftirfarandi leiðbeiningum sem mælt er fyrir um í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem notuð er innan ramma bandalagsaðgerða (SEC(92) 351 lokagerð frá 29. apríl 1992).

Lítill og meðalstór fyrirtæki, einkum ný fyrirtæki, hafa mikilvægu hlutverki að gegna í efnahagsstarfssemi almennt og svæðapróun og þau gegna grundvallarhlutverki að því er varðar virkni, framleiðni, aðlögunarhæfni og nýsköpun.

Þróun fyrirtækjastefnu í bandalaginu sem byggist á raunverulegri samkeppni er sérstaklega mikilvæg fyrir samkeppnishæfari efnahag og grósku í atvinnumálum, efnahags- og félagslega samheldni í bandalaginu og áframhaldandi stækkun markaðarins eftir 1993.

Þessi stefna á fyrst og fremst við um bættar aðstæður í fyrirtækjarekstri að því er varðar stjórnsýslu- og lagalega þætti og skattamál, aukid umfang upplýsinga í bandalaginu og miðlun þeirra til fyrirtækja, hvatningu til samvinnu og samstarfs milli fyrirtækja og kynningu á og samræmingu bandalagsreglna til aðstoðar fyrirtækjum, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Bæta ber og nýta betur möguleikana sem lítil og meðalstór fyrirtæki hafa innan ramma þróunarsjóða og rannsókn- og þróunaráætlana bandalagsins og ýmissa annarra bandalagsáætlana eins og þeirra sem varða opinbera samninga.

Hægt er að auka virkni aðgerðaáætlunarinnar með reglubundnum samskiptum milli framkvæmdastjórnarinnar og samtaka launafólks. Í þessu samhengi ætti að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki til að leggja meira upp úr kynningarstarfi innan Evrópu.

Margar ráðstafanir eru gerðar í aðildarríkjunum til aðstoðar fyrirtækjum og bandalagsráðstafanir ættu að vera viðbót við þær.

Í samræmi við regluna um dreifræði skal bandalagið, í tengslum við aðgerðaáætlunina, aðeins grípa til aðgerða ef aðildarríkin geta ekki settum markmiðum á fullnægjandi hátt og er þá slíkum markmiðum betur náð innan bandalagsins.

Möguleikar og ráðstafanir sem bandalagið grípur til að því er varðar aðgerðaáætlunina skulu vera í réttu hlutfalli við sett markmið.

Nauðsynlegt er því að samþykkja áætlun sem gildir til 31. desember 1996 og nægilegu fjármagni skal veitt í hana svo að markmið um örvun hagvaxtar, atvinnusköpun og efnahagslega og félagslega samheldni náist.

Í sáttmálanum er ekki kveðið á um neinar heimildir til að samþykkja þessa ákvörðun aðrar en þær sem um getur í 235. gr.,

#### ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

Áætlun um að skerpa forgangsráðstafanir og tryggja samfellu í fyrirtækjastefnu bandalagsins er hér með samþykkt frá 1. júlí 1993.

Þessi áætlun á við um öll fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki.

##### 2. gr.

Markmið með áætluninni sem um getur í 1. gr. og felur í sér ráðstafanirnar í I. viðauka eru eftirfarandi:

- I. Skerping forgangsráðstafana um fyrirtækjastefnu til að örva hagvöxt í bandalaginu
  - A. Endurbætur á stjórnsýslu- og lagalegum rekstrar-skilyrðum fyrirtækja, meðal annars á sviði óeinnna skatta, til að minnka byrðar á lítil og meðalstór fyrirtæki vegna bandalagslöggjafar.
  - B. Greiðari aðgangur fyrirtækja að bandalagsupplýsingum.
  - C. Endurbætur á neti til að leita að meðeiganda í fyrirtæki.
  - D. Þróun nýrra leiða sem gerir sjálfstæðum atvinnurekendum kleift að hafa milliliðalaust samband sín á milli með það að markmiði að koma á millipjóða-samningum við undirverktaka.
  - E. Fullt tillit verði tekið til hagsmuna lítilla og meðalstórra fyrirtækja að því er varðar ýmis framgangsmál og stefnu í bandalaginu.
- II. Trygging fyrir samfellu og festu í fyrirtækjastefnu til að laga fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, að evrópskum og alþjóðlegum háttum.
  - A. Stuðningur við lítil og meðalstór fyrirtæki, þar með talin handverksfyrirtæki, til að laga sig að skipulagsbreytingum og að breytingum sem verða af völdum hins innri markaðar, einkum með hjálp upplýsinga, skiptum á reynslu og samstarfi milli þjóða.

- B. Bætt fjárhagsskilyrði fyrirtækjarekstrar.
- C. Stuðningur við betra eftirlit með efnahagsþróun fyrirtækja sem stuðlar að góðum framgangi hins innri markaðar.
- D. Þróun og mat á fyrirtækjastefnu.

### 3. gr.

1. Til að markmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. og 2. gr. verði náð, svo framarlega sem þeim er ekki náð í hverju aðildarríki fyrir sig, skal framkvæmdastjórnin grípa til nauðsynlegra ráðstafana sem samþykktar verða í bandalaginu, að teknu tilliti til niðurstaðna matskýrslanna.
2. Fylgja skal málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 4. gr. við samþykkt eftirfarandi ráðstafana um:
  - samþykkt, framkvæmd í tilraunaskyni eða útvíkkun nauðsynlegra verkefna sem eru gerð fyrir beitingu þessarar ákvörðunar,
  - innihald og tímaáætlun fyrir og fjárhagslegan stuðning við ráðstafanir og beiðni um tillögur,
  - reglulegt mat á niðurstöðum hvers verkefnis í samræmi við tímaáætlun sem mælt er fyrir um í séráætlunum.
3. Nefndinni sem um getur í 4. gr. er heimilt að rannsaka öll önnur mál sem varða áætlunina.
4. Framkvæmdastjórnin skal ár hvert leggja fyrir nefndina skýrslu um framkvæmd þessarar ákvörðunar varðandi framvindu á öllum sviðum, þar með talið einföldun stjórnsýslu og eftirfarandi upplýsingar um:
  - Evrópskar upplýsingamiðstöðvar:
    - tölfraðilegar upplýsingar um fjölda fyrirtækja sem hafa leitað ráða hjá þeim,
    - breytingar á skipulagi, þjónustu og fjármögnun.
  - Europartenariat-skrifstofan og Interprise-skrifstofan:
    - tölfraðilegar upplýsingar um stærð og svið fyrirtækjanna sem taka þátt í samvinnunni
    - eftirlit með ráðstöfunum sem eru gerðar,
    - breytingar á skipulagi eða fjármögnun verkefna.

### 4. gr.

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vege eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir sem öðlast gildi þegar í stað. Séu aðgerðirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin þó láta ráðið vita af þeim án tafar. Í því tilviki skal framkvæmdastjórnin fresta því að ráðstafanirnar komi til framkvæmda um þrjá mánuði frá því að þær voru lagðar fyrir ráðið.

Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í undanfarandi málsgrein.

### 5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en í lok mars 1996, leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina, matskýrslu um framkvæmd þessarar ákvörðunar, þar með talið mat á rekstrarhagkvæmni og tillögur sem hún telur nauðsynlegar á grundvelli matsins.

Framkvæmdastjórnin skal á fyrri helmingi ársins 1995 leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina skýrslu um:

- framtíðarhlutverk neta, einkum að því er varðar framleiðsluvörur, markhópa og fjármögnun, þar með talið athugun á möguleikum á eigin fjármögnun í ljósi tilmæla í nýjustu matskýrslunni,
- samræmingu ólíkra bandalagsáætlaana sem eru augljóslega í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og handverksfyrirtækja en er ekki fjallað um í þessari tilskipun og um ráðstafanir sem eru gerðar samkvæmt þessari ákvörðun.

### 6. gr.

1. Þessi ákvörðun öðlast gildi 1. júlí 1993 og gildir til 31. desember 1996.

2. Fjármálayfirvaldið skal ákveða fjárveitingu fyrir hvert fjárhagsár í samræmi við reglur um trausta stjórnun sem um getur í 2. gr. fjárhagsreglugerðar sem gildir um almenn fjárlög Evrópubandalagsins.
3. Heildarfjárhæð sem er talin nauðsynleg til að koma þessari ákvörðun í framkvæmd, eins og tilgreint er í II. viðauka, skal vera 112,2 milljónir ECU, ef um er að ræða fjárhagsáætlun til meðallangs tíma. Upphæðin felur í sér núverandi

fjárhagsáætlun fyrir árið 1993 sem nemur 24,8 milljónum ECU og einnig fjárhæðina sem nauðsynleg er til að ljúka við núverandi áætlun um lítil og meðalstór fyrirtæki.

7. gr.

Þessi ákvörðun kemur frá gildistöku í stað ákvörðunar ráðsins 89/490/EBE.

Gjört í Lúxemborg 14. júní 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

**J. TRJBJORG**

forseti.

# I. VIÐAUKI

## RÁÐSTAFANIR SEM UM GETUR Í 2. GR.

### I. STYRKING FORGANGSRÁÐSTAFANA UM FYRIRTÆKJASTEFNU TIL AÐ ÖRVA HAGVÖXT Í BANDALAGINU

#### A. Endurbætur á stjórnsýslulegum og lagalegum rekstrarskilyrðum fyrirtækja, meðal annars á sviði óbeinna skatta

Einkum frekari vinna við einföldun stjórnsýslu og stuðningur við eftirlitsráðstafanir í aðildarríkjunum; mat á áhrifum bandalagslögjafar, festa í bandalagslöggjöf, frekari rannsókn á málum eins og flutningi og stofnun fyrirtækja; reglulegt og ítarlegt samráð við stofnanir sem eru í forsvari fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

#### B. Greiðari aðgangur fyrirtækja að bandalagsupplýsingum

Aukin gæði, umbætur á starfsemi nets um evrópskrar upplýsingamiðstöðvar og aðlögun netsins að nýjum þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, þar á meðal ráðgjöf til fyrirtækja sem líkleg eru til að taka þátt í bandalagsáætlun (eins og t.d. rannsóknum, opinberum samningum, endurbættum umhverfisaðgerðum); stöðugleiki fjármögnunar, einkum með því að beina kröftum og þróun að núverandi neti; útvíkkun neta til Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og til landa í Mið- og Austur-Evrópu og til Miðjarðarhafslandanna, einkum landanna í Norður-Afríku, í tengslum við sérráðstafanir til að aðstoða þessi lönd.

#### C. Endurbætur á neti til að leita að meðeiganda í fyrirtæki

Aukin gæði og jöfn aðlögun verðkerfis vegna trúnaðarnets til að leita að meðeigendum í fyrirtæki (BC-NET) með það að leiðarljósi, eins og unnt er, að gera netið fjárhagslega sjálfstætt.

#### D. Þróun nýrra leiða sem gerir sjálfstæðum atvinnurekendum kleift að hafa milliliðalaust samband sín á milli með það að markmiði að koma á milliþjóðasamningum við undirverktaka

Einkum með því að bæta undirbúning, framkvæmd og eftirlit með aðgerðum sem framkvæmdar eru samkvæmt Europartenariat- og Interprise-áætlunum;

aukin þekking á mörkuðum undirverktaka, aukið samræmi í tilhögun og stöðlun málsmeðferðar og hvatning til samvinnu milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

#### E. Fullt tillit verði tekið til hagsmuna lítilla og meðalstórra fyrirtækja að því er varðar ýmis framgangsmál og stefnu í bandalaginu

Þróun nýrra leiða í bandalaginu sem gerir litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að taka fullan þátt í öllum bandalagsaðgerðum og -áætlunum, þar með talið leiðir í tengslum við fyrirtækjastefnu, þróunarsjóðir, rannsóknaráætlanir og áætlanir til að þróa tæknimöguleika sem auðveldar litlum og meðalstórum fyrirtækjum þátttöku, meðal annars með því að einfalda viðkomandi málsmeðferð.

## II. TRYGGING FYRIR SAMFELLU OG FESTU Í FYRIRTÆKJASTEFNU TIL AÐ LAGA FYRIRTÆKI, EINKUM LÍTIL OG MEÐALSTÓR FYRIRTÆKI, AÐ EVRÓPSKUM OG ALPJÓDLEGUM OG HÁTTUM

### A. Stuðningur við lítil og meðalstór fyrirtæki til að laga sig að skipulagsbreytingum og að breytingum sem verða af völdum hins innri markaðar

Ákvörðun þarfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja og þróun verkefna, meðal annars á grundvelli tilraunaverkefna fyrir fyrirtæki, þar með talin lítil og meðalstór fyrirtæki og handverksfyrirtæki, viðskiptaog dreifingarfyrirtæki, samvinnufélög, gagnkvæm félög, samtök og sjóðir, svo og stofnendur fyrirtækja og ungir sjálfstæðir atvinnurekendur, sem gerir þeim kleift að laga sig að skipulagsbreytingum, að öðlast meiri þekkingu á Evrópuþætti markaðarins og að hagnast á tækifærum sem bjóðast á hinum innri markaði, einkum á vettvangi stöðlunar, vottfestingar og við gerð opinberra samninga.

### B. Bætt fjárhagsskilyrði fyrirtækja

Athugun á leiðum og möguleikum til að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum aðgang að lánnum og ábyrgðum, þar með talið gagnkvæmt ábyrgðarkerfi og viðskipti með áhættufjármagn; mat á því hvort hagkvæmt sé að þróa frjálsa markaði; auðveldari aðgangur lítilla og meðalstórra fyrirtækja að fjármálastofnunum sem bandalagið kveður á um, án þess að fyrirtækin þurfi að leggja fram fé.

### C. Aukið eftirlit með efnahagsþróun fyrirtækja sem stuðlar að góðum framgangi hins innri markaðar

Evrópsk athugunarstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, ítarlegar tölfræðilegar upplýsingar um lítil og meðalstór fyrirtæki án þess að auka byrðar fyrirtækja.

### D. Þróun og mat á fyrirtækjastefnu

Mat á ríkjandi stefnu og aðgerðum, þróun tillagna að nýjum bandalagsráðstöfunum á sviðum sem hafa þýðingu fyrir fyrirtæki.



## II. VIÐAUKI

### HAGSMUNIR FYRIRTÆKJA OG HAGVÖXTUR Í EVRÓPU FJÁRHAGSÁR 1993 - 1996

Í HVERJUM LÍÐ ER TILGREIND UPPHÆÐ Á MÁNUÐI Í MILLJÓNUM ECU

<i>I. Skerping forgangsráðstafana um fyrirtækjastefnu til að örva hagvöxt í bandalaginu</i>	
A. Endurbætur á stjórnsýslu- og lagalegum rekstrarskilyrðum fyrirtækja, m.a. á sviði óbeinna skatta <sup>(1)</sup>	5,10
B. Greiðari aðgangur fyrirtækja að bandalagsupplýsingum	33,25
C. Endurbætur á neti til að leita að meðeiganda í fyrirtæki	3,90
D. Þróun nýrra leiða sem gerir sjálfstæðum atvinnurekendum kleift að hafa milliliðalaust samband sín á milli með það að markmiði að koma á millipjóðasamningum við undirverktaka	28,85
E. Fullt tillit verði tekið til hagsmuna lítilla og meðalstórra fyrirtækja að því er varðar ýmis framgangsmál og stefnu í bandalaginu	13,90
<b>Millisamtala 1</b>	<b>85,00</b>
<i>II. Trygging fyrir samfellu og festu í fyrirtækjastefnu til að laga fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki, að evrópskum og alþjóðlegum háttum</i>	
A. Stuðningur við lítil og meðalstór fyrirtæki, þar með talin handverksfyrirtæki, til að laga sig að skipulagsbreytingum og breytingum sem verða af völdum hins innri markaðar	
- Handverksfyrirtæki og lítil fyrirtæki	5,50
- Viðskipta- og dreifingarfyrirtæki	7,60
- Samvinnufélög, gagnkvæm félög, samtök og sjóðir	0,80
B. Stuðningur við bætta aðstæður í fyrirtækjarekstri	0,90
C. Aukið eftirlit með efnahagsþróun fyrirtækja sem stuðlar að góðum framgangi hins innri markaðar	
- evrópsk athugunarstöð fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki	5,30
- ítarlegri tölfræðilegar upplýsingar um lítil og meðalstór fyrirtæki	1,20
- rannsóknir, útgáfustarfsemi, námsstefnur, ráðstefnur	5,40
- mat á stefnu og núverandi starfsemi	0,50
<b>Millisamtala 2</b>	<b>27,20</b>
<b>Heildarupphæð</b>	<b>112,20</b>

(<sup>1</sup>) Þar með talið ráðgjöf aðildarríkja og stéttarsamtaka (ex-ítem B54 - 324).

## ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 26. september 1989

### um þróun í starfsemi undirverktaka í bandalaginu

(89/C 254/01)

#### RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Hinn 3. nóvember 1986 samþykkti ráðið ályktun um aðgerðaáætlun um lítil og meðalstór fyrirtæki og í júlí 1989 ákvörðun um bætta aðstæður í fyrirtækjarekstri til að efla þróun fyrirtækja, einkum lítilra og meðalstórra fyrirtækja í bandalaginu.

Í kjölfar orðsendingar um fyrirtækjastefnu í bandalaginu og um „styrkara samstarf milli fyrirtækja í Evrópu: svar við innri markaði 1992“, hefur framkvæmdastjórnin sent ráðinu orðsendingu um þróun í starfsemi undirverktaka í bandalaginu.

Fyrirtæki eru markvisst farin að notfæra sér starfsemi undirverktaka og er það liður í þeirri stefnu að nýta í auknum mæli utanaðkomandi krafta.

Með tilkomu innri markaðarins 1992 munu fyrirtæki fá fleiri markaðstækifæri og þá geta þau nýtt á kerfisbundinn hátt starfsemi undirverktaka í öðrum löndum og það flýttir, með aukinni samkeppni innan bandalagsins, fyrir skipulagsbreytingum í samskiptum við undirverktaka.

Bætta aðstæður í fyrirtækjarekstri er mikilvæg forsenda fyrir þróun í starfsemi undirverktaka milli landa.

Aðgangur að réttum og mikilvörðum upplýsingum og aukin boðskipti eru mjög mikilvæg til að koma á samskiptum undirverktaka milli landa.

Aðlögun að nýjum samkeppniskröfum hefur í för með sér breytingu á samskiptum milli aðalverktaka og undirverktaka og

krefst þess að báðir aðilar leggi sitt af mörkum, einkum að því er varðar fyrirkomulag verktöku, samningsgerð, aðlögun að nýrri tækni og þróun í þá átt að hafa sem breiðastan hóp viðskiptavina.

SÝNIR ÁHUGA á aðgerðum framkvæmdastjórnarinnar hingað til, einkum að því er varðar eflingu starfsemi undirverktaka milli landa;

SKORAR Á framkvæmdastjórnina, í samráði við aðildarríkin, að sjá um, eiga frumkvæði að og samræma ráðstafanir í því skyni að skapa hagstæð skilyrði fyrir starfsemi undirverktaka;

HVETUR TIL, sem viðbót við núverandi starfsemi í aðildarríkjunum, frumkvæðis til að bæta streymi upplýsinga og boðskipta milli aðalverktaka og undirverktaka, einkum áframhaldandi vinnu við fagheiti á einstökum sviðum á mörgum tungumálum og endurbætur á kerfi til að leita að meðeiganda í fyrirtæki;

KEMUR AUGA Á þann möguleika að stofna evrópska upplýsingamiðstöð fyrir starfsemi undirverktaka og óskar eftir að framkvæmdastjórnin haldi áfram starfi sínu í náinni samvinnu við hlutaðeigandi fagfélög og aðildarríkin;

LEGGUR ÁHERSLU Á mikilvægi þess að koma á meira jafnvægi í samskiptum aðalverktaka og undirverktaka og efla starfsemi evrópska undirverktaka í fyrirtækjum þriðju landa;

TELUR að gera ætti endurbætur á lagamma fyrir starfsemi undirverktaka, t.d. með nákvæmri athugun á vandamálum varðandi greiðslufresti, og að athuga skuli vandlega einstök atriði sem snerta opinbera samninga;

ÓSKAR EFTIR að því verði tilkynnt um framvindu starfs framkvæmdastjórnarinnar varðandi þróun í starfsemi undirverktaka í bandalaginu.

## TILMÆLI RÁÐSINS

frá 28. maí 1990

### um framkvæmd stefnu til einföldunar í stjórnun til hagsbóta fyrir LMF í aðildarríkjunum

(90/246/EBE)

#### RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr., með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

með hliðsjón af eftirfarandi ályktunum samþykktum af ráðinu:

- ályktun frá 3. nóvember 1986 um aðgerðaáætlun bandalagsins um lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF) <sup>(4)</sup> og yfirlýsingu þess um að draga úr stjórnsýsluálagi á atvinnurekstur,
- ályktun frá 22. desember 1986 um aðgerðaáætlun varðandi atvinnuaukningu <sup>(5)</sup>,
- ályktun frá 30. júní 1988 um bættar aðstæður í fyrirtækjarekstri og aðgerðir til að efla þróun fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, í bandalaginu <sup>(6)</sup>,

með hliðsjón af eftirfarandi ályktunum samþykktum af framkvæmdastjórninni:

- orðsendingu um fyrirtækjastefnu í bandalaginu,
- orðsendingu um einföldun stjórnsýslu í bandalaginu,
- þriðju skýrslu um framkvæmd markmiða aðgerðaáætlunar bandalagsins um lítil og meðalstór fyrirtæki,
- orðsendingu um ráðstafanir um einföldun stjórnsýslu sem aðildarríkin grípa til fyrir hönd fyrirtækja í bandalaginu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í bandalaginu eru gerðar ráðstafanir til að tryggja hagstæð rekstrarskilyrði fyrirtækja, einkum með einföldun löggjafar og minnkun stjórnsýsluálags á atvinnurekstur, einkum LMF.

Nauðsynlegt er að innlend yfirvöld, héraðs- og sveitarstjórnir geri sambærilegar ráðstafanir.

Skipti á upplýsingum og samanburður á innbyrðis reynslu aðildarríkjanna auðveldar yfirsýn yfir ráðstafanir sem framkvæmdar eru í hverju aðildarríki fyrir sig, einkum þegar þessi samvinna fer fram á vettvangi bandalagsins.

Slík afstaða styrkir þessa stefnu og hefur þannig í för með sér aukin atvinnuumsvif.

Markmiðið með einföldun stjórnsýslu má þó ekki skaða frjáls viðskipti, stofna ráðgjafastofnunum sem komið er á fót í þágu lýðræðisins innan hagkerfisins í hættu eða draga úr réttaröryggi þeirra sem þurfa að nota stjórnsýsluna.

Mikil vinna hefur þegar verið lögð í það að einfalda lög og reglur, færa stjórnsýslu til nútímahorfs, þjálfa starfslid og bæta gæði þjónustunnar, en þetta starf þarf enn að auka.

#### MÆLIST TIL ÞESS VIÐ AÐILDARRÍKIN:

1. að koma í framkvæmd áætlunum um einföldun stjórnsýslu til hagsbóta fyrir LMF sem felur í sér þátttöku allra þar til bærri opinberra aðila;
2. að tryggja að ofangreint fyrirkomulag eigi jafnt við ný um lög sem gildandi löggjöf, að lög sem er ofaukið verði felld úr gildi og að löggjöf sem endurspeglar ekki lengur efnahagslegan og félagslegan raunveruleika verði breytt.
3. að láta fara yfir öll frumdrög að lögum og reglugerðum til að athuga nauðsyn þeirra, áhrif og hversu skiljanleg þau eru, ef slík drög eru líkleg til að auka stjórnsýsluálag á fyrirtæki; þessi athugun skal vera svipuð þeirri sem framkvæmdastjórnin lætur fara fram á áhrifum bandalagslöggjafar, einkum á LMF (matskönnun).
4. að huga sérstaklega að eftirfarandi liðum:
  - a) að færa skipulag stjórnsýsludeilda til nútímahorfs, einkum þjónustu tengda fyrirtækjum, í því skyni að

(1) Stjtið. EB nr. C 189, 26. 7. 1989, bls. 17 og Stjtið. EB nr. C 101, 21. 4. 1990, bls. 8.

(2) Stjtið. EB nr. C 15, 22. 1. 1990, bls. 363.

(3) Stjtið. EB nr. C 298, 27. 11. 1989, bls. 53.

(4) Stjtið. EB nr. C 287, 14. 11. 1986, bls. 1.

- auka samhæfni ýmissa deilda, auka skilvirkni þeirra og flýta fyrir meðferð mála;
- b) að endurbæta aðferðir með því að staðla og fækka fjölda eyðublaða og skýrsla sem notaðar eru á sviði endurskoðunar, skattlagningar, félagsmála og tölfraðilegra upplýsinga;
- c) að stofna, þar sem við á, ráðgjafarþjónustu þar sem hægt er að fá leiðbeiningar um hvaða formkröfur beri að uppfylla við stofnun fyrirtækis;
- d) að skipta út eins mörgum formlegum ákvörðunum og mögulegt er með þegjandi samþykki, þannig að ef engin viðbrögð berast frá lögbærum yfirvöldum við lok tiltekins frests frá móttöku umsóknar megi líta svo á að ákvörðunin hafi verið samþykkt;
- e) að endurbæta upplýsingar um LMF, t.d. með útgáfu handbóka, bæklinga og skipurita yfir stjórnarsýslu;
- f) að steypa saman eða safna saman lagatextum til að löggjöfin verði auðskiljanlegri fyrir fyrirtæki;
- g) ef þörf er á, að þróa sérstakar framkvæmdaráðstafanir til að einfalda stjórnarsýslu fyrir LMF;
5. að stofna eða reka áfram viðeigandi ráðgjafastofnun með fulltrúum fyrirtækja, meðal annars lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og stjórnarsýslunnar í því skyni að stuðla að einföldun stjórnarsýslumeðferðar og löggjafar;
6. að framkvæma ofangreint án þess að brotið sé í bága við lagalegan rétt starfsmanna og þriðju aðila;
7. að tilkynna framkvæmdastjórninni um mikilvæg skref í einföldun stjórnarsýslu, vandamál sem upp koma og framgangsmál sem mælt er með til að framkvæmdastjórnin geti tryggt að öll aðildarríki hafi góða vitneskju um þróun og möguleika á þessu sviði,

**FER ÞESS Á LEIT VIÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNINA:**

- a) að koma atriðunum sem þessi tilmæli fela í sér í framkvæmd innan sinnar stofnunar og tilkynna aðildarríkjunum um helsta ávinning á þessu sviði;
- b) að leggja fram áætlun til að athuga áhrif gildandi bandalagslöggjafar og að afmarka svið þar sem álag löggjafarinnar er einkar mikið;
- c) að auðvelda LMF aðgang að þróunarsjóðum og rannsóknar- og þróunaráætlunum í bandalaginu og að öðrum bandalagsáætlunum;
- d) að gera nauðsynlegar ráðstafanir svo að hægt sé að leita ráða hjá fulltrúum fyrirtækja um ýmsar hliðar áætlunar um einföldun stjórnarsýslu;
- e) að halda áfram að endurbæta matskannanirnar innan ramma framkvæmdastjórnarinnar og birta þær;
- f) að kanna möguleikana á því að minnka skörun milli stjórnarsýslulegra formkrafna sem fyrirtækin eiga að uppfylla þegar þau færa út kvíarnar til annarra landa;
- g) að leggja fram skýrslu með reglulegu millibili um ráðstafanir í bandalaginu og innanlands varðandi einföldun stjórnarsýslu.

Gjört í Brussel 28. maí 1990.

Fyrir hönd ráðsins,

**D. J. O'MALLEY**

forseti.

## ÁLYKTUN RÁÐSINS

frá 22. nóvember 1993

### um að styrkja samkeppnishæfni fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja og handverksfyrirtækja, og um aukna atvinnu

(93/C 326/01)

#### RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af ályktun ráðsins frá 27. maí 1991 um aðgerða-  
áætlun varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki, þar með talið hand-  
verksfyrirtæki <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af ályktun ráðsins frá 17. júní 1992, um aðgerða-  
áætlun bandalagsins til stuðnings fyrirtækjum, einkum litlum og  
meðalstórum fyrirtækjum, þar með talin handverksfyrirtæki <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af ályktun ráðsins frá 3. desember 1992, um  
einföldun stjórnsýslu fyrir fyrirtæki, einkum lítil og meðalstór  
fyrirtæki <sup>(3)</sup>,

með hliðsjón af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 23.  
janúar 1992 sem ber yfirskriftina „Evrópumarkaður fyrir  
undirverktaka”,

með hliðsjón af skýrslu efnahags- og félagsmálanefndarinnar frá  
28. apríl 1993 <sup>(4)</sup>,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 93/379/EBE frá 14. júní 1993,  
um áætlun til margra ára varðandi ráðstafanir bandalagsins til að  
skerpa forgangssvið og tryggja samfellu og festu í fyrirtækja-  
stefnu bandalagsins, einkum varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki  
<sup>(5)</sup>,

með hliðsjón af niðurstöðum leiðtoga ráðsins í Edinborg frá 11.  
og 12. desember 1992 sem fela í sér meginreglur um „aðgerða-  
áætlun aðildarríkjanna og bandalagsins um að efla hagvöxt og  
berjast gegn atvinnuleysi” og þar sem áhersla er lögð á mikilvægi  
lítilla og meðalstórra fyrirtækja varðandi atvinnusköpun og örvun  
hagvaxtar,

með hliðsjón af niðurstöðum leiðtoga ráðsins í Kaupmannahöfn  
frá 21. og 22. júní 1993 þar sem meginreglurnar frá því í  
Edinborg, um að efla hagvöxt og berjast gegn atvinnuleysi, voru  
víkkaðar og gerðar tillögur um skammtímaráðstafanir fyrir lítil  
og meðalstór fyrirtæki.

með hliðsjón af niðurstöðum ráðsins frá 13. september 1993 þar  
sem er viðurkennt að æskilegt sé að örva fjárfestingu lítilla og  
meðalstórra fyrirtækja með því að gera einfaldar og almennar  
ráðstafanir sem hægt er að framkvæma fljótt og þar sem sýndur  
er áhugi á fyrirætlun framkvæmdastjórnarinnar að athuga  
tafarlaust hvort hægt sé að nota frumkvæðisáætlun á vetvangi  
bandalagsins.

með hliðsjón af niðurstöðum leiðtoga ráðsins í Brussel frá 29.  
október 1993 þar sem skorað er á efnahags- og fjármálaráðið að  
sjá til þess að komið verði á fót kerfi um vaxtastyrk fyrir lítil og  
meðalstór fyrirtæki, innan marka sem eru sett í fjárhagsáætlun  
fyrir árið 1994, í samræmi við leiðbeiningar sem leiðtoga ráðið  
samþykkti í Kaupmannahöfn,

með hliðsjón af orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar sem  
verða ræddar frekar í ráðinu:

- skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um skilgreiningar á litlum  
og meðalstórum fyrirtækjum sem er notast við í tengslum  
við starfsemi í bandalagsins,
- orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 1. júní 1992 um  
þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í opinberum  
samningum í bandalaginu,
- orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 2. júní 1993 um  
lykiláætlun um stjórnun hins innri markaðar sem ber  
yfirskriftina „Aukin skilvirkni hins innri markaðar”;

<sup>(1)</sup> Stjttf. EB nr. C 146, 5. 6. 1991, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjttf. EB nr. C 178, 15. 7. 1992, bls. 8.

<sup>(3)</sup> Stjttf. EB nr. C 331, 16. 12. 1992, bls. 3.

<sup>(4)</sup> Stjttf. EB nr. C 161, 14. 6. 1993, bls. 6.

- orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 7. október 1993 sem ber yfirskriftina „Lítill og meðalstór fyrirtæki og starfsemi bandalagsins á sviði rannsókn- og tækniþróunar”,
- orðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 10. nóvember 1993 um fjárhagsvandamál lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
- orðsending framkvæmdastjórnarinnar um fyrstu skýrslu evrópsku eftirlitsmiðstöðvarinnar um lítill og meðalstór fyrirtæki frá 5. nóvember 1993 (athugasemdir framkvæmdastjórnarinnar um fyrstu ársskýrsluna frá 1993),

viðurkennir mikilvægi þess að samræma ráðstafanir til að koma aftur á stöðugum hagvexti og styrkja samkeppnishæfni iðnaðar í Evrópu og að skapa ný störf,

viðurkennir að lítill og meðalstór fyrirtæki séu einn af mikilvægustu þáttum varðandi nýja sókn í átt til hagvaxtar og atvinnusköpunar og því sé viðeigandi að hvetja til þróunar þeirra, með það að markmiði að ná fram efnahags- og félagslegri samheldni í bandalaginu,

viðurkennir að æskilegt sé að gera ráðstafanir sem geta fjarlægt fljótt hindranir sem koma enn í veg fyrir fulla hlutdeild lítilla og meðalstórra fyrirtækja að hinum innri markaði,

viðurkennir mikilvægi þess að hvetja til þróunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja á viðeigandi ákvörðunarstigi, einkum með tilliti til sérstakra þjóðareinkenna,

leggur áherslu á að núverandi frumkvæði bandalagsins varðandi stefnu um lítill og meðalstór fyrirtæki verði styrkt og útvíkkað og að niðurstöðum leiðtogaáráðsins í Kaupmannahöfn um þetta mál skuli fylgt eftir eins fljótt og auðið er,

leggur áherslu á að lítill og meðalstór fyrirtæki skuli hvött til að taka í auknum mæli þátt í þeim bandalagsáætlunum sem þau gætu haft ávinning af,

undirstrikar nauðsyn þess að auka ekki enn á stjórnsýsluálag á lítill og meðalstór fyrirtæki

1. UNDIRSTRIKAR mikilvægi þess að móta heildstæða og víðtæka stefnu fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki til að mögulegt verði, ásamt ýmsum öðrum þátttakendum í ákvarðanaferli í bandalaginu, að finna leiðir til að auka gildi bandalagsaðgerða;
2. TELUR því að nánara samstarf milli allra hlutaðeigandi aðila sem vinna að þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja - í bandalaginu, innanlands og á héraðsstjórnarstiginu - gæti betur náð markmiðinu um samstefnu;

3. FAGNAR því að stjórnin skuli hafa samið bókun með yfirskriftinni „Lítill og meðalstór fyrirtæki: drifkraftur hagvaxtar í Evrópu” þar sem tilmæli hafa ekki enn verið skoðuð niður í kjölfinn;

4. FER ÞESS Á LEIT VIÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNINA:

a) að hún stuðli að:

- þróun aðstæðna sem eru hagstæðar fyrir stofnun fyrirtækja innan ramma áætlana um lítill og meðalstór fyrirtæki til margra ára og annarra áætlana sem hafa verið gerðar,
- skiptum á reynslu í bandalaginu á eftirfarandi sviðum, á grundvelli greiningar á núverandi stefnu sem stuðlar að stofnun og þróun nýrra fyrirtækja:
  - starfsmenntun yfirmanna fyrirtækja og meðstjórnenda þeirra, einkum almenn starfsþjálfun og framhaldsmenntun, sérstaklega á sviði stjórnunar,
  - þarfir stofnenda nýsköpunarfyrirtækja, almennra og tæknilegra nýsköpunarfyrirtækja, einkum að því er varðar tækniástoð,
  - tengsl lítilla og meðalstórra fyrirtækja við fjármálastofnanir og meðal annars nánara samband milli stofnenda fyrirtækja og þeirra sem leggja til fjármagn,
  - þróun tækni til að skipta starfandi fyrirtækjum upp í smærri einingar;

b) því að tímanlegri og markvissri dreifingu viðeigandi upplýsinga um tækifæri fyrirtækja og samvinnu-möguleika á mörkuðum undirverkataka, í tengslum við áætlanir um lítill og meðalstór fyrirtæki til margra ára, verði hraðað einkum með hjálp aðgerða eins og:

- að stuðla að, innan ramma núverandi neta í Evrópu sem lítill og meðalstór fyrirtæki hafa aðgang að, tengingu og samhæfingu milli gagnabanka og skiptum á viðskiptum undirverktaka en nokkrir þeirra eru nú þegar í millipjóðasamvinnu í því skyni að auka umsvif starfsemi sinnar í Evrópu;
- að hvetja til könnunarfunda sem eru haldnir að frumkvæði aðalverktaka til að komast í samband við undirverktaka í því skyni að stofna ný sameignatengsl í atvinnulífinu.

- c) auðveldun aðgangs lítilla og meðalstórra fyrirtækja að gæða- og vottunartækni innan ramma núverandi bandalagsáætlana, einkum áætlana um lítil og meðalstór fyrirtæki til margra ára;
- d) því að Fjárfestingarsjóður Evrópu og Fjárfestingarbanki Evrópu fjárfesti í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, innan ramma aðgerða bandalagsins og í samræmi við samþykki þeirra beggja, einkum vegna núverandi þróunar þeirra á áætlun um alþjóðalán og sérstaklega:
- með því að sjá til þess að lítil og meðalstór fyrirtæki hagnist raunverulega á aðstoð Fjárfestingarsjóðs Evrópu og að minnstu fyrirtækin hafi aðgang að ábyrgðarkerfi,
  - með því að fara þess á leit við Fjárfestingarbanka Evrópu að íhuga mögulega kosti þess að auka fjölbreytni fjárhagsstofnana sem milliliði;
- e) skipuleggja, í samræmi við áætlunir um lítil og meðalstór fyrirtæki:
- kerfisbundnari ráðgjöf stofnana sem eru í forsvari fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og handverksfyrirtæki í Evrópu varðandi öll verkefni bandalagsins sem eru líkleg til að hafa áhrif á fyrirtæki, alveg frá frumstigi verkefnisins,
  - nýja aðferðafræði til að meta sambandið milli kostnaðar og hagnaðar í tengslum við tilmæli bandalagsins á grundvelli áhrifakönnunar sem er uppfærð með reglulegu millibili, einkum með hliðsjón af einföldun stjórnsýslu, til að skapa hagstæð skilyrði fyrir stofnun og uppbyggingu fyrirtækja;
- f) því að efla ráðgjöf, innan ramma sterkara sameignafélags lítilla og meðalstórra fyrirtækja í bandalaginu, við stofnanir sem eru í forsvari fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og handverksfyrirtæki í bandalaginu, þar með talið innan ramma sem kveðið er á um í samkomulagi um félags- og atvinnumál;
- g) því að auka hlutdeild lítilla og meðalstórra fyrirtækja í opinberum samningum á þessu sviði, einkum sem hluti af markvissri áætlun um hinn innri markað, meðal annars:
- með því að fjarlægja allar núverandi hindranir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, og ef nauðsyn krefur með því að gera bandalagsráðstafanir á þessu sviði,
- með aukinni samvinnu milli fyrirtækja og miðlun upplýsinga til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, t.d. með hjálp tilraunaáætlana sem eru hannaðar innan núverandi bandalagsnets;
- h) styrkja áhrifaríka þátttöku lítilla og meðalstórra fyrirtækja í fjórðu rammaáætlun um rannsókn og tækniþróun sem ætlunin er að samþykka, einkum með því að:
- auka samræmi milli ýmissa bandalagsráðstafana og milli bandalagsráðstafana og ráðstafana aðildarríkjanna,
  - auka dreifingu og notkun rannsóknarniðurstæðna með því að gera tilkall til sérmeta í bandalaginu og innanlands- og svæðisbundinna stofnana,
  - endurbæta, styrkja, og útvíkka sérráðstafanir til annarra áætlana til að örva rannsóknir og tækniþróun sem er framkvæmd af eða fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, einkum í ljósi reynslu af ráðstöfunum um handiðnað og hagkvæmni iðgjalda,
  - að einfalda málsmeðferð og skilyrði fyrir þátttöku í útbodum og hraða meðhöndlun skjala
  - að hvetja til samvinnu milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja og milli stærri fyrirtækja og lítilla og meðalstórra fyrirtækja;
- i) afstaða þriðju landa til þróunar lítilla og meðalstórra fyrirtækja verði athuguð og könnuð ítarlega;
5. FER ÞESS Á LEIT VIÐ AÐILDARRÍKIN:
- a) að sjá til þess að fjárhagsmilliliðir, bæði opinberir- og einkamilliliðir, sem eru sérhæfðir í fjármögnun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki geti snúið sér til Fjárfestingarsjóðs Evrópu til að sækja um ábyrgðir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki;
- b) að sjá til þess að lítil og meðalstór fyrirtæki njóti góðs af stöðugum og hagstæðum rekstrarskilyrðum til að þau nái fjárhagslegu jafnvægi sem er forsenda betri aðlögunar að efnahagsferlinu.
- c) að fjarlægja allar hindranir í samvinnu milli fyrirtækja á markaði undirverttaka með því að tryggja að virðing fyrir réttindum og skyldum hlutadeigandi aðila verði viðhöfð, t.d. með hjálp framkvæmdarreglna;

- d) að hvetja lítil og meðalstór fyrirtæki til að taka þátt í opinberum verk- og þjónustusamningum, meðal annars með því að stuðla að tímabundnu samstarfi milli lítilla útbóðshaldara;
- e) að stuðla að þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja verði að veruleika, einkum varðandi ný störf, með því að einfalda stjórnsýslu- og reglugerðarmeðferð sem snerta þau;
- f) að stuðla að tækifærum til starfsþjálfunar á háu stigi þar sem yfirmönnum fyrirtækja, ungum sjálfstæðum atvinnurekendum og meðstjórnendum forgang er veittur forgangur;
- g) að tryggja að stofnanir sem eru í forsvari fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og handverksfyrirtæki komi úr atvinnulífnum og af vinnumarkaðinum og óskað er eftir að þær gefi álit sitt á lagalegum ráðstöfunum og á aðgerðum sem hafa áhrif á þær, í samræmi við gildandi venjur í hverju aðildarríki;

#### 6. ÓSKAR EFTIR ÞVÍ VIÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNINA OG AÐILDARRÍKIN:

að auka, innan ramma sameignafélaga sem hafa verið stækkuð, virkni, samræmi og framsetningu ráðstafana til aðstoðar litlum og meðalstórum fyrirtækjum, að teknu tilliti til lykilorða varðandi stærð fyrirtækjanna.

Í þessu samhengi og í ljósi niðurstaðna sem leiðtogaráðið komst að í Brussel 29. október 1993:

#### ÓSKAR EFTIR AÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNIN:

athugi, eins fljótt og auðið er, raunhæfar tillögur um að hrinda í framkvæmd samþættri áætlun um lítil og meðalstór fyrirtæki og handverksfyrirtæki í forni framkvæðis-áætlunar bandalagsins;

#### 7. SKULDBINDUR SIG TIL:

að halda með reglulegu millibili, með hliðsjón af áætlunum um lítil og meðalstór fyrirtæki til margra ára og hvernig þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja og handverksfyrirtækja þróast, fund um samkeppnishæfni fyrirtækja og aðstæður þeirra á hinum innri markaði.



## ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 13. júlí 1992

### um aðgerðaáætlun bandalagsins um ferðaþjónustu

(92/421/EBE)

#### RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr., með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ferðaþjónusta gegnir mikilvægu hlutverki í efnahag aðildarríkjanna og starfsemi tengd ferðamálum er þýðingarmikill vettvangur atvinnutækifæra.

Ferðaþjónusta gerir öllum þjóðfélagsþópum kleift að öðlast betri þekkingu á evrópskum menningararfi og mismunandi menningu og lifnaðarháttum í aðildarríkjunum og stuðlar þannig að framþróun hugmyndarinnar um „evrópskan ríkisborgararétt“.

Taka ber tillit til afraksturs af ári ferðaþjónustunnar í Evrópu.

Samkvæmt framansögðu skal aðgerðaáætlun um ferðaþjónustu felast í því að styrkja altækar aðgerðir í ferðaþjónustu innanlands og í bandalaginu og í framkvæmd sérráðstafana; þetta framtak skal einnig fela í sér samræmingu ráðstafana sem deildir framkvæmdastjórnarinnar hrinda í framkvæmd og hafa áhrif á ferðaþjónustuna. Tiltekin bandalagsstefna, einkum varðandi flutninga, hefur mikilvæg áhrif á ferðaþjónustu á ýmsum svæðum bandalagsins.

Bandalagið getur lagt sitt af mörkum til að bæta og auka gæði og samkeppnisstöðu þeirra þátta ferðaþjónustu í bandalaginu sem boðið er upp á með því að hvetja til sameiginlegra aðgerða til lausnar á þeim vanda sem steðjar að ferðaþjónustu í Evrópu í náninni framtíð, með því að stuðla að þróun ferðaþjónustu og fjölbreytilegri ferðastarfsemi og þróun ráðstafana sem allar þjóðir bandalagsins eiga aðild að og með því að kynna ferðaþjónustu í Evrópu á mikilvægustu mörkuðum þriðju landa.

Ferðaþjónusta getur á áhrifaríkan hátt stuðlað að efnahags- og félagslegri samheldni í bandalaginu og stuðlað að samhæfðri þróun efnahagsstarfsemi, áframhaldandi og jafnri þenslu, betri lífskjörum og nánari tengslum milli aðildarríkjanna.

Ráðstafanir sem eru gerðar með hliðsjón af aðgerðaáætluninni skulu samrýmast tilteknum viðmiðunum, einkum reglunni um dreifræði.

Ferðaþjónusta í bandalaginu skal taka fullt tillit til íbúa á hverjum stað og til náttúru og menningar til að auka gæði þeirrar þjónustu sem boðið er upp á.

Tryggja ber frjálsa samkeppni innan greinarinnar, bæði til hagsbóta fyrir neytendur og til að auka veg lífilla og meðalstórra fyrirtækja.

Nauðsynlegt er að hvetja til meiri samþættingar milli ferðaþjónustu og ýmissa stefnuþátta bandalagsins og einnig til náinnar samvinnu milli opinberra aðila og einkaaðila í greininni, þar með taldir fulltrúar ferðamannasvæða; framkvæmd nokkurra sérráðstafana innan bandalagsins sem eru viðbót við innlendar ráðstafanir er hagkvæmasta leiðin til að koma á slíkri samvinnu án þess að það hafi í för með sér röskun á samkeppni.

Nauðsynlegt er að þróa tölfræðilegar upplýsingar um ferðaþjónustu og kanna nýjar leiðir í ferðamálum.

Gera skal áætlun sem nær yfir þriggja ára tímabil.

Talið er nauðsynlegt að verja 18 milljónum ECU til koma þessari áætlun í framkvæmd.

Upphæðin sem nota á til að fjármagna þessa áætlun skal rúmast innan gildandi fjárlagaramma bandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 120, 12. 5. 1992, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 67, 16. 3. 1992, bls. 235.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 49, 24. 2. 1992, bls. 43.

Mæla ber fyrir um reglur varðandi það umboð sem framkvæmdastjórninni er veitt til að koma áætluninni í framkvæmd samkvæmt ákvörðun 87/373/EBE (1);

Í sáttmálanum er ekki kveðið á um aðrar heimildir til að samþykka þessa ákvörðun en þær sem um getur í 235. gr.,

#### ÁKVEÐÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

Samja skal aðgerðaáætlun um ferðaþjónustu. Ráðstafanir varðandi efni þeirrar áætlunar eru í þessum viðauka.

##### 2. gr.

1. Aðgerðaáætlunin skal standa yfir í þrjú ár frá fyrsta janúar 1993 að telja.
2. Fjármagn í bandalaginu sem talið er nauðsynlegt til að koma áætluninni í framkvæmd nemur um 18 milljónum ECU og skal rúmast innan gildandi fjárlagaramma bandalagsins.
3. Fjármálafyrvaldið skal ákveða fjárveitingu sem veitt er fyrir hvert fjárhagsár, að teknu tilliti til reglna um trausta stjórnun sem um getur í 2. gr. fjárhagsreglugerðarinnar sem gildir um fjárlög Evrópubandalagsins.

##### 3. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal hrinda aðgerðaáætluninni í framkvæmd. Til að uppfylla markmið áætlunarinnar er henni, í undantekningartilvikum, heimilt að grípa til annarra ráðstafana en þeirra sem tilgreindar eru í viðaukanum, ef þörf er á viðbótaraðgerðum til að koma ráðstöfunum í fulla framkvæmd. Meta skal slíka viðbótaraðgerð bæði í tengslum við gildandi forgangsreglur og fjármagn sem völ er á. Framkvæmdastjórnin skal samræma aðgerðina stefnu bandalagsins í hinum ýmsu málum, í gegnum ýmsar stjórnardeildir sem eiga í hlut, í samræmi við gildandi málsmeðferð.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna nefndinni sem um getur í 2. mgr. og ráðinu um allar ráðstafanir sem hafa mikilvægar afleiðingar fyrir ferðaþjónustuna og samþykktar eru í samræmi við stefnu bandalagsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr.

sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykka samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykka ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu aðgerðirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin þó láta ráðið vita af þeim án tafar. Í því tilviki skal framkvæmdastjórnin fresta því að ráðstafanirnar komi til framkvæmda um tvo mánuði frá þeim tíma þegar þær voru lagðar fyrir ráðið.

Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í síðustu undirgrein.

##### 4. gr.

1. Ráðstafanirnar skulu vera í samræmi við dreifráðisregluna.
2. Valið skal á milli ólíkra ráðstafana sem mælt er með með hliðsjón af eftirtöldum viðmiðunum:
  - a) ráðstafanirnar skulu vera fjárhagslega hagkvæmar og hafa veruleg áhrif á ferðaþjónustu í bandalaginu;
  - b) þær skulu auðvelda þróun ferðaþjónustunnar, einkum að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki;
  - c) þær skulu stuðla að auknum gæðum ferðaþjónustunnar;
  - d) þær skulu hvetja til samkeppni innan bandalagsins og bæta samkeppnisstöðu ferðaþjónustu bandalagsins á heimsmarkaðinum;
  - e) þær skulu stuðla að varðveislu og verndun náttúrulegs umhverfis, menningararfleifðar og heildstæði íbúa hvers svæðis;
  - f) þær skulu stuðla að auknu upplýsingaflæði og meiri þjónustu ásamt aukinni vernd fyrir ferðamenn.

3. Ráðstafanirnar skulu framkvæmdar í samvinnu við innlend yfirvöld og einnig, ef þörf krefur, í samvinnu við héraðs- og sveitastjórnir þannig að tekið sé tillit til mikilvægis ferðaþjónustu fyrir byggðabróun.

##### 5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal á hverju ári frá gildistöku aðgerðaáætlunarinnar semja skýrslu um mat á þeirri starfsemi í bandalaginu sem hefur áhrif á ferðaþjónustu og senda hana til Evrópuþingsins og ráðsins.

(1) Stjórn. EB nr. L 197, 18. 7. 1987, bls. 33.

**6. gr.**

Framkvæmdastjórnin skal meta árangur aðgerðaáætlunarinnar með reglulegu millibili. Þetta mat skal, að svo miklu leyti sem hægt er, fela í sér mælanlegan árangur áætlunarinnar og vera í samræmi við viðmiðin í 4. gr. Framkvæmdastjórnin tilkynnir nefndinni um mat sitt á áætluninni og niðurstöður þar að lútandi.

Framkvæmdastjórnin sendir Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um þetta mat eigi síðar en 30. júní 1995.

Ráðið ákveður, á grundvelli þessarar skýrslu og í samræmi við ákvæði sáttmálans, hvort framlengja eigi áætlunina um annað tímabil.

Gjört í Brussel 13. júlí 1992.

Fyrir hönd ráðsins,

**J. GUMMER**

forseti.

## VIÐAUKI

### I. RÁÐSTAFANIR BANDALAGSINS VARÐANDI FERÐAÞJÓNUSTU

#### 1. Aukin þekking á ferðaþjónustu og trygging fyrir auknu samræmi ráðstafana bandalagsins

Aðgerðaáætlun bandalagsins er ætlað að auka samræmi ráðstafana sem gerðar eru til stuðnings ferðaþjónustunni til að auka þekkingu á sérstöðu hennar, inntaki og þróun.

Þetta verður gert með hjálp eftirfarandi ráðstafana:

- a) þróun tölfærðilegra upplýsinga um ferðaþjónustu;
- b) ítarlegum rannsóknnum sem miða að því að auka þekkingu á ferðaþjónustu sem starfsgrein, mati á áhrifum núverandi stefnu bandalagsins um að auka veg ferðaþjónustunnar, athugunum á nýjum tegundum ferðaþjónustu og þróun áætlana sem eru aðlagðar að eftirspurn;
- c) samráði við fagfólk í ferðamállum í bandalaginu.

#### 2. Hagræðing sumarleyfistíma

Aðgerðaráætlun bandalagsins miðar að jöfnun ferðamannatímans yfir árið.

Þetta verður gert með hjálp eftirfarandi ráðstafana:

- a) stuðningi við að koma á fót aðþjóðasamvinnu með það að markmiði að koma á upplýsingaskiptum og eftirliti með aðgerðum stjórnvalda og ferðaþjónustunnar;
- b) stuðningi við ráðstafanir sem miða að því að samræma aðgerðir og áætlanir sem hvetja til notkunar ferðaþjónustumannvirkja og -starfsemi sem boðið er upp á utan háannatíma.

#### 3. Millilandaráðstafanir

Aðgerðaráætlun bandalagsins hefur það að markmiði að hvetja til millilandaáðgerða innan ferðaþjónustunnar sem snerta mörg ólík sérsvið hennar.

Þetta verður gert með hjálp eftirfarandi ráðstafana:

- a) stuðningi við samvinnu milli landamærahéraða;
- b) stuðningi við millilandaáðgerðir sem hefur í för með sér betri upplýsingar fyrir ferðamenn, einkum með hjálp nútímatækni;
- c) frekari samvinnu í ferðamállum við Mið- og Austur-Evrópu og löndin í Norður-Afríku með því að miðla kunnáttu um þjálfun og framkvæmd áætlana til að kynna, markaðssetja og stofna lítil og meðalstór fyrirtæki á sviði ferðamála;
- d) stuðningi við ferða- og tæknisamvinnu í tengslum við samstarf milli borga;
- e) stuðningi við tilraunaverkefni sem miða að samvinnu milli opinbera geirans og einkageirans til að þróa hefðbundin ferðmannasvæði sem eru í afturför og minna iðnvædd landsbyggðarsvæði.

#### 4. Ferðamenn sem neytendur

Aðgerðaráætlun bandalagsins miðar að því að styðja framtak sem bætur upplýsingar fyrir ferðamenn og verndun þeirra, t.d. að því er varðar ríkjandi flokkunarkerfi, tákni á vegvísum, skiptileigusamninga, yfirbókanir og málsmeðferð við bætur.

#### 5. Ferðaþjónusta með tilliti til menningar

Aðgerðaráætlun bandalagsins miðar að því að leggja áherslu á mikilvægi menningararfleifðar fyrir ferðaþjónustu og stuðla að aukinni þekkingu á menningu og hefðbundaum lífnaðarháttum Evrópubúa.

Þetta verður gert með hjálp eftirfarandi ráðstafana:

- a) stuðningi við framgöngu um að þróa nýjar áætlanir fyrir ferðaþjónustu í Evrópu sem hefur menningu að leiðarljósi, í samvinnu við aðildarríkin og viðkomandi héraðs- og sveitastjórnir, og að dreifa upplýsingum til þeirra með bæklingum og annarri útgáfustarfsemi;
- b) stuðningi við samnýtingu reynslu á sviði tækni við stjórnun á ferðamannastraumi;
- c) hvatningu og aðstoð við notkun nets í Evrópu sem gerir stjórnendum í ferðaþjónustu og menningarstofnunum kleift að skiptast á reynslu, einkum varðandi gildi menningararfleifðar.

#### 6. Ferðaþjónusta og umhverfið

Markmiðið með bandalagsaðgerð um samspil ferðaþjónustu og umhverfis er að tryggja að meira tillit sé tekið til umhverfisins.

Þetta verður gert með hjálp eftirfarandi ráðstafana:

- a) stuðningi við framtak sem miðar að því að upplýsa og gera ferðamenn og þjónustuaðila í ferðaþjónustu meðvitaðri um samspil ferðaþjónustu og umhverfis, einkum með veitingu evrópskra umhverfisverðlauna;
- b) stuðningi við hugmyndaþróun tilraunaverkefni til að samræma ferðaþjónustu og náttúruvernd innan sveita eða héraða, einkum að því er varðar strandsvæði og fjalllendi, þjóðgarða og friðlönd, t.d. með ráðstöfunum varðandi leiðbeiningar fyrir gesti;
- c) stuðningi við þróun neta sem gera þjóðum kleift að skiptast á upplýsingum, þar með talin reynsla af umhverfisvandamálum og mögulegar lausnir í tengslum við stjórnun á ferðamannastraumi;
- d) stuðningi við framtak sem hvetur til umhverfisvænnar ferðaþjónustu.

#### 7. Ferðaþjónusta á landsbyggðinni

Aðgerðaráætlun bandalagsins á þessu sviði miðar að því að þróa ferðamannastarfsemi á landsbyggðinni, einkum ferðaþjónustu bænda, lítill fjölskyldurekin hótél, eða aðstöðu sem sett er upp af samtökum eða yfirvöldum á staðnum.

Þetta verður gert með hjálp eftirfarandi ráðstafana:

- a) stuðningi við framtak um samvinnu milli aðila innan sveita og héraða, á innlendum vettvangi og innan Evrópu, til að auðvelda gagnkvæm skipti á reynslu og góðum starfsháttum með því að skipuleggja heimsóknir, námstefnur, skipti á sérfræðingum og þróun tilraunaáætlana í löndum bandalagsins, einkum á sviði starfsþjálfunar;
- b) bættum upplýsingum fyrir umsjónarmenn ferðamála á landsbyggðinni og betri aðgangi þeirra að ýmiss konar bandalagsáætlunum um aðstoð sem er veitt til ferðaþjónustu á landsbyggðinni, einkum með útgáfu og dreifingu upplýsingarita og handbókar fyrir umsjónarmenn;
- c) hvatningu til að auka gæði ferðaþjónustunnar sem boðið er upp á og stuðningi við ráðstafanir til að greiða götu ferðaþjónustu út á landsbyggðinni.

#### 8. Ferðaþjónusta með tilliti til félagsmála

Aðgerðaráætlun bandalagsins á þessu sviði leitast við að auðvelda ferðalög fyrir fólk sem af ýmsum ástæðum, einkum félags- og heilsufarslegum, á erfitt með að fara í sumarleyfi.

Þetta verður gert með hjálp eftirfarandi ráðstafana:

- a) sameiginlegum notum af upplýsingum innan bandalagsins meðal opinberra aðila og einkaaðila um ýmsar aðferðir sem notaðar eru í aðildarríkjunum til að hvetja tiltekna hópa ferðamanna til að fara í sumarleyfi;
- b) stuðningi við samræmingu ráðstafana í aðildarríkjunum sem miða að því að ryðja úr vegi hindrunum í þróun ferðaþjónustu fyrir fatlaða og samnýtingu upplýsinga á þessu sviði.

#### 9. Ferðaþjónusta fyrir ungmenni

Aðgerðaráætlun bandalagsins á þessu sviði miðar að því, með stuðningi núverandi stefnu bandalagsins, að auka þekkingu ungmenna á menningu og lífnaðarháttum í aðildarríkjunum og að auðvelda ungu fólki að fara í sumarleyfi.

Þetta verður gert með hjálp eftirfarandi ráðstafana:

- a) athugun á því hvort hægt sé að samræma „nemendaskírteini“;
- b) stuðningi við rannsókn á nauðsyn þess að koma á neti varðandi ferðalög evrópskra skólabarna (skólaferðalög nemenda frá mörgum aðildarríkjum).

#### 10. Þjálfun

Aðgerðaráætlun bandalagsins á þessu sviði miðar að því, með stuðningi núverandi stefnu bandalagsins, að auka samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar í bandalaginu með því að styðja við fagleg sjónarmið innan hennar.

Þetta verður gert með hjálp eftirfarandi ráðstafana:

- a) dreifingu upplýsinga til ungs fólks um möguleika og atvinnutækifæri innan ferðaþjónustunnar;
- b) stuðningi við framkvæmd ráðstafana um að semja lýsingu á atvinnugreininni og bæta gagnkvæmar upplýsingar um menntun og hæfi sem náðst hefur í ýmsum aðildarríkjum;
- c) stuðningi við þátttöku starfsmanna ferðamálafyrirtækja í þjálfunarnámskeiðum sem eru haldin og ráðstöfunum sem gerðar eru í bandalaginu;

- d) stuðningi við samstarfsverkefni milli háskóla, ferðamálastkóla, starfsmanna ferðamála eða viðkomandi yfirvalda í ýmsum löndum, einkum varðandi þjálfun í ferðaþjónustu á landsbyggðinni og ferðaþjónustu með tilliti til menningar og umhverfis;
- e) stuðningi við samskipti sem miða að því að auka gæði starfsþjálfunar með það fyrir augum að auka gæði ferðaþjónustu.

#### 11. Markaðssetning í þriðju löndum

Aðgerðaráætlun bandalagsins á þessu sviði beinist að því að gera Evrópu að áhugaverðari ákvörðunarstað fyrir ferðamenn frá fjarlægum löndum.

Þetta felur í sér ráðstafanir sem takmarkast við tilraunaverkefni til að auka veg ferðaþjónustu í Evrópu á mörkuðum fjarlægum landa, einkum í Bandaríkjum Norður-Ameríku og Japan en búast má við að aukin ásókn ferðamanna þaðan hafi veruleg áhrif á ferðaþjónustu í bandalaginu.

#### II. RÖÐ FORGANGSATRIÐA

Við framkvæmd ráðstafana í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. gr. skal veita eftirfarandi ráðstöfunum forgang árið 1993.

Þessum forgangsatríðum má breyta fyrir fjárhagsárin 1994/95 í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 3. gr.

Eftirfarandi ráðstafanir hafa forgang árið 1993:

#### 1. Aukin þekking á ferðaþjónustu og trygging fyrir auknu samræmi ráðstafana bandalagsins

- a) þróun tölfraðilegra upplýsinga um ferðaþjónustu;
- b) ítarlegar rannsóknir sem miða að því að auka þekkingu á ferðaþjónustu sem starfsgrein, mat á áhrifum núverandi stefnu bandalagsins um að auka veg ferðaþjónustunnar, athuganir á nýjum tegundum ferðaþjónustu og þróun áætlana sem eru aðlagðar að eftirspurn;
- c) samráð við fagfólk í ferðamálum í bandalaginu.

#### 2. Hagræðing sumarleyfistíma

- a) stuðningur við að koma á fót aðþjóðasamvinnu með það að markmiði að koma á upplýsingaskiptum og eftirliti með aðgerðum stjórnvalda og ferðaþjónustunnar.

#### 3. Millilandaráðstafanir:

- a) stuðningur við samvinnu milli landamærahéraða;
- b) stuðningur við millilandaaðgerðir sem hefur í för með sér betri upplýsingar fyrir ferðamenn, einkum með hjálp nútímataekni;
- c) frekari samvinna í ferðamálum við Mið- og Austur-Evrópu og löndin í Norður-Afríku með því að miðla kunnáttu um þjálfun og framkvæmd áætlana til að kynna, markaðssetja og stofna lítil og meðalstór fyrirtæki á sviði ferðamála.

**5. Ferðapjónusta með tilliti til menningar:**

- a) stuðningur við framgöngu um að þróa nýjar áætlanir fyrir ferðapjónustu í Evrópu sem hefur menningu að leiðarljósi í samvinnu við aðildarríkin og viðkomandi héraðs- og sveitastjórnir og að dreifa upplýsingum til þeirra með bæklingum og annarri útgáfustarfsemi;
- b) stuðningur við samnýtingu reynslu á sviði tækni við stjórnun á ferðamannastraumi.

**6. Ferðapjónusta og umhverfið:**

- a) stuðningur við framtak sem miðar að því að upplýsa og gera ferðamenn og þjónustuaðila í ferðapjónustu meðvitaðri um samspil ferðapjónustu og umhverfis, einkum með veitingu evrópskra umhverfisverðlauna;
- b) stuðningur við hugmyndaðar tilraunaverkefni til að samræma ferðapjónustu og náttúruvernd innan sveita eða héraða, einkum að því er varðar strandsvæði og fjalllendi, þjóðgarða og friðlönd, t.d. með ráðstöfunum varðandi leiðbeiningar fyrir gesti;
- c) stuðningur við þróun neta sem gera þjóðum kleift að skiptast á upplýsingum, þar með talin reynsla af umhverfisvandamálum og mögulegar lausnir í tengslum við stjórnun á ferðamannastraumi.
- d) stuðningur við framtak sem hvetur til umhverfisvænnar ferðapjónustu.

**7. Ferðapjónusta á landsbyggðinni:**

- b) bættar upplýsingar fyrir umsjónarmenn ferðamála á landsbyggðinni og betri aðgangur þeirra að ýmiss konar bandalagsáætlunum um aðstoð sem er veitt til ferðapjónustu á landsbyggðinni, einkum með útgáfu og dreifingu upplýsingarita og handbókar fyrir umsjónarmenn;
- c) hvatning til að auka gæði ferðapjónustunnar sem boðið er upp á og stuðningur við ráðstafanir til að greiða götu ferðapjónustu út á landsbyggðinni.

**8. Ferðapjónusta með tilliti til félagsmála:**

- b) stuðningur við samræmingu ráðstafana í aðildarríkjunum sem miða að því að ryðja úr vegi hindrunum í þróun ferðapjónustu fyrir fatlaða og samnýtingu upplýsinga á þessu sviði.

**10. Þjálfun:**

- b) stuðningur við framkvæmd ráðstafana um að semja lýsingu á atvinnugreininni og bæta gagnkvæmar upplýsingar um menntun og hæfi sem náðst hefur í ýmsum aðildarríkjum;
- c) stuðningur við þátttöku starfsmanna ferðamála fyrirtækja í þjálfunarnámskeiðum sem eru haldin og ráðstöfunum sem gerðar eru í bandalaginu;
- d) stuðningur við samstarfsverkefni milli háskóla, ferðamálaskóla, starfsmanna ferðamála eða viðkomandi yfirvalda í ýmsum löndum, einkum varðandi þjálfun í ferðapjónustu á landsbyggðinni og ferðapjónustu með tilliti til menningar og umhverfis.

**11. Markaðssetning í þriðju löndum:**

Þetta felur í sér ráðstafanir sem takmarkast við tilraunaverkefni til að auka veg ferðapjónustu í Evrópu á mörkuðum fjarlægri landa, einkum í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og Japan en búast má við að aukin ásókn ferðamanna þaðan hafi veruleg áhrif á ferðapjónustu í bandalaginu.



## ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 21. desember 1990

### varðandi framkvæmd aðgerðaáætlunar til að efla þróun evrópska hljóð- og myndmiðlunariðnaðarins (Media) (1991 til 1995)

(90/685/EBE)

#### RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr., með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ríkis- og ríkisstjórnarleiðtogarnir sem komu saman á vegum leiðtogaráðsins á Ródos 2. og 3. desember 1988 bentu á mikilvægi þess að styrkja áttak manna, meðal annars með samvinnu, til að efla hljóð- og myndmiðlun í Evrópu, hvort heldur sem um er að ræða frjáls dagskrárskipti, eflingu evrópsks háskerpusjónvarps eða stefnu sem miðar að því að efla listsköpun, framleiðslu og útvarpsendingar er endurspeglar fjölbreytni og hugmyndaauðgi evrópskrar menningar.

Bandalagið býr nú þegar yfir ákveðnum gerningum sem miða að því að koma slíkri stefnu til framkvæmda.

Hinn 3. október 1989 samþykkti ráðið tilskipun 89/552/EBE um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslu-fyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur <sup>(4)</sup>. Með þeirri tilskipun er stuðlað að stofnun sameiginlegs markaðar á sviði hljóð- og myndmiðlunar, sem er til hagsbóta bæði fyrir hljóð- og myndmiðlunariðnaðinn og almenning, en steypa þarf henni saman í eina heild.

Hinn 27. apríl 1989 samþykkti ráðið ákvörðun 89/337/EBE um háskerpusjónvarp <sup>(5)</sup>.

Framkvæmdastjórnin og franska ríkisstjórnin héldu í sameiningu ráðstefnu um evrópska hljóð- og myndmiðlun í París 30. september til 2. októbers 1989. Sérfræðingar á þessu sviði sem komu saman við þetta tækifæri lögðu áherslu á þörfina á að styrkja

aðgerðir bandalagsins, einkum með því að efla listsköpun í hljóð- og myndmiðlun.

Með sameiginlegu yfirlýsingunni, sem var samþykkt af 26 Evrópulöndum og framkvæmdastjórninni 2. október 1989, var stofnað til samstarfsvettvangs undir nafninu samstarfsáætlun Evrópu um þróun á sviði hljóð- og myndmiðlunar (Audiovisual-Eureka).

Ríkis- og ríkisstjórnarleiðtogarnir sem komu saman á vegum leiðtogaráðsins í Strassborg 8. og 9. desember 1989 létu í ljós þá ósk sína að aðgerðaáætlun bandalagsins, þar sem haldið væri áfram með það starf sem var hafið með Media (ráðstafanir til að efla þróun hljóð- og myndmiðlunariðnaðarins), hlyti nægan fjárstuðning auk þess sem nauðsynleg samtenging við samstarfsáætlun Evrópu um þróun á sviði hljóð- og myndmiðlunar yrði tryggð.

Hinn 7. maí 1990 gaf ráðið gaum að orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um stefnu á sviði hljóð- og myndmiðlunar, þar sem gerð er grein fyrir meginmarkmiðum og helstu aðgerðarviðum samkvæmt stefnu bandalagsins, en með henni er unnt að taka þætti er snerta lagasetningu, tækni og atvinnumál á sviði hljóð- og myndmiðlunar til skoðunar og setja viðmiðunartímaáætlun um sérhæfðar tillögur sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar stefnunnar.

Mótun atvinnumála í tengslum við þessa heildarstefnu, að meðtöldum þáttum sem er ætlað að auka stjórnunarhæfni fagfólks á sviði hljóð- og myndmiðlunar í efnahags- og viðskiptalegu tilliti, verður að byggjast á fenginni reynslu og jákvæðum niðurstöðum sem framkvæmdastjórnin hefur fengið við framkvæmd Media-áætlunarinnar á tilraunastigi. Mat á þessu stigi sem hefur annars vegar farið fram á vegum framkvæmdastjórnarinnar og hins vegar hóps óháðra sérfræðinga hefur sýnt að þörf er á langtímaáætlun eigi að auka afkastagetu á sviði hljóð- og myndmiðlunar í Evrópu.

<sup>(1)</sup> Stjóttíð. EB nr. C 127, 23. 5. 1990, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjóttíð. EB nr. C 324, 24. 12. 1990.

<sup>(3)</sup> Álitin var skilað 20. september 1990 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

Auk þess sem vinnu við verkefni sem voru hafin á tilraunastiginu er haldið áfram og hún eflid getur framkvæmd nýrra tilrauna-verkefna haft hvetjandi áhrif á þætti evrópska hljóð- og myndmiðlunarmarkaðarins sem hafa ekki enn sem komið er verið fyllilega rannsakaðir.

Aðgerðir bandalagsins skulu taka mið af vinnu sem á að fara fram innan ramma samstarfsáætlunar Evrópu um þróun á sviði hljóð- og myndmiðlunar.

Með þetta í huga skal - með viðeigandi hætti og í anda sameiginlegu yfirlýsingarinnar frá 2. október 1989 - efla uppfyllingartengsl á milli ráðstafana bandalagsins og ráðstafana sem eru gerðar innan ramma samstarfsáætlunar Evrópu um þróun á sviði hljóð- og myndmiðlunar.

Eins og fram kemur í sameiginlegu yfirlýsingunni frá 2. október 1989 er verkefnum sem eru tengd samstarfsáætlun Evrópu um þróun á sviði hljóðog myndmiðlunar ekki ætlað að koma í stað ráðstafana bandalagsins enda er markmið þeirra fremur að útvíkka þær og bæta.

Í evrópska hljóð- og myndmiðlunariðnaðinum ber að tryggja jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar og afnema þannig uppskiptingu markaðanna og gera nauðsynlegar úrbætur á framleiðslu- og markaðskerfum sem eru of takmörkuð og óhagkvæm.

Í þessu samhengi ber að gefa sérstakan gaum að litlum og meðalstórum fyrirtækjum og að löndum í Evrópu með takmarkaða hljóð- og myndmiðlunargetu þegar markaðskerfið er tekið til endurskoðunar. Af þeim sökum ber að tryggja nauðsynlega samræmingu við núverandi aðgerðir bandalagsins á þessum sviðum.

Við þróun dagskrárgerðar ber að taka tillit til stöðu þeirra Evrópulanda sem hafa takmarkaða afkastagetu á sviði hljóð- og myndmiðlunar og/eða takmarkað landsvæði eða hafa tungumál með litla útbreiðslu í Evrópu.

Til að unnt sé að þróa dagskrárgerð þarf að koma til ný tækni sem gerir kleift að njóta ávinnings af fjöldaframleiðslu.

Aukin notkun nýrrar tækni, einkum af evrópskum uppruna, að háskerpusjónvarpi meðtöldu, á sviði framleiðslu og dreifingar á hljóðog myndefni getur orðið til að auka gildi umræddrar tækni.

Það virðist nauðsynlegt að bæta upp aðrar ráðstafanir bandalagsins til eflingar evrópskum hljóð- og myndmiðlunariðnaði með ráðstöfun til að bæta stjórnunarhæfni fagfólks á sviði hljóð- og myndmiðlunar í efnahags- og viðskiptalegu tilliti.

Svarið við áskorun sem leiðir af þróun samskiptatækni og aukinni eftirspurn eftir hljóð- og myndefni liggur fyrst og fremst í áhuga og hvatningu sem fram kemur hjá fagfólki á þessu sviði.

Fagfólk og aðildarríkin verða að vera vel með á nótunum við framvindu mála á meginstigi áætlunarinnar. Gagnkvæm skipti á upplýsingum, miðlun reynslu og samráð milli hinna ýmsu hagsmunaaðila og framkvæmdastjórnarinnar eru mikilvægir liðir í að bæta árangur og heildarsamhengi í stefnu bandalagsins á sviði hljóð- og myndmiðlunar.

Með tilhlýðilegu tilliti til dreifraðisreglunnar skulu ráðstafanir bandalagsins á þessu sviði ekki miða að því að koma í staðinn fyrir heldur vera til viðbótar við framlag yfirvalda aðildarríkjanna. Skipan samstarfs- og samráðshópa er undirsett innlendu átaki.

Meginmarkmiðið með fjárframlagi bandalagsins verður að vera að örva áhuga hagsmunaaðila til að leggja fram viðbótar-fjárframlög og skapa þannig margföldunaráhrif í þróun hljóð- og myndmiðlunariðnaðarins.

Mikilvægt er að samþykka ráðstafanir með það í huga að koma smám saman á fót innri markaði fyrir 31. desember 1992. Innri markaðurinn á að mynda svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir.

Til að koma markmiðum bandalagsins, eins og þau eru sett fram í 2. gr. sáttmálans, til framkvæmda virðist nauðsynlegt að efla evrópska hljóð- og myndmiðlunariðnaðinn sem lið í starfsemi innri markaðarins. Þar sem ekki er gert ráð fyrir nauðsynlegum heimildum í sáttmálanum er nauðsynlegt að beita ákvæðum 235. gr.

Upphæðin sem talin er nauðsynleg til að fjármagna alla áætlunina eru 200 milljónir ECU. Fjárveitingar verða ákveðnar með tilliti til fjárhagstillagna og innan marka þess fjármagns sem er til reiðu á ársgrundvelli.

## ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. gr.

Aðgerðaáætlun til eflingar evrópska hljóð- og myndmiðlunariðnaðinum (Media-áætlunin), hér á eftir nefnd „áætlunin“, er hér með samþykkt fyrir fimm ára tímabil frá 1. janúar 1991 að telja.

Sú upphæð sem er talin nauðsynleg fyrir fjárhagsþátttöku bandalagsins í áætluninni fyrir árin 1991 og 1992 er 84 milljónir ECU.

### 2. gr.

Markmið áætlunarinnar eru sem hér segir:

- að stuðla að því að skapað verði hagstætt umhverfi þar sem fyrirtæki bandalagsins geta gegnt virku hlutverki ásamt fyrirtækjum frá hinum Evrópulöndunum,

- að efla og styrkja samkeppnisstöðu evrópskrar framleiðslu á sviði hljóð- og myndmiðlunar, með sérstöku tilliti til hlutverks lítilla og meðalstórra fyrirtækja, lögmætra hagsmuna alls fagfólks sem tekur þátt í að skapa slíkar framleiðsluvörur og stöðu landa í Evrópu sem hafa takmarkaða getu í hljóð- og myndmiðlun, takmarkað landsvæði og hafa tungumál með litla útbreiðslu,
- að koma á evrópskum skiptimarkaði fyrir kvikmyndir og hljóð- og myndefni og ná hámarksnýtingu á dreifingarmiðlum, sem annaðhvort eru fyrir hendi eða fyrirhugað er að koma á fót í Evrópu, með það í huga að tryggja betri nýtingu fjárfestinga, meiri útbreiðslu og aukin opinber áhrif,
- að styrkja stöðu evrópskra framleiðslu- og dreifingarfyrirtækja á heimsmarkaði,
- að efla aðgang að og notkun á fjarskiptatækni, einkum evrópskri, við framleiðslu og dreifingu á hljóð- og myndefni,
- að stuðla að notkun heildaraðferðar innan hljóð- og myndmiðlunariðnaðarinnar sem gerir kleift að tekið sé tillit til innbyrðis tengsla mismunandi sviða hans,
- að tryggja að gerðar séu ráðstafanir á evrópskum vettvangi til viðbótar við þær sem eru gerðar á innanlandsvettvangi,
- að stuðla að því, einkum með því að bæta stjórnunarhæfni fagfólks á sviði hljóð- og myndmiðlunar í bandalaginu í efnahags- og viðskiptalegu tilliti, og í samvinnu við stofnanir sem eru fyrir í aðildarríkjunum, að sköpuð verði skilyrði sem gera fyrirtækjum á því sviði kleift að nýta sér til fullnustu ávinning af einum óskiptum markaði.

### 3. gr.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í I. viðauka skulu koma til framkvæmda til að unnt sé að ná markmiðum 2. gr. Ráðstafanirnar skulu framkvæmdar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr.

### 4. gr.

Í tengslum við framkvæmd áætlunarinnar verður sérstök áhersla lögð á þátttöku bandalagsins í verkefnum tengdum samstarfsáætlun Evrópu um þróun á sviði hljóð- og myndmiðlunar sem eru til viðbótar við eða nánari útfærsla á ráðstöfununum sem um getur í 3. gr. og fullnægja viðmiðunum samkvæmt II. viðauka.

Í tengslum við framkvæmd áætlunarinnar getur bandalagið einnig stuðlað að auknu samráði við fagfólk á sviði hljóð- og myndmiðlunar í löndum Mið- og Austur-Evrópu.

Bandalagið skal einnig taka þátt í skrifstofukostnaði vegna samstarfsáætlunar Evrópu um þróun á sviði hljóð- og myndmiðlunar

og kostnaði við að koma á evrópskri skoðunarstöð á sviði hljóð- og myndmiðlunar.

### 5. gr.

Árleg fjárveiting vegna ráðstafananna sem kveðið er á um í áætluninni skal ákveðin innan ramma fjárlagagerðarinnar.

### 6. gr.

Sem meginregla skulu aðilar að samningum við framkvæmdastjórnina, sem taka þátt í framkvæmd ráðstafananna sem kveðið er á um í 3. gr., fjármagna minnst 50% af heildar-kostnaðinum.

### 7. gr.

1. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar.
2. Við framkvæmd þessa verks skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar skipaðri fulltrúum sem eru tilnefndir af hverju aðildarríki um sig og fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar veitir formennsku. Nefndarmenn mega leita aðstoðar hjá sérfræðingum eða ráðgjöfum.
3. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að ráðstöfunum varðandi:
  - a) almennar viðmiðunarreglur um áætlunina (úttekt á markmiðum og forgangsverkefnum, á nánari skilyrðum fyrir þátttöku framkvæmdastjórnarinnar, framkvæmd og útfærslu mismunandi ráðstafana, viðmiðunum við val á samningsaðilum og forsendum fyrir stuðningi bandalagsins);
  - b) árlega skiptingu fjárlagaliða, sundurliðað fyrir hverja ráðstöfun um sig, upplýsingar um fjárhagslega þátttöku, þar með talin beiting 6. gr., og gildistíma hverrar ráðstöfunar um sig;
  - c) málefni sem varða jafnvægi í framkvæmd áætlunarinnar (hvenær horfið er af rannsóknarstiginu yfir á tilraunastigið, hvenær horfið skuli af tilraunastiginu yfir í meginráðstafanir, um þátttöku í verkefnum sem falla undir samstarfsáætlun Evrópu um þróun á sviði hljóð- og myndmiðlunar, um framlög í skilningi annarrar málsgreinar 4. gr. og samninga sem kveðið er á um í II., viðauka);
  - d) mat á áætluninni með gerð skýrslu sem um getur í 8. gr. í huga.

4. Nefndin skal skila álitinu á drögunum sem um getur í 3. mgr. fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitnið skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði

fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanir sem öðlast gildi þegar í stað. Séu aðgerðirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin þó láta ráðið vita af þeim án tafar.

Í því tilviki getur framkvæmdastjórnin frestað því að ráðstafanirnar, sem hún hefur tekið ákvörðun um, komi til framkvæmda um einn mánuð.

Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum mcirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í undanfarandi málsgrein.

5. Framkvæmdastjórninni er auk þess heimilt að ráðfæra sig við nefndina um önnur málefni sem varða framkvæmd áætlunarinnar.

Nefndin skal skila álitum sínum á drögum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitið skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt á að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar.

Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

#### 8. gr.

Þegar áætlunin hefur verið starfrækt í tvö ár, og í síðasta lagi sex mánuðum eftir lok þess tíma, skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við nefndina sem um getur í 7. gr., leggja skýrslu um árangur sem hefur náðst fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina, ásamt tillögum ef svo ber undir.

Að gildistíma áætlunarinnar liðnum skal framkvæmdastjórnin, samkvæmt málsmeðferðinni í 7. gr., taka saman skýrslu um framkvæmd og niðurstöður áætlunarinnar og leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina.

Gjört í Brussel 21. desember 1990.

Fyrir hönd ráðsins,

**A. RUBERTI**

forseti.

# I. VIDAUKI

## RÁÐSTAFANIR SEM EIGA AÐ KOMA TIL FRAMKVÆMDA OG LEIÐBEININGAR UM KOSTNAÐARSKIPTINGU

(milljónir ECU)

<b>1. Dreifingarkerfi</b>	<b>85</b>
1.1. <i>Dreifing kvikmynda í kvikmyndahús</i>	40
<ul style="list-style-type: none"> <li>- Marktækt framhald á framtaki EFDO (European Film Distribution Office) til að stuðla að dreifingu milli landa á evrópskum kvikmyndum til sýningar í kvikmyndahúsum, einkum með því að láta stuðning ná til verka þar sem framleiðslukostnaður er allt að 4 500 000 ECU. <sup>(1)</sup></li> <li>- Ráðstafanir til að stuðla að sýningu evrópskra kvikmynda utan bandalagsins (söluskrifstofur fyrir evrópskar kvikmyndir og sjónvarpsefni, hópsýningar á hátíðum og kaupstefnum). <sup>(2)</sup></li> <li>- Rannsóknir og ráðstafanir sem hafa það að markmiði að bæta nýtingu kvikmyndahúsa. <sup>(3)</sup></li> </ul>	
1.2. <i>Dreifing myndbanda</i>	10
<ul style="list-style-type: none"> <li>- Frekari útfærsla á EVE-verkefninu (Espace Vidéo Européen) sem felst í fyrirframgreiðslukerfi til að stuðla að framleiðslu og dreifingu milli landa á evrópskum kvikmyndum og dagskrárefni; viðbót við kerfið sem felst í því að sett er upp fjölpjódlegt net fyrir framleiðendur til eflingar myndbandaframleiðslu á evrópskum kvikmyndum og dagskrárefni. <sup>(2)</sup></li> </ul>	
1.3. <i>Stuðningur við fjöltungustefnu í sjónvarpsdagskrám</i>	10
<ul style="list-style-type: none"> <li>- Viðbót við Babel-kerfið (Broadcasting Across the Barriers of European Language) til að stuðla að dreifingu á evrópsku sjónvarpsefni, með því að veita aðstoð við talsetningu eða textun og með rannsóknum á því hvernig hægt er að fullkomna þessar aðferðir og samhæfa þær. <sup>(1)</sup></li> <li>- Stuðningur við gerð fjöltungusjónvarpsefnis og -útsendinga. <sup>(2)</sup></li> <li>- Endur- og framhaldsmenntun dagskrárgerðarmanna og annars fagfólks, innan ramma Babelkerfisins, sem vinna í fjöltunguumhverfi eða sérhæfa sig í talsetningu eða textun. <sup>(1)</sup></li> </ul>	
1.4. <i>Þróun markaða og stuðningur við útbreiðslu óháðs dagskrárefnis</i>	25
<ul style="list-style-type: none"> <li>- Efling starfsemi sem fram fer í tengslum við EURO-AIM, þjónustukerfi sem stuðlar að því að óháðir framleiðendur geti staðið saman sem hópur á alþjóðlegum mörkuðum og veitir þeim ráðgjöf, með því að: <sup>(1)</sup> <ul style="list-style-type: none"> <li>- gera tilvist Evrópu á hinum stóru mörkuðum sýnilegri,</li> <li>- leggja áherslu á sérstakar framleiðslugreinar (skjalageymslur, heimilda- og barnaefni o.fl.),</li> <li>- eiga frumkvæði að söluherferðum á mörkuðum utan bandalagsins,</li> <li>- bjóða sérstaka þjónustu til lítilra og meðalstórra fyrirtækja,</li> <li>- tölvuvæða söfnun og dreifingu gagna um óháða evrópska framleiðslu.</li> </ul> </li> <li>- Hvatning til sjónvarpsstöðva að senda út dagskrárefni sem er framleitt af óháðum evrópskum framleiðendum. <sup>(2)</sup></li> </ul>	

<sup>(1)</sup> Ráðstafanir sem eru í gildi; stjórnsýsluramma fyrir hendi.

<sup>(2)</sup> Tilraunaráðstafanir að hefjast; stjórnsýsluramma fyrir hendi.

<sup>(3)</sup> Verkefni á samráðsstigi; setja þarf stjórnsýsluramma.

(milljónir ECU)

- 2. Bætt framleiðsluskilyrði** 75
- 2.1. *Efling undirbúningsvinnu* 23
- Efling sjóðsins European Script Fund (stuðningur við handritsgerð og undirbúningsvinnu) með því að auka fjárhagsgetu hans og veita auk þess sérfræðilega þjónustu eins og: <sup>(1)</sup>
    - aðstoð við handritsgerð,
    - aðstoð vegna fjáröflunar,
    - viðbótaraðstoð vegna þróunar- og undirbúningsvinnu við framleiðslufyrirtæki sem vinna „dagskrárpakka“.
  - Viðbót við þessar ráðstafanir með því að veita skapandi heimildamyndum viðeigandi aðstoð. <sup>(3)</sup>
  - Efling fagþekkingar evrópskra handritshöfundum með aðstoð frá „Script“, einkum með því að skipuleggja vinnuhópa í handritsgerð („script doctoring sessions“). <sup>(3)</sup>
- 2.2. *Endurskipulagning teiknimyndaiðnaðarins* 23
- Efling samtaka evrópskra teiknimyndaframleiðenda (Cartoon/European Association of Animation Film) með því að: <sup>(1)</sup>
    - stuðla að uppsetningu neta kvikmyndavera með því að fjármagna sameiginlega samræmingar- og stjórnumarkostnað; tryggja að gerðar séu viðbótarráðstafanir til að þjálfa teiknara, stjórnendur vera og grafíska hönnuði sem þörf verður fyrir í þessum netum,
    - stuðla að samhæfingu og tölvuvæðingu á framleiðslu og iðnvæðingu vinnuaðferða,
    - styrkja framleiðslu tilraunaverkefna með fyrirframgreiðslum,
    - þróa upplýsingakerfi sem sérhæfir sig í evrópskum teiknimyndaíðnaði með því að koma á fundum milli framleiðenda og dreifiaðila auk þess að tölvuvæða upplýsingar er tengjast greininni.
- 2.3. *Notkun nýrrar tækni, einkum evrópskrar, við dagskrárgerð* 20
- Viðbót við starfsemi fjárfestingarfélag Media með því að: <sup>(1)</sup>
    - fjölga meðlimum félagsins,
    - að hvetja til nýsköpunarverkefna með útboðum,
    - veita aðstoð vegna ráðstafana sem er ætlað að efla kvikmyndaframleiðslu og dagskrárgerð þar sem HDTV-staðall er notaður (í tengslum við samstarfsáætlun Evrópu um þróun á sviði hljóð- og myndmiðlunar (Audiovisual-Eureka) og „Vision 1250“ fyrirtækjahópinn), <sup>(2)</sup>
    - með því að efla þekkingu fagfólks á sviði hljóð- og myndmiðlunar í notkun nýrrar tækni sem felst í stafrænni myndameðhöndlun, stafrænu- og háskerpusjónvarpi, gagnvirku sjónvarpi og fleira.
- 2.4. *Framlag til uppbyggingar „hliðarmarkaðar“ einkum með því að nota skjalasöfn* 9
- Stuðningur við rekstur og uppbyggingu MAP-TV (net evrópskra skjalasafna). <sup>(1)</sup>
  - Nýting þessa „minnisbanka“ og menningararfleifðar evrópsks kvikmynda- og sjónvarpsefnis við varðveislu, endurgerð, endurútgáfu og endurútsendingu verka eða með því að nota brot úr þeim við framleiðslu á nýju dagskrárefni. <sup>(2)</sup>
  - Rannsóknir á og tilraunir með lausnir á vanda er tengist höfundarréttarmálum sem eru til trafala við notkun skjalasafna. <sup>(2)</sup>
  - Gerð skráa sem eru til að auðvelda notkun skjalasafna. <sup>(3)</sup>

(milljónir ECU)

- |  |               |
|--|---------------|
| <b>3. Örvun vegna fjármögnunar</b>   | <b>10</b>     |
| - Stuðningur við stofnun og mótun stofnana sem er ætlað að virkja og örva fjárfesta (eins og Media-Venture, Euro-Media tryggingu, fjármögnunarfyrirtæki o.s.frv.). (²)   |               |
| <b>4. Bætt stjórnunarhæfni fagfólks í efnahags- og viðskiptalegu tilliti</b>   | <b>15</b>     |
| - Frekari útfærsla á ráðstöfunum sem hafa verið gerðar á vegum evrópskra hljóð- og myndefnaframleiðenda /EAVE til að bæta menntun ungra framleiðenda með hinn stóra markað í huga. (¹)   | 3             |
| - Þróun, í samvinnu við innlendar stofnanir, á frekari ráðstöfunum í tengslum við endurmenntun og skal Media Business School sjá um að samræma þær, til að mæta bæði fjárhags- og viðskiptavanda sem aðilar er starfa við hljóð- og myndmiðlun í Evrópu standa frammi fyrir. (²) | 12            |
| <b>5. Stuðningur við lönd sem hafa takmarkaða framleiðslugetu á hljóð- og myndefni, takmarkað landsvæði eða hafa tungumál með takmarkaða útbreiðslu; aðrar ráðstafanir (²)</b>   | <b>15</b>     |
| <b>6. Þátttaka í verkefnum sem falla undir Eureka-samstarfsáætlunina (¹)</b>   | <b>(p.m.)</b> |
| Verulegum hluta heildarfjármagnsins sem er úthlutað vegna ráðstafana í tengslum við 1. - 5. lið skal varið í slíka þáttöku.  |               |

200

## II. VIÐAUKI

### ÞÁTTTAKA BANDALAGSINS Í EUREKA-SAMSTARFSÁÆTLUNINI

Stefnt er að sama marki bæði með stefnu bandalagsins og samstarfsáætlun Evrópu um þróun á sviði hljóð- og myndmiðlunar (Audiovisual Eureka), með öðrum orðum að efla getu Evrópu á sviði hljóð- og myndmiðlunar í samræmi við niðurstöður funda leiðtogaáráðsins á Ródos og í Strassborg. Í II. viðauka við sameiginlegu yfirlýsinguna um samstarfsáætlun Evrópu um þróun á sviði hljóð- og myndmiðlunar sem var samþykkt í París 2. október 1989 segir að Evrópubandalagið geti tekið þátt í samstarfsáætluninni, einkum á grundvelli eigin áætlana, en að þessum verkefnum sé ekki ætlað að koma í staðinn fyrir samstarfsverkefni sem eru þegar í gangi, enda sé markmið þeirra einkum að færa út eða bæta við þau eftir því sem við á. Í raun verður þátttaka bandalagsins af tvennum toga: annars vegar verður fagfólki frá löndum utan bandalagsins boðin þátttaka í verkefnum bandalagsins (með samningsskilmálum sem verða skilgreindir) og hins vegar mun bandalagið taka þátt í verkefnum innan ramma samstarfsáætlunar Evrópu um þróun á sviði hljóð- og myndmiðlunar sem falla undir aðgerðasviðin sem um getur í I. viðauka.

Þátttaka framkvæmdastjórnarinnar í samstarfsáætluninni mun ráðast af því hvort bandalagið geti gefið verkefnum svokallaðan „virðisauka“.

Jákvæð áhrif aðgerðaáætlunar bandalagsins og samstarfsáætlunarinnar hvor á aðra helgast af því hve ólíkar þær eru:

- aðgerðaáætlunin er samfelld röð aðgerða sem verka hvetjandi bæði fyrir, í og á eftir að framleiðsluferlið er komið í gang auk þess sem stærðaráhrifa getur vegna þátttöku bandalagslandanna tólf,
- Eureka-samstarfsáætlunin er opin að uppbyggingu (grundvallast á upprunalegu tæknilegu Eureka áætluninni) til að auðvelda fagfólki að móta og framkvæma fjölbjóðleg verkefni með samstilltu átaki, einkum á framleiðsluviðinu, með þeim sveigjanleika sem fæst þegar bæði einkaaðilar og opinberir aðilar leggja sitt af mörkum í misríkum mæli.

Með þessum sérkennum er unnt að fá fram tvenns konar samvirkniáhrif:

#### 1. *Aðgerðaáætlun bandalagsins opnuð fyrir nýjum aðilum*

Virðisauki bandalagsins verður enn meira áberandi vegna landfræðilegrar, efnahagaslegrar og listrænnar mögnunar.

Fagfólk landanna sem samþykktu „sameiginlegu yfirlýsinguna“ fær tilboð um að taka þátt í verkefnum í tengslum við aðgerðaáætlunina, innan ramma samninga í skilningi 228. gr. sáttmálans milli viðkomandi landa og bandalagsins. Þátttakan er fastmælum bundin í samningum á milli nýrra þátttakenda utan bandalagsins og þeirra sem bera ábyrgð á umræddu verkefni innan ramma aðgerðaáætlunarinnar. Nýju þátttakendurnir munu leggja fram fjármagn í hlutfalli við þátttöku þeirra í verkefninu.

Aðgerðaáætlunin er bandalagsaðgerð og verður framkvæmd af framkvæmdastjórninni með aðstoð ráðgjafarnefndarinnar sem kveðið er á um í 7. gr. Með því að opna hana fyrir þátttakendum utan bandalagsins mun hún hins vegar fá mjög aukið vægi bæði í viðskiptalegu og efnahagslegu tilliti.



## 2. *Bandalagið sem þátttakandi í Eureka-samstarfsáætluninni*

Bandalagið hefur ávinning af Eureka-samstarfsáætluninni þar sem útvíkkunin gæti haft jákvæð áhrif á starfsemi hljóð- og myndmiðlunariðnaðarins í Evrópu.

Bandalaginu verður kleift að taka þátt í verkefnum í tengslum við Eureka-samstarfsáætlunina á grundvelli aðgerðaáætlunar sinnar. Í hverju tilviki um sig verður fyrirkomulag þátttöku tilgreint í sérstökum samningi.

Þátttakan miðast meðal annars við:

- að auka samhengi í átaksverkefnum aðgerðaáætlunarinnar með þátttöku í verkefnum sem byggjast á ráðstöfunum sem þegar eru hafnar,
- að efla samvirkni milli verkefna sem gætu sameinuð haft hvetjandi áhrif,
- að örva sjálfstæða framleiðslustarfsemi,
- að aðstoða við myndun hliðarmarkaðar fyrir útbreiðslu á evrópskum verkum,
- að veita í verkefni viðbótarfjármagni sem er nauðsynlegt til að nýta og styrkja nýja evrópska tækni sem er notuð við dagskrárgerð (einkum HDTV),
- að tryggja, með stuðningi við verkefni, að geta landa „með takmarkaða hljóð- og myndmiðlunargetu“ sé nýtt á sem bestan hátt,
- að stuðla að velgengni Eureka-samstarfsáætlunarinnar á sviði hljóð- og myndmiðlunar til að efla getu Evrópu á þessu sviði.

Bandalagið getur stutt við verkefni á öllum aðgerðasviðum áætlunarinnar sem um getur í 3. gr. Slíkur stuðningur verður ákveðinn með tilliti til eðlis hvers verkefnis um sig og þess hvort framtakið í tengslum við Eureka-samstarfsáætlunina hæfir markmiðinu sem stefnt er að. Ráðgjafarnefndin sem kveðið er á um í 7. gr. lætur í ljós álit sitt á verkefnum Eureka-samstarfsáætlunarinnar sem bandalagið kemur til með að styðja.

## 3. *Annars konar þátttaka í Eureka-samstarfsáætluninni*

Bandalagið mun greiða sinn skerf - samkvæmt hlutfallstölu sem verður ákveðin innan samræmingarnefndarinnar - í skrifstofukostnaði vegna samstarfsáætlunar Evrópu um þróun á sviði hljóð- og myndmiðlunar (Audiovisual-Eureka) og vegna undirbúningsvinnu við fyrirhugaða stofnun evrópskrar skoðunarstöðvar á sviði hljóð- og myndmiðlunar.

## ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 5. október 1987

### varðandi áætlun bandalagsins um samskiptanet fyrir tölvuvædd gagnaskiptakerfi í viðskiptum (TEDIS)

(87/499/EBE)

#### RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr., með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Hlutverk bandalagsins er einkum að stuðla að samræmdri þróun efnahagsmála innan þess og nánari tengslum milli aðildarríkjanna með því að koma á sameiginlegum markaði og samræma stig af stigi stefnu þeirra í efnahagsmálum.

Ríkis- og ríkisstjórnaðarlegar lögðu áherslu á þýðingu fjarskipta sem mikilvægs drifkrafts fyrir hagvöxt og samfélagsþróun á fundum sínum í Stuttgart, Aþenu og Fontainebleau.

Evrópuþingið hefur metið stöðu og þróun fjarskipta og lagt áherslu á lykilhutverk þeirra fyrir stjórnmalalega, þjóðfélagslega og efnahagslega þróun innan bandalagsins í framtíðinni (umræður á Evrópuþinginu 1983 um fjarskipti, Leonardi-skýrslan, skýrsla Alberts og Ball frá 1982).

Þann 17. desember 1984 samþykkti ráðið helstu þætti í stefnu bandalagsins um fjarskipti, meðal annars það markmið að efla háþróaða fjarskiptaþjónustu og -net með aðgerðum á vettvangi bandalagsins.

Fjarskiptaíðnaðurinn hefur mjög mikla efnahagslega þýðingu, bæði hvað varðar þá starfsemi sem á sér stað innan þeirrar atvinnugreinar og einnig framlag hans til upplýsingamiðlunar í bandalaginu.

Staðlar á sviði upplýsingatækni og vinnan við að setja þá er sérstaks eðlis, einkum að því er varðar eftirfarandi:

- tækniforskriftir eru flóknar og mikillar nákvæmni er þörf til að tryggja gagnaskipti og rekstrarsamhæfni kerfanna,
- brýn þörf er á stöðlum til að koma í veg fyrir að tölvuvædd (viðskipta)gagnaskiptakerfi þróist í ólíkar áttir,
- nauðsynlegt er að tryggja að alþjóðlegir staðlar séu innleiddir, á þann hátt að þeir séu trúverðugir með tilliti til hagkvæmra nota.

Almenn áætlun um stöðlun í upplýsingatækni og fjarskiptum er í framkvæmd.

Tilgangurinn með ákvörðun ráðsins 87/95/EBE frá 22. desember 1986, um stöðlun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta <sup>(3)</sup>, er að setja almennan ramma í þessum greinum um setningu staðla eða sameiginlegra tækniforskrifta, einkum með það fyrir augum að auðvelda upplýsingaskipti í öllu bandalaginu með því að ryðja úr vegi hindrunum af völdum ósamhæfni sem orsakast af því að staðla vantar eða þeir eru ónákvæmir.

Sem liður í CD-verkefninu og CADDIA-áætluninni <sup>(4)</sup> er fyrirhugað að gera ráðstafanir til að tryggja náð samstarf við hagsmunaaðila í viðskiptum og atvinnulífnum til að tryggja viðunandi skilfleti fyrir fjarskipti og upplýsingaskipti milli kerfa í viðskiptum og atvinnulífi og kerfa toll- yfirvalda.

Áðurnefndum markmiðum er aðeins hægt að ná með því að koma á nánú samstarfi milli hagsmunaaðila í viðskiptum og atvinnulífi í mismunandi atvinnugreinum til að tryggja nauðsynlega samhæfingu tölvuvæddra gagnaskiptakerfa í viðskiptum.

Við framkvæmd CD-verkefnisins er nauðsynlegt að tillit sé tekið til öryggis-, verndar- og gagnaleyndarsjónarmiða í sambandi við upplýsingar um innflutning, útflutning og viðskipti innan bandalagsins, sem er miðlað til framkvæmdastjórnarinnar, töllyfirvalda og viðskiptaaðila eða sem þessir aðilar hafa umráð yfir eða flytja sín á milli.

<sup>(1)</sup> Stjttð. EB nr. C 246, 14. 9. 1987, bls. 92.

<sup>(2)</sup> Stjttð. EB nr. C 105, 21. 4. 1987, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjttð. EB nr. L 36, 7. 2. 1987, bls. 31.

<sup>(4)</sup> Stjttð. EB nr. L 33, 8. 2. 1986, bls. 28.

ÍSLÆNSK ÚTGÁFA

Þessi atriði eru hluti af mun stærra vandamáli sem er vernd upplýsinga í tengslum við tölvuvædd gagnaskipti í viðskiptum, milli upplýsingakerfa, og nauðsyn þess að tryggja samhæfingu milli ráðstafana sem gerðar eru sem liður í CD-verkefninu og þeirra sem eru gerðar á sviði atvinnugreina.

Í hvítbók framkvæmdastjórnarinnar um stofnun innri markaðarins er lögð áhersla á mikilvægi þess að koma á fót nýrri þjónustu yfir landamæri og þess að fjarskiptanet, byggð á sameiginlegum stöðlum, geti stuðlað að því að koma á bandalagsmarkaði án viðskiptahindrana.

Í grænabókinni frá 30. júní 1987 eru viðmiðunarreglur um þróun sameiginlega markaðarins að því er varðar fjarskiptaþjónustu og -búnað.

Tölvuvædd gagnaskipti í viðskiptum munu í síauknum mæli geta stuðlað að því að styrkja samkeppnishæfni evrópskra framleiðslu- og þjónustufyrirtækja.

Sem stendur er ör þróun í gangi þar sem bæði opinberir aðilar og einkaaðilar eru að gera ráðstafanir, vegna fyrirtækja, hópa fyrirtækja og atvinnugreina, á innlendum og alþjóðlegum vettvangi, til að taka í notkun tölvuvædd gagnaskiptakerfi í viðskiptum sem eru ekki samhæfð innbyrðis.

Hætta er á að sundurleit og slitrótt framkvæmd við að taka upp tölvuvædd gagnaskipti í viðskiptum innan sama lands eða, sem oftast gerist, innan fyrirtækis, fyrirtækjahóps eða atvinnugreinar leiði til þess að tekin verði upp ósamhæfð kerfi sem geta ekki haft samskipti hvert við annað og að það hindri bæði notendur og seljendur búnaðar og þjónustu í að nýta sér til fulls þá kosti sem þróun tölvuvæddra gagnaskipta í viðskiptum býður upp á.

Ef tryggja á að þessi kerfi fyrir tölvuvædd gagnaskipti í viðskiptum geti haft samskipti er nauðsynlegt að samþykka áætlun um röð fyrstu aðgerða, sem taka tillit til sameiginlegra hagsmuna og eru nauðsynlegar fyrir samræmda þróun tölvuvæddra gagnaskipta í viðskiptum, og aðra röð aðgerða, sem eru í nánari tengslum við sviðsbundin verkefni, með það fyrir augum að leysa á samræmdan hátt sameiginleg vandamál sem koma upp meðan á þessari þróun stendur.

Í upphafi er nauðsynlegt að framkvæma aðgerðir og rannsóknir með það fyrir augum að skapa og þróa þau hagstæðu skilyrði sem eru nauðsynleg fyrir samræmda þróun tölvuvæddra gagnaskipta í viðskiptum.

Nauðsynlegt er, í ljósi niðurstaðna og fenginnar reynslu, að skilgreina markmið og einstök atriði fyrir hugsanlegt næsta aðgerðastig þar sem yrði stuðningur við tilraunaverkefni og áframhald á einhverjum þeirra aðgerða sem hafa verið hafnar.

Í sáttmálanum er ekki kveðið á um aðrar heimildir í þessu skyni en þær sem um getur í 235. gr.

## ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. gr.

Hér með er hrundið í framkvæmd áætlun bandalagsins um samskiptanet fyrir tölvuvædd gagnaskiptakerfi í viðskiptum (TEDIS) fyrir viðskipti, iðnað og stjórnun, hér eftir nefnd „áætlunin“.

### 2. gr.

Áætlunin skal framkvæmd í samræmi við þessa ákvörðun. Hún stendur yfir í tvö ár.

### 3. gr.

Markmið áætlunarinnar eru:

1. að samræma á vettvangi bandalagsins þá vinnu sem unnin er í aðildarríkjunum varðandi þróun tölvuvæddra gagnaskiptakerfa í viðskiptum;
2. að vekja athygli væntanlegra notenda á tölvuvæddum gagnaskiptum í viðskiptum;
3. að vekja athygli evrópskra framleiðenda vélbúnaðar og hugbúnaðar á möguleikunum sem tölvuvædd gagnaskipti í viðskiptum veita;
4. að veita evrópskum hópum á einstökum sviðum birgða- aðstoð;
5. að taka tillit til sérstakra þarfa í sambandi við tölvuvædd gagnaskipti í viðskiptum innan aðildarríkja og milli aðildarríkjana og bandalagsins í stefnumörkun varðandi fjarskipti og stöðlun; að framkvæma undirbúningsvinnu í þessum tilgangi;
6. að aðstoða við uppsetningu samræmisprófunarstöðva fyrir hugbúnað og vélbúnað sem notaður er í kerfum fyrir tölvuvædd gagnaskipti í viðskiptum;
7. að leita lausna á lagalegum vandamálum sem gætu staðið í vegi fyrir þróun tölvuvæddra gagnaskipta í viðskiptum og sjá til þess að takmarkandi reglur um fjarskipti hamli ekki þróun tölvuvæddra gagnaskipta í viðskiptum;
8. að rannsaka öryggiskröfur fyrir kerfi fyrir tölvuvædd gagnaskipti í viðskiptum með það fyrir augum að tryggja að trúnaðar sé gætt við flutning upplýsinga;
9. að kanna sérstök vandamál sem skapast vegna hinna mörgu tungumála sem eru notuð innan bandalagsins og rannsaka í því skyni möguleikana á að nýta þann árangur sem hefur náðst eða vænta má að náist með vélþýðingaforritunum Systran og Eurotra;

10. að skoða hvort ráðlegt sé að stuðla að þróun sérhæfðs hugbúnaðar fyrir tölvuvædd gagnaskipti í viðskiptum;
11. að gera skrá yfir verkefni sem eru hafin eða verða að öllum líkindum hafin á tilteknum sviðum tölvuvæðdra gagnaskipta í viðskiptum og gera samanburð á þeim;
12. að gera yfirlit yfir sérstakar þarfir sem koma fram við notkun tölvuvæðdra gagnaskiptakerfa í viðskiptum og auðveldara væri að mæta með aðstoð frá bandalaginu;
13. að gera sérstaka könnun á þeirri aðstoð sem hægt er að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum til að gera þeim kleift að taka virkan þátt í tölvuvæddum gagnaskiptum í viðskiptum;
14. að íhuga stuðning við tilraunaverkefni sem framkvæma mætti smám saman og væru líkleg til að stuðla að lausnum, sem unnt væri að gera algildar, á sameiginlegum vandamálum sem koma fram í flestum kerfum fyrir tölvuvædd gagnaskipti í viðskiptum.

#### 4. gr.

Áætlunin skal framkvæmd í samræmi við núverandi eða fyrirhugaða stefnu og starfsemi í bandalaginu að því er varðar fjarskipti, upplýsingamarkaðinn, stöðlun og fjöltungustefnu og einkum við CADDIA-áætlunina og CD-verkefnið til að tryggja nauðsynlega samverkun við sérstakar þarfir tölvuvæðdra gagnaskiptakerfa í viðskiptum.

#### 5. gr.

Samningar sem snerta áætlunina skulu gerðir við fyrirtæki, þar með talin lítil og meðalstór fyrirtæki, rannsóknarstöðvar og aðrar stofnanir sem hafa staðfestu í bandalaginu.

#### 6. gr.

1. Bandalagið styrkir áætlunina með framlögum sem skulu vera innan marka árlegrar fjárveitingar til hennar á fjárlögum Evrópubandalagsins.
2. Upphæðin sem talið er nauðsynlegt að bandalagið leggi fram til framkvæmdar áætluninni í heild sinni er 5,3 milljónir ECU.

#### 7. gr.

Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að áætlunin sé framkvæmd á viðunandi hátt og skal gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni.

#### 8. gr.

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir ráðið, eigi síðar en 1. janúar 1990, um framkvæmd þeirrar vinnu sem ákveðin er með þessari ákvörðun ásamt tillögu um frekari ráðstafanir ef þörf krefur.

#### 9. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Gjört í Lúxemborg 5. október 1987.

Fyrir hönd ráðsins,

**N. WILHJELM**

forseti.

## ÁKVÖRÐUN RÁDSINS

frá 5. apríl 1989

### um breytingu á ákvörðun 87/499/EBE varðandi áætlun bandalagsins um samskiptanet fyrir tölvuvædd gagnaskiptakerfi í viðskiptum (TEDIS)

(89/241/EBE)

#### RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr., með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins (2),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með ákvörðun 87/499/EBE (4) ákvað ráðið að hrinda af stað bandalagsáætlun um samskiptanet fyrir tölvuvædd gagnaskiptakerfi í viðskiptum (TEDIS) fyrir viðskipti, iðnað og stjórnun. Þessi áætlun tekur til aðgerða og rannsókna sem eiga að koma í veg fyrir ósambærni mismunandi tölvuvæðra gagnaskiptakerfa í viðskiptum vegna vöntunar á sameiginlegum stöðlum.

Tiltekin þriðju lönd, einkum lönd sem eiga aðild að Fríverslunarsamtökum Evrópu, taka virkan þátt í að setja evrópska og alþjóðlega staðla á þessu sviði og hafa þau látið í ljós áhuga á að tengjast TEDIS-áætluninni.

Það er í þágu bandalagsins að sneiða hjá nýjum hindrunum í viðskiptum við þessi lönd á þessu sviði og að stuðla að samræmdri þróun tölvuvæðra gagnaskiptakerfa í viðskiptum í Evrópu.

Því ber að gera samkomulag þar að lútandi við hlutaðeigandi þriðju lönd.

Í sáttmálanum er ekki kveðið á um aðrar heimildir varðandi þessar aðgerðir en þær sem um getur í 235. gr.

#### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 87/499/EBE:

- 1) Í stað orðanna „sem hafa staðfestu í bandalaginu“ í 5. gr. komi „sem hafa staðfestu í bandalaginu eða þriðja landi sem bandalagið hefur gert samkomulag við um að tengist áætluninni“.
- 2) Eftirfarandi grein bætist við:

„5. gr. a

Í samræmi við 228. gr. sáttmálans getur bandalagið gert samkomulag við þriðju lönd, einkum löndin sem eiga aðild að Fríverslunarsamtökum Evrópu, með það fyrir augum að tengja þau áætluninni að fullu eða að hluta til.

Framkvæmdastjórninni er veitt umboð til að annast samninga varðandi þetta samkomulag.“

##### 2. gr.

Þessi ákvörðun öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.

Gjört í Lúxemborg 5. apríl 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

**M. CHAVES GONZALEZ**

forseti.

(1) Stjttð. EB nr. C 273, 22. 10. 1988, bls. 3.

(2) Stjttð. EB nr. C 69, 20. 3. 1989.

(3) Stjttð. EB nr. C 56, 6. 3. 1989, bls. 51.

(4) Stjttð. EB nr. L 285, 8. 10. 1987, bls. 35.

## ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 22. júlí 1991

### um annað þrep TEDIS-áætlunarinnar

(91/385/EBE)

#### RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr., með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Hlutverk bandalagsins er einkum að stuðla að samræmdri þróun efnahagsmála innan þess og nánari tengslum milli aðildarríkjanna með því að koma á sameiginlegum markaði og minnka stig af stigi þann mun sem er á stefnu þeirra í efnahagsmálum.

Í hvítbók framkvæmdastjórnarinnar um stofnun innri markaðarins er lögð áhersla á mikilvægi þess að koma á fót nýrri þjónustu yfir landamæri og þess að fjarskiptanet byggð á sameiginlegum stöðlum geti stuðlað að því að koma á bandalagsmarkaði án viðskiptahindrana.

Tölvuvædd gagnaskipti munu í síauknum mæli geta stuðlað að því að styrkja samkeppnishæfni evrópskra framleiðslu- og þjónustufyrirtækja.

Sem stendur er ör þróun í gangi þar sem bæði opinberir aðilar og einkaaðilar eru að gera ráðstafanir, vegna fyrirtækja, fyrirtækjahópa eða atvinnugreina, á innlendum og alþjóðlegum vettvangi, til að taka í notkun tölvuvædd gagnaflytningakerfi sem eru ekki endilega samhæfð innbyrðis.

Hætta er á að sundurleit og slitrótt framkvæmd við að taka upp tölvuvæddan gagnaflytning innan sama lands, eða oftar innan fyrirtækis, fyrirtækjahópa eða atvinnugreina, leiði til þess að tekin verði upp ósamhæfð kerfi sem geta ekki haft samskipti hvert við annað og að það hindri bæði notendur og seljendur búnaðar og þjónustu í að nýta sér til fulls þá kosti sem þróun tölvuvæddra gagnaskipta býður upp á.

Í samræmi við ályktun ráðsins frá 22. janúar 1990, um netkerfi innan Evrópu <sup>(4)</sup> og niðurstöður leiðtoga ráðsins í Strassborg og Dyflini, er nauðsynlegt, til að tryggja hnökralausa starfsemi hins innri markaðar, að fyrirtæki og yfirvöld innan markaðarins geti starfsemi sinnar vegna skipst á upplýsingum með því að nota samhæfð kerfi sem gerir kleift að þróa gagnaskiptakerfi sem raunverulega nær til allrar Evrópu.

Einkum er nauðsynlegt að koma á nánú samstarfi milli þeirra sem vinna að TEDIS-áætluninni og séráætluninni um rannsóknar- og tækniþróun í samskiptatækni (1990 til 1994), séráætluninni um rannsóknar- og tækniþróun á sviði almennra fjargagnaflutningskerfa (1990 til 1994) og séráætluninni um upplýsingatækni (1990 til 1994) sem heyra undir þriðju rammarrannsóknaráætlun bandalagsins.

Starf sem þegar hefur verið innt af hendi á sviði tölvuvæddra gagnaskipta (EDI), sem fyrsta þrep TEDIS-áætlunarinnar (1988 til 1989) sem komið var á fót með ákvörðun 87/499/EBE <sup>(5)</sup>, hefur leitt í ljós að mögulegt er að koma á fót slíku kerfi innan allrar Evrópu, að því tilskildu að þessu starfi verði haldið áfram og annað þrep áætlunarinnar hafið.

Nauðsynlegt er að áætlunin standi yfir í þrjú ár.

Upphæðin sem er talin nauðsynleg til að framkvæma þessa margra ára áætlun er 25 milljónir ECU. Fjármagnið sem er talið nauðsynlegt fyrir tímabilið 1991 til 1992, innan marka núverandi fjárhagsáætlunar, er 10 milljónir ECU.

Upphæð sem er notuð til að fjármagna áætlunina eftir að fjárlagaári 1992 lýkur skal vera innan marka gildandi fjárlagaramma bandalagsins.

Með ákvörðun 89/241/EBE <sup>(6)</sup> gerði ráðið breytingar á upprunalegu ákvörðuninni um TEDIS-áætlunina sem gerði löndum sem eru ekki aðilar að áætluninni, einkum aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), kleift að tengjast henni og

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. C 311, 12. 12. 1990, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. C 106, 22. 4. 1991, bls. 167.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. C 102, 18. 4. 1991, bls. 13.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. C 27, 6. 2. 1990, bls. 8.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. L 285, 8. 10. 1987, bls. 35.

<sup>(6)</sup> Stjttíð. EB nr. L 97, 11. 4. 1989, bls. 46.

heimilaði framkvæmdastjórninni að semja við aðildarríki EFTA, í samræmi við 228. gr. sáttmálans.

Ráðið samþykkti, með ákvörðunum 89/689/EBE <sup>(1)</sup>, 89/690/EBE <sup>(2)</sup>, 89/691/EBE <sup>(3)</sup>, 89/692/EBE <sup>(4)</sup>, 89/693/EBE <sup>(5)</sup> og 89/694/EBE <sup>(6)</sup> samninga um kerfi fyrir tölvuvæddan gagnaflutning í viðskiptum milli Efnahagsbandalags Evrópu annars vegar og Austurríkis, Finnlands, Íslands, Noregs, Svíþjóðar og Sviss hins vegar.

Í sáttmálanum er ekki kveðið á um aðrar heimildir til að samþykkja þessa ákvörðun en þær sem um getur í 235. gr.

#### ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

##### 1. gr.

- Hér með er hafið annað þrep TEDIS-bandalagsáætlunarinnar (tölvuvædd gagnaskiptakerfi í viðskiptum) um tölvuvædd gagnaskipti (EDI) í viðskiptum, iðnaði og stjórnun, hér eftir nefnd „áætlunin”.

Áætlunin stendur yfir í þrjú ár.

- Bandalagsfjármagn sem er talið nauðsynlegt til framkvæmdar áætluninni nemur 25 milljónum ECU og af þeim eru 10 milljónir ætlaðar fyrir tímabilið 1991 til 1992, innan fjárlagaramma árána 1988 til 1992.

Fjármagn sem er lagt fram til framkvæmdar áætluninni fyrir síðari tímabil skal vera innan marka gildandi fjárlagaramma.

- Fjármálayfirvöld skulu ákveða fjárveitingu sem er fánleg fyrir hvert fjárhagsár, að teknu tilliti til meginreglna um örugga stjórnun sem um getur í 2. gr. fjárhagsreglugerðar sem gildir um almenn fjárlög Evrópubandalaganna.

##### 2. gr.

Markmið áætlunarinnar er að sjá til þess að komið verði á fót skilvirkum tölvuvæddum gagnaskiptakerfum, með hliðsjón af félags- og efnahagslegu mikilvægi slíkra kerfa og að afla nauðsynlegs fjármagns til að þetta nái fram að ganga innan bandalagsins.

##### 3. gr.

Til að markmiðunum sem eru skilgreind í 2. gr. verði náð þarf að gera ráðstafanir og halda áfram starfi að því er varðar:

- stöðlun EDI-boða,
- þróun sérstakra þarfa fjarskiptaiðnaðarinnar,
- lagalega þætti EDI,
- öryggi EDI-boða,

- verkefni sem ná til atvinnugreina og allrar Evrópu,
- könnun á áhrifum EDI á fyrirtækjastjórnun,
- upplýsingaherferðir.

Í I. viðauka er skrá yfir fyrirhugaðar ráðstafanir. Þessar ráðstafanir skulu gerðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 6. og 7. gr.

##### 4. gr.

Áætlunin skal framkvæmd í samræmi við núverandi eða fyrirhugaða stefnu bandalagsins og starfsemi á sviði fjarskipta, einkum að því er varðar hugsanleg framgangsverkefni samkvæmt rammatilskipun 90/387/EBE <sup>(7)</sup> um frjálsan aðgang að netum, upplýsingamarkaðinn (IMPACT-áætlunin), öryggi upplýsingakerfa og stöðlun og einkum í samræmi við CADDIA-áætlunina og CD-verkefnið, til að tryggja nauðsynlega samhæfni við sérkröfur er varða tölvuvædd gagnaskipti.

##### 5. gr.

Samningar sem snerta áætlunina skulu gerðir við fyrirtæki, þar með talin lítil og meðalstór fyrirtæki, rannsóknarstöðvar, innlend stjórnvöld og aðra aðila sem hafa staðfestu í bandalaginu, í löndum Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í þriðja landi sem bandalagið hefur gert samning um að láta tengjast áætluninni.

##### 6. gr.

- Framkvæmdastjórnin skal ábyrgjast að áætlunin verði framkvæmd. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.
- Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álit sínu á drögunum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.
- Álitid skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt á að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.
- Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

##### 7. gr.

- Þrátt fyrir ákvæði 6. gr., skal eftirfarandi málsmeðferð gilda um skipulag vinnuáætlunar í I. viðauka, sundurliðun fjárlútgjalda og mat á verkefnum og aðgerðum sem kveðið er á um í viðaukanum að heildarverðmæti yfir 200 000 ECU og um áætluð fjárframlög bandalagsins þeim til styrktar.
- Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 400, 30. 12. 1989, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 400, 30. 12. 1989, bls. 6.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 400, 30. 12. 1989, bls. 11.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 400, 30. 12. 1989, bls. 16.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 400, 30. 12. 1989, bls. 21.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB nr. L 400, 30. 12. 1989, bls. 26.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB nr. L 192, 24. 7. 1990, bls. 1.

drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitinu skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu aðgerðirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin þó láta ráðið vita af þeim án tafar.
4. Í því tilviki skal framkvæmdastjórnin fresta því að ráðstafanirnar komi til framkvæmda um þrjá mánuði frá því að þær voru lagðar fyrir ráðið.

Ráðinu er heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í ofangreindri undirgrein.

#### 8. gr.

Við lok TEDIS-áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin leggja lokaskýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina sem felur í sér mat óháðra sérfræðinga á því að hve miklu leyti markmið sem tengjast áætluninni hafa náðst á grundvelli viðmiðananna og vísbendinga í II. viðauka við þessa ákvörðun.

#### 9. gr.

Þessi ákvörðun öðlast gildi 1. júlí 1991.

Gjört í Lúxemborg 22. júlí 1991.

Fyrir hönd ráðsins,

**P. DANKERT**

forseti.

ÍSLENSK ÚTGÁFA



# I. VIÐAUKI

## 1. Stöðlun EDI-boða:

- stuðningur við þróun alþjóðlega Edifact-staðalsins og einkum við starf Edifact-nefndarinnar í Vestur-Evrópu; samvinna um þróun Edifact-boða og trygging fyrir nauðsynlegri tækniástoð,
- útvegum viðeigandi búnaðar til að tryggja að EDI-boð annars vegar og yfirfærsluhugbúnaður hins vegar samræmist Edifact,
- hugsanleg aðlögun Edifact-staðalsins að nýjum EDI-búnaði, eins og myndrænum EDI-búnaði, tæknilegum EDI-búnaði og samskipta-EDI,
- stuðningur við breytingu í þá átt að nota alþjóðlega staðla og þá cinkum Edifact-staðalinn,
- tilraun til að samræma bandaríska staðalinn ANSI X12 og alþjóðlega Edifact-staðalinn.

## 2. Sérstakar þarfir EDI að því er varðar fjarskipti:

- tillögur um endurbætur á tæknilegri samtengingu EDI-notenda í Evrópu sem tryggir nán tengsl við starfsemi í bandalaginu í dag, einkum að því er varðar frjálstan aðgang að netum, með því að:
  - a) hvetja til notkunar staðlaðra samskiptareglna sem henta fyrir EDI í fjarskiptaþjónustu, einkum P-edi, X.400 (1988) eða X.500 og ef nauðsyn krefur til samræmingar við áætlanir um frjálstan aðgang að netum til að samhæfa til dæmis staðla fyrir pakka- og línuskipta gagnaflyttingsþjónustu;
  - b) stuðla að því að komið verði á netagáttum milli þeirra EDI-þjónustu sem fyrir er,
  - c) aðstoða við að koma á fót skráningakerfi innan Evrópu til lausnar vandanum við að bera kennsl á nöfn og heimilisföng EDI-notenda í tengslum við fjölþætt atvinnulíf á evrópskum vettvangi,
- hvatning til aukinnar notkunar á samþættri þjónustu stafrænna neta fyrir EDI,
- stuðningur við að EDI-hagsmunahópar sem eru sérhæfðir í vandamálum sem tengjast fjarskiptum þjappi sér saman,
- hvatning til notkunar hugtaka um einnarviðkomukaup/reikningsútskrift í EDI.

## 3. Lagalegar hliðar EDI:

- endanleg drög að evrópusamþykkt um EDI,
- framkvæmd ítarlegrar athugunar á lagalegum hindrunum og þörfum á tilteknum svæðum,
- framkvæmd ítarlegrar lagarannsóknar á gagnamiðlun og -geymslu ásamt tölvuvæddum undirskriftum fyrir EDI-boð,
- undirbúningur skjals sem skapar umræðugrundvöll fyrir aðlögun og samhæfingu evrópskrar löggjafar til að fella nauðsynleg ákvæði um notkun EDI inn í lagareglur; undirbúningur tillagna sem eru nauðsynlegar að því er varðar aðlögun og samhæfingu,
- trygging fyrir því að aðgerðir sem eru framkvæmdar með því að nota EDI-boð uppfylli, frá lagalegu sjónarmiði, einnig lög og réttarreglur,
- greining áhrifa EDI-boða á hefðbundna markaðssetningu,
- eftirlit með atriðum sem varða gagnavernd og trúnaðargögn með tilliti til sérstakra þarfa sem þróun EDI gæti haft í för með sér,
- trygging fyrir samræmi milli aðildarríkja um lagaleg atriði í tengslum við EDI og einkum að því er varðar alþjóðlega samræmingu.

**4. Öryggi EDI-boða:**

- stofnun óformlegs sérfræðihóps á þessu tiltekna sviði,
- skipulagning árlegra námskeiða sem taka fyrir mismunandi þemu sem tengjast öryggi EDI-boða, leið til að vekja athygli EDI-notenda og annarra viðkomandi hópa á öryggi EDI-boða,
- auðveldun þróunar málsmeðferðar, aðferða, þjónustu og staðla sem tengjast öryggi EDI-boða,
- könnun á notendumhverfi; skilgreining takmarkana, ákvörðun áhættu og, ef mögulegt er, rannsókn á viðeigandi líkani til að tryggja öryggi EDI-boða,
- könnun á öryggiskröfum varðandi nýjar gerðir af EDI og áhrif nýrrar tækni,
- mat á þjónustu og fyrirliggjandi framleiðsluvörum til að tryggja öryggi EDI-boða og ef nauðsyn krefur könnun á vottun,
- rannsókn á umhverfi frjálsrar fjölþjónustu með hliðsjón af öryggi EDI-boða.

**5. Verkefni sem ná til atvinnugreina og allrar Evrópu:**

- gerð og uppfærsla varanlegrar skrár yfir fyrirliggjandi eða hugsanleg EDI-verkefni í Evrópu, trygging fyrir samræmi milli verkefna innan einstakra atvinnugreina til að uppfylla þarfir atvinnulífsins og notenda,
- stuðningur við þróun samstarfsvettvangs fyrir EDI-notendur,
- hvatning til að hrinda í framkvæmd verkefnum sem ná til atvinnugreina til að uppfylla þarfir atvinnulífsins og notenda,
- hvatning við innlend stjórnvöld og stofnanir í bandalaginu til að taka þátt í samstarfsverkefnum milli atvinnugreina,
- stuðningur við þróun EDI-kerfa til að tryggja aukna útbreiðslu þeirra í Evrópu,
- könnun langtíma aðgerða sem eru líklegar til að örva jafnt og þétt og samtengja EDI-kerfi í löndum við Miðjarðarhaf, í Mið- og Austur Evrópu.

**6. Athugun áhrifa EDI á fyrirtækjastjórnun:**

- athugun og greining breytinga á stjórnunaraðferðum og skipulagi með tilkomu EDI; einkum ber að taka tillit til lítilla og meðalstórra fyrirtækja (LMF),
- könnun á efnahags- og félagslegum áhrifum EDI,
- mat á sambandi milli kostnaðar og ávinnings með tilkomu EDI í einka- og opinbera geiranum,
- vinna við gerð almenns EDI-líkans sem nota á í stjórnsýslufyrirtækjum og einka- og opinberum fyrirtækjum,
- könnun á möguleika á að koma á samræmingarskipulagi innan Evrópu að því er varðar samskipti milli fyrirtækja á grundvelli EDI.

**7. Upplýsingaherferðir:**

- reglulegar kannanir á þróun EDI í Evrópu og EDI-búnaði og -þjónustu sem liggur fyrir,
- framkvæmd ítarlegra rannsókna, einkum í tilteknum löndum, héruðum eða atvinnugreinum,
- birting rannsókna, kannana og annarra niðurstaðna aðgerða sem framkvæmdar eru innan ramma áætlunarinnar,
- stuðningur við stofnun upplýsingamiðstöðva innan einstakra landa eða á einstökum svæðum. Tryggja skal samhæfingu, efnislegan stuðning og þátttöku í upplýsingastarfi þeirra,
- einkum stuðningur við aðgerðir sem vekja athygli lítilla og meðalstórra fyrirtækja á EDI.

## II. VIÐAUKI

### Leiðbeiningar um hvernig meta eigi að hve miklu leyti markmið sem tengjast TEDIS-áætluninni hafa náðst

Til að markmiðunum í 2. gr. verði náð verður að gera tilteknar ráðstafanir og halda áfram því starfi sem um getur í 3. gr. Árangurinn af því starfi verður síðan metinn.

1. Að því er varðar stöðlun merkir þetta mat á áhrifum TEDIS-áætlunarinnar á:
  - a) þróun og notkun Edifact-staðalsins í Vestur-Evrópu;
  - b) fánleika og notkun yfirfærsluhugbúnaðar og samhæfing hans við alþjóðlega Edifact-staðalinn.
2. Samtenging EDI-þjónustu: mat á áhrifum TEDIS-áætlunarinnar á getu gagnakerfa til að starfa saman og uppbyggingu EDI-þjónustu um alla Evrópu.
3. Lagalegir þættir: rannsókn á því hvernig ráðstafanir sem eru gerðar vegna áætlunarinnar hafa stuðlað að lagalegu gildi EDI-boða innan hvers aðildarríkis og hvernig þau hafa hvatt til „pappírslausra viðskipta“.
4. Öryggi boða: rannsókn á því hvernig TEDIS-áætlunin hefur stuðlað að öryggi EDI-boðanna sjálfra og öryggi varðandi notkun þeirra í samtengdu viðskiptaumhverfi.
5. Verkefni sem ná til atvinnugreina og allrar Evrópu: mat á því að hvernig tilraunaverkefni sem ná til atvinnugreina hafa stuðla að aðlögun EDI-verkefna að atvinnugreinum og landfræðilegum þáttum.
6. Stjórnun: mat á gildi rannsókna og greininga - einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki - sem eru framkvæmdar í tengslum við TEDIS-áætlunina til að meta áhrif EDI á fyrirtækjastjórnun og efnahagsleg og félagsleg áhrif þess.
7. Upplýsingaherferðir: mat á áhrifum ráðstafana - einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki - sem eru gerðar í tengslum við TEDIS-áætlunina um notkun EDI í Vestur-Evrópu.

ÍSLENSK útgáfa



## VIÐAUKI IV

(Fyrsta síða leyfis)

(Bleikur pappír - A4)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála EB- eða EFTA-ríkisins sem gefur út leyfið

RÍKIÐ ÞAR SEM SKJALIÐ ER GEFIÐ ÚT

Lögbært yfirvald

— Auðkenni lands<sup>(1)</sup> —

## LEYFI nr. ....

til reglubundinna flutninga<sup>(2)</sup>  
 til ferða fram og til baka án gistingar<sup>(2)</sup>  
 til annarra óreglubundinna flutninga<sup>(2)</sup>  
 til sérstakra leyfisbundinna reglubundinna flutninga<sup>(2)</sup>  
 til leyfisbundinna flutninga í eigin þágu<sup>(2)</sup>

með hópþreifreiðum milli ríkja sem eru aðildarríki EB eða EFTA-ríki<sup>(\*)</sup>, gefið út á grundvelli  
 reglugerðar (EBE) nr. 684/92, eins og hún var aðlöguð vegna EES-samningsins

til handa.....

Nafn eða firmanafn flutningafyrirtækisins eða þess flutningafyrirtækis sem stjórnar

Heimilisfang ..... sími: .....

Nöfn, heimilisföng og símanúmer undirverktaka, samstarfsaðila eða félagsmanna úr hópnum:

- 1) .....
- 2) .....
- 3) .....
- 4) .....
- 5) .....
- 6) .....

Með lista ef við á<sup>(4)</sup>

Leyfið rennur út: .....

.....  
(Staður og útgáfudagur).....  
(Undirskrift og stimpill yfirvalds sem gefur leyfið út)<sup>(1)</sup> Ísland (IS), Noregur (N), Austurríki (A), Finnland (FIN), Svíþjóð (S).<sup>(2)</sup> Strikið út það sem á ekki við.<sup>(\*)</sup> Aðildarríki EB eru: Belgía, Danmörk, Þýskaland, Grikkland, Spánn, Frakkland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Portúgal, Breska konungsríkið. EFTA-ríkin eru: Ísland, Noregur, Austurríki, Finnland og Svíþjóð.<sup>(4)</sup> Strikið út það sem á ekki við.

ÍSLÆNSK útgáfa

(Önnur síða leyfis)

1. Leið
  - a) Brottfararstaður:.....
  - b) Ákvörðunarstaður:.....
  - c) Aðalleið, strikið undir viðkomustaði þar sem farþegar eru teknir eða þeim skilað:  
.....  
.....
2. Rekstrartímabil<sup>(1)</sup> : .....
3. Ferðatíðni<sup>(1)</sup>: .....
4. Tímaáætlun<sup>(1)</sup>: .....
5. Lýsing á öðrum óreglubundnum flutningum<sup>(1)</sup>:.....  
.....
6. Sérstakir reglubundnir flutningar<sup>(1)</sup>:
  - tegund farþega:.....
  - stofnun sem flutt er fyrir:  
.....
7. Í flutningum í eigin þágu:
  - leiðarlýsing<sup>(1)</sup>:  
.....  
.....
8. Önnur skilyrði eða sératriði:  
.....  
.....  
.....

.....  
(Stimpill yfirvaldsins sem gefur leyfið út)

<sup>(1)</sup> Strikið út það sem á ekki við.

(Þriðja síða leyfis)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála  
EFTA-ríkisins sem gefur út leyfið

#### Áríðandi atriði

1. Leyfið gildir fyrir alla ferðina. Einungis þeim er ber nafnið sem stendur í leyfinu er heimilt að nota það.
2. Leyfið eða afrit af því, staðfest af yfirvaldinu sem gaf leyfið út, skal geymt í ökutækinu alla ferðina og ber að framvísa því þegar viðurkenndir eftirlitsmenn krefjast þess.



## VIÐAUKI V

(Fyrst síða vottorðs)  
(Gulur pappír — A4)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála EFTA-ríkisins þar sem ökutækið er skráð

RÍKIÐ ÞAR SEM SKJALIÐ ER GEFIÐ ÚT  
— Auðkenni lands<sup>(1)</sup> —

Lögbært yfirvald  
.....

## VOTTORÐ

gefið út til flutninga í eigin þágu með hópbifreiðum milli ríkja sem eru annaðhvort aðildarríki EB eða EFTA-ríki<sup>(\*)</sup>(<sup>2</sup>).

til .....

(Þessi hluti er fyrir fyrirtækið eða samtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni)

Undirritaður .....

ábyrgðarmaður fyrir fyrirtækið eða samtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni<sup>(2)</sup>

.....  
(Nafn eða opinbert heiti, fullt heimilisfang)

vottar að:

hópbifreið með skráningarnúmer:.....  
er eign þessa(ra) aðila eða fengin með afborgunarskilmálum eða með langtímaleigusamningi.

Ökutækinu sem notað er við flutningana sem stundaðir eru í samræmi við þetta vottorð er ekið af starfsmönnum fyrirtækisins og það notað til flutninga á starfsmönnum eða félögum í samtökunum fyrir félagsmenn í sambandi við markmið samtakanna<sup>(3)</sup>.

.....  
(Undirskrift forstjóra fyrirtækisins eða samtaka sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni)

(<sup>1</sup>) Ísland (IS), Noregur (N), Austurríki (A), Finnland (FIN), Svíþjóð (S).

(<sup>2</sup>) Aðildarríki EB eru: Belgía, Danmörk, Þýskaland, Grikkland, Spánn, Frakkland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Portúgal, Breska konungsríkið. EFTA-ríkin eru: Ísland, Noregur, Austurríki, Finnland og Svíþjóð.

(<sup>2</sup>) 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92, eins og hún var aðlöguð vegna EES-samningsins.

(<sup>3</sup>) Stríkið út það sem á ekki við.

(Önnur síða vottorðs)

(Þessi hluti er fyrir lögbært yfirvald)

Þetta er vottorð í skilningi 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92, eins og hún var aðlöguð vegna EES-samningsins.

Gildistími leyfis: .....

hinn,..... í/á .....

.....  
(Undirskrift og stimpill yfirvaldsins sem gefur vottorðið út)

ÍSLENSK ÚTGÁFA

(Þriðja sýða vottorðs)

Ritað á hinu opinbera tungumáli eða -málum eða einu hinna opinberu tungumála EFTA-ríkisins þar sem ökutækið er skráð

#### ALMENN ÁKVÆÐI

1. Ákvæði 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92, eins og hún var aðlöguð vegna EES-samningsins, hljóðar svo:

„Flutningar í eigin þágu eru flutningar sem fyrirtæki annast í þágu eigin starfsmanna eða samtök, sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, annast fyrir félagi sína í tengslum við samkomur svo fremi:

- flutningarnir séu aukastarfsemi fyrir fyrirtækið eða samtökin,
- ökutækin sem notuð eru séu í eigu fyrirtækisins eða samtakanna eða hafi verið keypt með afborgunum eða langtímaleigusamningi og starfsmaður fyrirtækisins eða samtakanna aki þeim.”

Ákvæði 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar, eins og hún var aðlöguð vegna EES-samningsins, hljóðar svo:

„Flutningar á vegum í eigin þágu sem tilgreindir eru í 4. lið 2. mgr. eru undanþegnir hvers konar kerfi leyfisveitinga en bundnir vottorðakerfi.”

2. Vottorð þetta heimilur handhafa þess að stunda flutninga á vegum milli landa í eigin þágu. Það er gefið út af lögbæru yfirvaldi EB- eða EFTA-ríkisins sem ökutækið er skráð í og gildir fyrir alla ferðina, þar með talið í umflutningi.
3. Vottorðið skal útfyllt með óafmáanlegu lettri í hástöfum í þríriti af fyrirtækinu eða samtökum sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni og af lögbæru yfirvaldi. Eitt afrit skal vera hjá stjórnsýslunni og annað geymt hjá fyrirtækinu eða samtökum, sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Frumrit eða staðfest afrit skal vera í ökutækinu í hverri ferð milli landa. Því skal framvísað hvenær sem viðurkenndir eftirlitsmenn krefjast þess. Fyrirtækið eða samtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni, eftir því sem við á, bera ábyrgð á því að vottorðin séu rétt færð.

**4. VIÐBÆTUR**

**SKJÖL Í VIÐAUKUM VIÐ REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) NR. 2454/92, EINS OG HÚN  
VAR AÐLÖGUÐ VEGNA EES-SAMNINGSINS**

**(SJÁ AÐLÖGUNARLIÐ e) Í LIÐ 33a Í XIII. VIÐAUKA VIÐ SAMNINGINN)**

ÍSLÆNSK útgáfa

## VIÐAUKI I

## FYRIRMYND AÐ LEYFI SEM UM GETUR Í FYRSTU UNDIRGREIN 5. GR.

(Appelsínugulur pappír, stærð DIN — A4)

(Fyrsta síða leyfis)

(Ritað á opinberu tungumáli eða tungumálum EFTA-ríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu.)

EFTA-staðfesturíki  
Auðkenni lands<sup>(1)</sup>

Lögbært yfirvald eða umboðsskrifstofa

Leyfi nr. ....

til farþegaflutninga á vegum innanlands gegn gjaldi í öðru EB- og EFTA-ríki en EFTA-staðfesturíkinu (gestaflutningar).

Með þessu leyfi er staðfest að:

.....  
.....  
.....<sup>(2)</sup>

hefur leyfi samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið til að stunda innanlandsflutninga með farþega á vegum á sviði flutninga milli landa.

Eftirfarandi takmarkanir, með þeim viðurlögum sem mælt er fyrir um, gilda:

EB- eða EFTA-ríkið þar sem takmarkanirnar gilda Tegund og tímamörk takmarkananna  
Alþjóðlegt auðkenni lands<sup>(3)</sup>

Þetta leyfi gildir frá ..... til .....

Gefið út ....., dagsetning .....

.....<sup>(4)</sup>

- <sup>(1)</sup> Alþjóðleg auðkenni EFTA-ríkja eru: Ísland (IS), Noregur (N), Austurríki (A), Finnland (FIN), Svíþjóð (S).
- <sup>(2)</sup> Aðildarríki EB eru: Belgía, Danmörk, Þýskaland, Grikkland, Spánn, Frakkland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Portúgal, Breska konungsríkið. EFTA-ríkin eru: Ísland, Noregur, Austurríki, Finnland, Svíþjóð.
- <sup>(3)</sup> Nafn eða firmanafn og fullt heimilisfang flutningafyrirtækis.
- <sup>(4)</sup> Alþjóðleg auðkenni EB- og EFTA-ríkja eru: Belgía (B), Danmörk (DK), Þýskaland (D), Grikkland (GR), Spánn (E), Frakkland (F), Írland (IRL), Ítalía (I), Lúxemborg (L), Holland (NL), Portúgal (P), Breska konungsríkið (GB). Ísland (IS), Noregur (N), Austurríki (A), Finnland (FIN), Svíþjóð (S).
- <sup>(4)</sup> Undirskrift og stimpill lögbæra yfirvaldsins eða skrifstofunnar sem gaf út leyfið.

(Önnur síða leyfis)

(Ritað á opinberu tungumáli eða tungumálum EFTA-ríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu.)

#### Almenn ákvæði

Leyfið er veitt til gestaflutninga í EB- og EFTA-ríkjum, í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2454/92 frá 23. júlí 1992 (Stjtið. EB nr. L 251, 29. 8. 1992, bls. 1), eins og hún var aðlöguð vegna EES-samningsins, um skilyrði fyrir því að flutningafyrirtæki stundi farþegaflutninga á vegum innanlands í EB- og EFTA-ríki sem það hefur ekki aðsetur í.

Leyfið er bundið leyfishafa og óheimilt að framselja það.

Lögbær yfirlönd í EFTA-staðfesturíkinu geta afturkallað leyfið, t.d. ef flutningafyrirtækið hefur:

- ekki uppfyllt öll skilyrðin sem sett voru fyrir leyfisveitingunni ;
- gefið ónákvæmar upplýsingar að því er varðar gögn sem krafist var vegna útgáfu eða endurnýjunar leyfisins.

Lögbær yfirlönd EB- eða EFTA-ríkis geta innkallað staðfest leyfi ef það er falsað.

Geyma þarf frumrit eða staðfest afrit af leyfi eða vottorði í ökutækinu og ber að framvísa því hvenær sem viðurkenndur eftirlitsmaður krefst þess.

## VIÐAUKI II

**FYRIRMYND AÐ AKSTURSSKRÁRHEFTUM SEM UM GETUR Í 4. MGR. 6. GR.**

(Appelsínugulur pappír, stærð DIN — A4)

(Kápa akstursskrárheftisins)

(Ritað á opinberu tungumáli eða tungumálum EFTA-ríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu.)

EFTA-staðfesturíki

Lögbært yfirvald eða umboðsskrifstofa

Alþjóðlegt auðkenni

EFTA-ríkis(\*)

Hefti nr. ....

AKSTURSSKRÁRHEFTI FYRIR GESTAFLUTNINGA (FARÞEGAR), gefið út í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2454/92 frá 23. júlí 1992 (Stjtíð. EB nr. L 251, 29. 8. 1992, bls. 1), eins og hún var aðlöguð vegna EES-samningsins, um skilyrði fyrir því að flutningafyrirtæki stundi farþegaflutninga á vegum innanlands í EB- eða EFTA-ríki sem það hefur ekki aðsetur í(\*).

Hefti þetta gildir til .....

Gefið út....., dagsetning .....

.....(\*)

(\*) Alþjóðleg auðkenni EFTA-ríkja: Ísland (IS), Noregur (N), Austurríki (A), Finnland (FIN), Svíþjóð (S).

(\*) EB-ríkin eru: Belgía, Danmörk, Þýskaland, Grikkland, Spánn, Frakkland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Portúgal, Breska konungsríkið.

(\*) Undirskrift og stimpill lögbæra yfirvaldsins eða skrifstofunnar sem gaf út leyfið.

(Innan á kápu akstursskrárheftisins)

(Ritað á opinberu tungumáli eða tungumálum EFTA-ríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu)

#### Almenn ákvæði

1. Í þessu hefti eru 25 blöð, tölusett frá 1 til 25, sem taka má úr því og þarf að útfylla eitt þeirra áður en lagt er upp í viðkomandi ferð í gestaflutningum. Hvert hefti er tölusett og er það númer á hverri síðu.

Í sérstökum reglubundnum flutningum, sem um getur í öðrum undirlið 6. liðar í þessum almennu ákvæðum, skal akstursskráin fyllt út sem mánaðarleg skýrsla þar sem gefnir eru upp í 4. og 5. lið allir dagar sem þjónustan var veitt.

2. Flutningafyrirtækið ber ábyrgð á að akstursskrárnar séu fylltar út eins og vera ber.
3. Akstursskráin ásamt þýðingum á henni skal geymd í ökutækinu alla ferðina. Ber ætíð að framvísa henni þegar viðurkenndur eftirlitsmaður krefst þess.

Í sérstökum reglubundnum flutningum sem um getur í öðrum undirlið 6. liðar þessara almennu ákvæða er samningurinn milli flutningafyrirtækisins og skipuleggjanda flutninganna, eða staðfest afrit af samningnum, notaður sem eftirlitsskjal.

4. Akstursskráin skal fyllt út með læsilegu og óafmáanlegu lettri.
5. Akstursskráreyðublöðin skulu send lögbæru yfirvaldi eða umboðsskrifstofu EFTA-staðfesturíkisins.
6. Athygli er vakin á því að:

- óreglubundnir flutningar, gestaflutningar eru takmarkaðir við hópferðir fram til 31. desember 1995. Öllum er stunda óreglubundna flutninga er heimilt að stunda gestaflutninga frá þeim degi;
- reglubundnir flutningar, gestaflutningar eru takmarkaðir við sérstaka reglubundna flutninga á landamærasvæðum, ætlaða til að flytja starfsmenn að heiman til og frá vinnu og nemendur til og frá skóla. Aðrir reglubundnir flutningar eru óheimilir sem gestaflutningar.

7. Við framkvæmd gestaflutninga skal farið að lögum og stjórnsýslufyrirmælum EB- eða EFTA-gistiríkisins, nema reglur bandalagsins, eins og þær voru aðlagðar vegna EES-samningsins, kveði á um annað, að því er varðar eftirfarandi atriði:

- a) fargjöld og skilmála sem gilda í flutningasamningum;
- b) þyngd og mál ökutækja; þyngd og mál má fara yfir þau mörk sem gilda í EFTA-staðfesturíkinu en aldrei yfir mörkin sem sett eru í samræmisvottorðinu;
- c) kröfur er varða flutninga á sérstökum hópum farþega, þ.e. skólabörnum, börnum og fólki með skerta hreyfigetu;
- d) aksturs- og hvíldartíma;
- e) VSK (virðisaukaskattur) eða veltuskattur á flutningastarfsemi.

8. Tækniastaðlar um gerð og búnað ökutækja sem notuð eru í innanlandsflutningum skulu vera hinir sömu og tækniastaðlar fyrir ökutæki í millilandflutningum.



**FYRIRMYND AÐ AKSTURSSKRÁ SEM UM GETUR Í 3. MGR. 6. GR.**

HEFTI nr. ....

**Akstursskrá nr. ....  
Gestaflutningar (farþegar)**

(Appelsínugulur pappír — DIN A4)

EFTA-staðfesturki - Alþjóðlegt auðkenni lands: .....

Hefi nr.: .....

Akstursskrá nr.: .....

1. Nafn ökumanns eða ökumanna: .....  
.....  
.....
2. Nafn flutningafyrirtækis eða -fyrirtækja: .....  
.....  
.....
3. Leið:
  - a) Brottfararstaðir: .....  
.....
  - b) Ákvörðunarstaðir: .....  
.....
  - c) Heildarvegalengd: .....  
.....
4. Brottfarardagur: .....
5. Heimkomudagur: .....
6. Farþegafjöldi: .....
7. Ófyrirséðar breytingar á ferðinni: .....  
.....  
.....

## VIÐAUKI III

FYRIRMYND AD ORÐSENDINGUNNI SEM UM GETUR Í ANNARRI UNDIRGREIN 1.  
MGR. 7. GR. Í REGLUGERÐ RÁÐSINS (EBE) 2454/92, EINS OG HÚN VAR AÐLÖGUD  
VEGNA SAMNINGSINS UM EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ

INNANLANDSFLUTNINGAÞJÓNUSTA VEITT Í ..... (ÁRSFJÓRÐUNGUR) .....(ÁR) AF  
FLUTNINGAFYRIRTÆKJUM MEÐ STAÐFESTU Í (ALÞJÓÐLEGT AUÐKENNI EB- OG EFTA-  
RÍKJA)

EB- eða EFTA-gistiríki	Farþegafjöldi		Farþegafjöldi/km	
	Tegund þjónustu		Tegund þjónustu	
	sérstakir reglubundnir flutningar	óreglubundnir flutningar	sérstakir reglubundnir flutningar	óreglubundnir flutningar
B				
DK				
D				
GR				
E				
F				
IRL				
I				
L				
NL				
P				
GB				
A				
FIN				
IS				
N				
S				
Gestaflutningar samtals				

## 12. viðauki við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94

XIV. VIÐAUKA við EES-samninginn (SAMKEPPNI) skal breytt sem að aftan segir.

### a) Kafli C. NYTJALEYFISSAMNINGAR VEGNA EINKALEYFA

1. Eftirfarandi undirliður bætist við 5. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2349/84) á undan aðlöguninni:

„- **393 R 0151:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 151/93 frá 23. desember 1992 (Stjtíð. EB nr. L 21, 29. 1. 1993, bls. 8).”

### b) Kafli D. SAMNINGAR UM SÉRHLÆFINGU, RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

1. Eftirfarandi undirliður bætist við 6. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 417/85) á undan aðlöguninni:

„- **393 R 0151:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 151/93 frá 23. desember 1992 (Stjtíð. EB nr. L 21, 29. 1. 1993, bls. 8).”

2. Eftirfarandi undirliður bætist við 7. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 418/85) á undan aðlöguninni:

„- **393 R 0151:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 151/93 frá 23. desember 1992 (Stjtíð. EB nr. L 21, 29. 1. 1993, bls. 8).”

### c) Kafli F. NYTJALEYFISSAMNINGAR UM KUNNAFTU

1. Eftirfarandi bætist við 9. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 556/89) á undan aðlöguninni:

„, eins og henni var breytt með:

- **393 R 0151:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 151/93 frá 23. desember 1992 (Stjtíð. EB nr. L 21, 29. 1. 1993, bls. 8).”

### d) Kafli G. FLUTNINGASTARFSEMI

1. Eftirfarandi nýir liðir komi aftan við 11. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86).

11a. **393 R 3652:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3652/93 frá 22. desember 1993 um beitingu 3. mgr. 85. gr sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga milli fyrirtækja um tölvufarskráningarkerfi fyrir flugrekstur (Stjtíð. EB nr. L 333, 31. 12. 1993, bls. 37).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) í 1. mgr. 9. gr. skal hugtakið „bandalagsflugfélög” hljóða „flugfélög með staðfestu á yfirráðasvæðinu sem EES-samningurinn tekur til”;

b) í 4. mgr. 9. gr. komi nýr málslíður aftan við annan málslíð svohljóðandi: „Þar til bært eftirlitsfirvald skal einnig upplýsa sameiginlegu EES-nefndina.”;

c) í 14. gr., inngangsgrein, skal klausan „Á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3976/87” hljóða „annaðhvort að frumkvæði þar til bærrar eftirlitsstofnunar eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklings eða lögpersónu sem á lögmætra hagsmuna að gæta”;

d) eftirfarandi bætist við í lok 14. gr.: „Í slíkum tilvikum er þar til bærrar eftirlitsstofnunar heimilt, í samræmi við 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87, eða samsvarandi ákvæði samkvæmt bókun 21 við EES-samninginn, að gera allar viðeigandi ráðstafanir í því skyni að binda enda á brot. Áður en slík ákvörðun er tekin getur þar til bærrar eftirlitsstofnunar sent hlutaðeigandi tilmæli um að binda enda á brot.”;

- e) önnur málsgrein 15. gr. hljóði:

„Þessi gerð gildir afturvirkir um samninga sem eru í gildi við gildistöku EES-samningsins, frá þeim tíma sem skilyrði fyrir beitingu þessarar gerðar voru uppfyllt.”

11b. **393 R 1617:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1617/93 frá 25. júní 1993 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða varðandi sameiginlega áætlunargerð og samræmda ferðaáætlun, sameiginlegan rekstur, samráð um fargjöld og farmgjöld í áætlunarflugi og um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum (Stjtíð. EB nr. L 155, 26. 6. 1993, bls. 18).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) í 1. gr. skal hugtakið „bandalagsflugvellir” hljóða „flugvellir á fyrrráðasvæðinu sem EES-samningurinn tekur til”;
- b) í 6. gr., inngangsgrein, skal klausan „Á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3976/87” hljóða „annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklings eða lögpersónu sem á lögmætra hagsmuna að gæta”;
- c) eftirfarandi bætist við í lok 6. gr.: „Í slíkum tilvikum er þar til bærrí eftirlitsstofnun heimilt, í samræmi við 13. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3975/87, eða samsvarandi ákvæði samkvæmt bókun 21 við EES-samninginn, að gera allar viðeigandi ráðstafanir í því skyni að binda enda á brot. Áður en slík ákvörðun er tekin getur þar til bær eftirlitsstofnun sent hlutaðeigandi tilmæli um að binda enda á brot.”;
- d) síðasta málsgrein 7. gr. hljóði:

„Þessi gerð gildir afturvirkir um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem eru í gildi við gildistöku EES-samningsins, frá þeim tíma sem skilyrði fyrir beitingu þessarar gerðar voru uppfyllt.”

#### e) Kafi I. KOL OG STÁL

1. Eftirfarandi undirliður bætist við 15. lið (ákvörðun hins háa yfirvalds nr. 25/67) á undan aðlöguninni:

„- **391 S 3654:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 3654/91/KBE frá 13. desember 1991 (Stjtíð. EB nr. L 348, 17. 12. 1991, bls. 12).”

- f) Eftirfarandi nýr kafli og nýir liðir komi aftan við 15. lið (ákvörðun hins háa yfirvalds nr. 25/67)

#### „J. TRYGGINGAR

15a. **392 R. 3932:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3932/92 frá 21. desember 1992 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði trygginga (Stjtíð. EB nr. L 398, 31. 12. 1992, bls. 7).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) í 17. gr., inngangsgrein, skal klausan „samkvæmt 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1534/91” hljóða „annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklings eða lögpersónu sem á lögmætra hagsmuna að gæta”;
- b) eftirfarandi málsgrein bætist við í lok 17. gr.: „Í slíkum tilvikum er þar til bærrí eftirlitsstofnun heimilt að gefa út ákvörðun í samræmi við 6. og 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 17/62, eða samsvarandi ákvæði samkvæmt bókun 21 við EES-samninginn, án þess að viðkomandi fyrirtækjum sé gert að tilkynna það”;
- c) 18. gr. gildir ekki;
- d) 19. gr. gildir ekki;
- e) 20. gr. gildir ekki;
- f) 21. gr. hljóði: „Gerð þessi gildir til 31. mars 2003.”

#### GERÐIR SEM FRAMKVÆMDASTJÓRN EB OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL

Eftirfarandi bætist aftan við 25. lið (C/233/91/bls. 2) sem nýr hluti:

#### „ALMENNT

- I. Framkvæmdastjórn EB samþykkti ofangreindar gerðir fram til 31. júlí 1991. Við gildistöku samningsins skulu tilsvandri gerðir samþykktar af eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. og 25. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Þær skulu birtar í samræmi við bréfastípti um birtingu upplýsinga sem tengjast EES.

II. Að því er EES-tengdar gerðir samþykktar af framkvæmdastjórn EB eftir 31. júlí 1991 varðar, skal eftirlitsstofnun EFTA, í samræmi við umboð sitt samkvæmt samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, samþykka, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, tilsvaramandi gerðir svo að samkeppnisskilyrði verði áfram jöfn. Gerðir samþykktar af framkvæmdastjórninni verða

ekki teknar upp í þennan viðauka en í EES-viðbæti við Stjórnartíðindin verður vísað til birtingar þeirra í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins. Tilsvaramandi gerðir samþykktar af eftirlitsstofnun EFTA skal birta í EES-viðbæti og EES-deild Stjórnartíðindanna. Eftirlitsstofnanirnar báðar skulu taka tilhlýðilegt til þessara gerða í málum sem heyra undir þær samkvæmt samningnum.”.

## 13. viðauki við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94

**XV. VIÐAUKA við EES-samninginn (RÍKISAÐSTOÐ) skal breytt sem að aftan segir.**

### GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL

a) Opinber fyrirtæki:

1.a) Eftirfarandi undirliður bætist við 1. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE) á undan aðlögunarliðunum:

„- **393 L 0084:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/84/EBE frá 30. september 1993 (Stjttíð. EB nr. L 254, 12. 10. 1993, bls. 16).”

b) Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við 1. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE):

„c) Í annarri undirgrein 3. mgr. 5. gr. a skal „í aðildarríkjunum” hljóða „í EB-ríkjum eða EFTA-ríkjum”.”

b) Eftirfarandi ný fyrirsögn og nýr liður komi aftan við 1. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE):

„Aðstoð við stáliðnaðinn

1a. **391 S 3855:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 3855/91/KSE frá 27. nóvember 1991 um bandalagsreglur um aðstoð við stáliðnaðinn (Stjttíð. EB nr. L 362, 31. 12. 1991, bls. 57).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) hugtakið „framkvæmdastjórn” lesist sem „þar til bært eftirlitsyfirlald samkvæmt 62. gr. EES-samningsins”;

b) hugtakið „viðskipti milli aðildarríkja” lesist „viðskipti milli samningsaðila”;

c) hugtakið „samrýmanlegt hinum sameiginlega markaði” lesist „samrýmanlegt framkvæmd EES-samningsins”;

d) í öðrum undirlið 1. mgr. 4. gr. bætist eftirfarandi við: „eða, ef EFTA-ríki á í hlut, að aðstoðin í hlutfalli við greiðslurnar verði ekki meiri en stálfyrirtæki í EB fengi við slíkar aðstæður”;

e) í 1. mgr. 6. gr. skal „samkvæmt EBE-sáttmálanum” hljóða „samkvæmt EBE-sáttmálanum eða samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls”;

f) í 4. mgr. 6. gr. skal „88. gr. stofnsáttmálans” hljóða „88. gr. sáttmálans og tilsvareandi málsmeðferð samkvæmt samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls”.

### GERÐIR SEM FRAMKVÆMDASTJÓRN EB OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL

Eftirfarandi nýr hluti komi aftan við 37. lið (C/320/88/bls. 3):

### „ALMENNT

I. Framkvæmdastjórn EB samþykkti ofangreindar gerðir fram til 31. júlí 1991. Við gildistöku samningsins skulu tilsvareandi gerðir samþykktar af eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. og 24. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Þær skulu birtar í samræmi við bréfaskipti um birtingu upplýsinga sem tengjast EES.

ÍSLÆNSK ÚTGAFA

II. Að því er EES-tengdar gerðir samþykktar af framkvæmdastjórn EB eftir 31. júlí 1991 varðar, skal eftirlitsstofnun EFTA, í samræmi við umboð sitt samkvæmt samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, samþykkja, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, tilsvaramandi gerðir svo að samkeppnis skilyrði verði áfram jöfn. Gerðir samþykktar af framkvæmdastjórninni verða ekki teknar upp í þennan viðauka. Við birtingu þeirra

í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins mun koma fram hvernig þær tengjast EES og vísað til þessara birtingar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindin. Tilsvaramandi gerðir samþykktar af eftirlitsstofnun EFTA skal birta í EES-viðbæti og EES-deild Stjórnartíðindanna. Eftirlitsstofnanirnar báðar skulu taka tilhlýðilegt tillit til þessara gerða í málefnum sem heyra undir þær samkvæmt samningnum.”.

## 14. viðauki við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/94

XVI. VIÐAUKA við EES-samninginn (OPINBER INNKAUP) skal breytt sem að aftan segir.

### a) AÐLÖGUN Á TILTEKNUM SVIÐUM

Í 1. mgr. komi tilvísanir í tilskipanir 93/36/EBE, 93/37/EBE og 93/38/EBE í stað tilvísana í tilskipanir 71/305/EBE, 89/440/EBE og 90/531/EBE.

### b) GERÐIR SEM VÍSAD ER TIL

1. Í stað 2. liðar (tilskipun ráðsins 71/305/EBE) komi:

„2. **393 L 0037:** Tilskipun ráðsins 93/37/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga (Stjtið. EB nr. L 199, 9. 8. 1993, bls. 54).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) í a-lið 5. gr. skal „í samræmi við stofnsáttmála EBE“ hljóða „í samræmi við EES-samninginn“;

b) ef virðisaukaskattur verður ekki tekinn upp í Finnlandi, þá skal hann í 1. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 6. gr. merkja:

- „Liikevaihtovero/omsättningskatt“ í Finnlandi;

c) í a-lið 2. mgr. 6. gr. skal útreikningur á viðmiðunarfrjárhæð í gjaldmiðlum EFTA-ríkjanna miðast við gildistökudag EES-samningsins og skal endurskoða hana að jafnaði annað hvert ár frá og með 1. janúar 1994 og birta í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins;

d) Eftirfarandi bætist við 25. gr.:

„- í Austurríki Firmenbuch, Gewerberegister, Mitgliederverzeichnisse der Landes-

kammern;

- í Finnlandi Kaupparekisteri, Handelsregistret;

- á Íslandi Firmaskrá;

- í Noregi Foretaksregisteret;

- í Svíþjóð Aktiebolagsregistret, Handelsregistret, Föreningsregistret“;

e) í 1. mgr. 34. gr. komi dagsetningin 31. október 1995 í stað 31. október 1993;

f) við I. viðauka bætist 1. viðbætur við þennan viðauka.”

2. Í stað 3. liðar (tilskipun ráðsins 77/62/EBE) komi, frá 14. júní 1994 í fyrsta lagi:

„3. **393 L 0036:** Tilskipun ráðsins 93/36/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup (Stjtið. EB nr. L 199, 9. 8. 1993, bls. 1).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) í 3. gr. komi í stað tilvísunar í „b-lið 1. mgr. 223. gr. í sáttmálanum“ tilvísun í „123. gr. EES-samningsins“;

b) ef virðisaukaskattur verður ekki tekinn upp í Finnlandi, þá skal hann í a-lið 1. mgr. 5. gr. merkja:

- „Liikevaihtovero/omsättningskatt“ í Finnlandi;



- c) að því gefnu að viðmiðunarfjárhæð í ECU gildi aðeins á EES skulu eftirfarandi orð felld burt úr c-lið 1. mgr. 5. gr.:
- í fyrsta málslið: „og viðmiðunarmarkið í GATT-samkomulaginu í ECU“;
  - í öðrum málslið: „og gengi ECU miðað við SDR“;
- d) í c-lið 1. mgr. 5. gr. skal útreikningur á viðmiðunarfjárhæð í gjaldmiðlum EFTA-ríkjanna miðast við gildistöku EES-samningsins;
- e) eftirfarandi bætist við 2. mgr. 21. gr.:
- „ í Austurríki: Firmenbuch, Gewerberegister, Mitgliederverzeichnisse der Landes-kammern;
- í Finnlandi: Kaupparekisteri, Handelsregistret;
  - á Íslandi: Firmaskrá;
  - í Noregi: Foretaksregisteret;
